ELÍSABET COCHRAN

*Á kápu sem gengur frá móður til dóttur*

tíska heilsa heimili

allt Í MIÐJU BLAÐSINS




FARIÐ Á FJÖLL

*Galvaskir Gemlingar*

Sérblað um jeppa og fjallamennsku

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG








# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

8. nóvember 2007 — 304. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR



### Næturvakt verður dagvakt

Georg Bjarnfreðarson hrellir viðskiptavinina enn á ný.

FÓLK 58

### Sérhagsmunagæsla

„Ísland er fákeppnisland fyrst og fremst vegna þess, að stjórnvöld hafa frá fyrstu tíð verið á bandi framleiðenda og skeytingarlaus um hag neytenda," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 30

### Verk eftir íslenskan dansara í Stokkhólmi



Gunnlaugur Egilsson, hefur samið dansverk sem verður frumsýnt annað kvöld í Konunglega leikhúsinu.

MENNING 38

### Á fullri ferð



Jón Ingi Þorvaldsson tekur þátt í Palmer Audi-formúlunni sem fram fer í Englandi. Hann byrjaði í mótorsportinu fyrir nokkrum árum.

ÍÞRÓTTIR 52

## VEÐRIÐ Í DAG




**HÆGUR VINDUR OG BJARTVIÐRI** um mest allt land, en skúrir eða slydduél á annesjum vestanlands. Hiti rétt yfir frostmarki vestanlands, en frost nyrðra.

VEÐUR 4

# Breyta á heilbrigðiskerfinu að norrænni fyrirmynd

**Innkaupastofnun mun skilja á milli kaupenda og seljenda í heilbrigðiskerfinu. Hlutverk stofnunarinnar verður að kaupa einstök verk af heilbrigðisstofnunum. Á að gera reksturinn hagkvæmari segir ráðherra.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Skilið verður á milli kaupenda og seljenda í heilbrigðiskerfinu og til verður ný innkaupastofnun, nái hugmyndir Guðlaugs Þórs Þórðarsonar heilbrigðisráðherra fram að ganga.

Hann segir markmiðið að auka gegnsæi og hagkvæmni. Notendur þjónustunnar muni ekki finna mun en þeir fái ef til vill fleiri valkosti. Breytingin tengist ekki breyttu greiðslufyrirkomulagi eða öðru slíku hjá þeim sem njóta þjónustunnar.

Kaupandinn er í nær öllum tilvikum ríkið sem greiðir fyrir aðgerðir og aðra þjónustu. Seljendur þjónustunnar eru svo að miklum hluta ríkisstofnanir á borð við Landspítalann og aðrar heilbrigðisstofnanir. Við breytingarnar verður til stofnun þarna á milli sem semur um kaup á þjónustu.

„Það hefur mikið verið kallað eftir þessu, til dæmis á Landspítalanum og fleiri stofnunum, að það verði betur skilgreint hvað er verið að borga fyrir, og hvernig," segir Guðlaugur Þór.

Miðað er við að innkaupastofnunin taki til starfa seint á næsta ári. Hún hefur ekki hlotið nafn en gengur í ráðuneytinu undir vinnuheitinu Sjúkratryggingar.

„Undirliggjandi markmið er að vera með enn betri heilbrigðisþjónustu en við erum með nú. Það er í sjálfu sér ekki mikil róttækni í þessu. Við erum að líta til þeirra landa sem við berum okkur saman við, Norðurlandanna og þá sérstaklega Svíþjóðar, og læra af þeim," segir Guðlaugur Þór.

Fyrirkomulagið mun virka þannig að innkaupastofnunin, eða Sjúkratryggingarnar, munu kaupa tiltekinn fjölda aðgerða af heilbrigðisstofnunum og semja um greiðslur. Notaðar verða ákveðnar mælieiningar til að meta afköst kerfisins. Faglegt eftirlit í heilbrigðiskerfinu verður að stærstum hluta hjá Landlækni en fjárhagslegt eftirlit verður hjá innkaupastofnuninni og hjá Ríkisendurskoðun, segir Guðlaugur Þór.

Þessum breytingum er ekki ætlað einum og sér að leysa úr rekstrarvanda heilbrigðisstofnana. Þeim er þó ætlað að auka hagkvæmni kerfisins og skýra markmið hverrar stofnunar fyrir sig betur en verið hefur. - bj



**STÍGÐU ÓFEIMIN STÚLKA UPP** Svo hljóðar fyrsti hluti vísunnar sem rituð er í minnisvarða um Bríeti Bjarnhéðinsdóttur kvenréttindakonu. Borgarstjóri afhjúpaði minnisvarðann í gær. Verkið er hringlaga stétt úr graníti, en á henni er algengt útsaumsmunstur frá 19. öld. Munstrið má finna á klæði sem Bríet sjálf saumaði og gaf dóttur sinni, Laufeyju Valdimarsdóttur. Í kringum munstrið er vísan, sem er talin vera eftir Bríeti, rituð með rithönd hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Granítstétt í Þingholtunum:

# Minnisvarði reistur um merka konu

**FÓLK Minnisvarði um kvenréttindakonuna Bríeti Bjarnhéðinsdóttur var afhjúpaður í gær. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri afhjúpaði minnisvarðann, sem stendur á horni Þingholtsstrætis og Amtmannsstígs. Bríet átti heima í Þingholtsstræti 18 og þar var Kvenréttindafélag Íslands stofnað fyrir 100 árum.**

**Verkið er eftir Ólöfu Nordal listakonu. „Hugmyndin að verkinu er að það myndi stað þar sem fólk getur komið saman og átt samræður," segir Ólöf. Hún segir verkið vera flatt en utan um það séu brekkur. Það sé hugsað þannig að gengið sé í nærveru og faðm Bríetar þegar komið sé að því.**

- þeb

Glerbrot og sóðaskapur valda íbúum miðborgarinnar vandræðum:

# Oft springur á barnavögnum

**REYKJAVÍK** „Ég hef unnið hér í um 25 ár og séð almennan sóðaskap aukast og þrifum á götunum fara hnignandi," segir Magnús Örn Óskarsson, viðgerðarmaður á reiðhjólaverkstæðinu Borgarhjól á Hverfisgötu 50. Hann segist vart hafa undan í starfi sínu, svo títt springi á dekkjum barnavagna og reiðhjóla vegna glerbrota á götum miðborgarinnar.

„Fólk heldur hreinlega að dekkin séu gölluð vegna þess hve oft springur á barnavögnunum en svo er ekki. Sóðaskapurinn er bara orðinn svo mikill í borginni og þrifum greinilega ábótavant," segir Sigríður Arngrímsdóttir í fjölskyldufyrirtækinu Vörðunni á Grettisgötu, sem hefur selt barnavagna í meira en fjórutíu ár. Hún segir suma foreldra íhuga að skipta yfir í gamaldags dekk sem ekki eru loftfyllt. „Þau eru samt ekki eins góð og loftdekkin, það er svo ægilega góð og mikil mýkt í þeim og synd að fólk neyðist til að skipta," segir Sigríður.

Magnús segir að vissulega hafi þetta í för með sér aukin viðskipti. „Þegar fólk kemur með börn í vögnum sem sprungið er á verður maður auðvitað að sinna því og ýta öðrum verkum frá," segir Magnús, sem segist hneykslaður á sinnuleysi borgarinnar í þrifum sem bitni svo á saklausu fólki. - kdk










**SPURNING DAGSINS**



*Bjarki, kallast þetta ekki að leika tveimur skjöldum?*

„Ja, er ekki eins dauði annars brauð?“

Afturelding 2, eða Júmboys, er komið áfram í átta liða úrslit í Eimskipsbikar karla í handbolta en aðalliðið Aftureldingar er dottið úr leik. Bjarki Sigurðsson þjálfar aðalliðið en spilar með Júmboys.

Fulltrúar Kennarasambandsins vilja ekki afgreiða frumvarp ráðherra úr nefnd:

# Hafna framhaldsskólalögum

**MENNTUN** Fulltrúar Kennarasambands Íslands hafna því að taka þátt í að afgreiða væntanlegt frumvarp um lög um framhaldsskóla úr nefnd, enda sé engin sátt um þau í veigamiklum atriðum.

Lagatextinn „er ekki afrakstur eðlilegs og lýðræðislegs samstarfs“, segir í yfirlýsingu fulltrúanna, sem send var trúnaðarmönnum kennara í gær. Hann sé „fyrst og fremst verk embættismanna menntamálaráðherra“.

Kennarar finna frumvarpi Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur menntamálaráðherra fjölmargt til foráttu. Þeir telja ýmsar tillögur í því óraunhæfar og óskýrar. Til dæmis tryggi það ekki gjaldfrjálsa skólagöngu til átján ára aldurs. Kostnaður nemenda vegna innritunar, námsgagna og efniskaupa verði áfram mikill.

Frumvarpið kveði heldur ekki á um nauðsynlegan sveigjanleika í námi og feli ekki í sér „þær umbætur á námi og námskipan í framhaldsskólum, réttarstöðu nemenda og jafnrétti til náms sem væntingar voru bundnar við“.

Frumvarpið verður tekið til umræðu á fundi Félags framhaldsskólakennara á morgun, föstudag.

Ekki náðist í Aðalheiði Steingrímsdóttur, formann félagsins, í gærkvöldi. **- kóþ**



**FRAMHALDSSKÓLANEMENDUR** Gjaldfrjáls skólaganga þeirra er ekki tryggð í væntanlegum lögum um framhaldsskóla, segja fulltrúar kennara. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Framkvæmdastjórn ESB:

# Tyrkir verða að taka sig á

**BRUSSEL, AP Tyrknesk stjórnvöld verða að bæta réttindi minnihlutahópa, breyta lögum sem takmarka tjáningarfrelsi og halda áfram öðrum umbótum ef þau ætla sér að uppfylla skilyrðin fyrir aðild að Evrópusambandinu.**

**Þetta segir í nýrri matsskýrslu framkvæmdastjórnar ESB á aðildarundirbúningi Tyrklands, sem hóf aðildarviðræður við ESB fyrir tveimur árum. Í skýrslunni er ítrekað að Tyrkir verði að taka upp eðlileg tengsl við ESB-aðildarríkið Kýpur og virða samning frá 2005 um að opna tyrkneskar hafnir og flugvelli fyrir viðskiptum frá Kýpur.** **- aa**

Rússneska þingið:

# Segja upp vopnasamningi

**RÚSSLAND, AP** Neðri deild rússneska þingsins samþykkti í gær einróma að Rússland segði sig tímabundið frá samningi um takmörkun á útbreiðslu hefðbundinna vopna í Evrópu.



**VLADIMÍR PÚTÍN**

Vladimír Pútín forseti hafði frumkvæði að þessu til þess að sýna andstöðu sína við að Bandaríkin og önnur NATO-ríki hafa ekki staðfest endurskoðaða útgáfu samningsins.

Með þessu vill Pútín mótmæla áformum Bandaríkjanna um að setja upp eldflaugavarnir í Póllandi og Tékklandi. **- gb**

Utanríkisráðherra:

# Friðargæsluliðar ekki sendir heim

**ALÞINGI Íslensku friðargæsluliðarnir fimmtán sem eru að störfum á vegum Nató í Afganistan verða ekki kallaðir heim. Þetta sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra á Alþingi í gær.**

**Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, spurði ráðherrann hvort ekki stæði til að kalla friðargæsluliðana heim. Benti hann á versnandi gengi hersveita Nató í Afganistan og ný lög um að friðargæsluliðar sinni einungis borgaralegum störfum. Ingibjörg sagði umrædda starfsmenn borgaralega starfsmenn. Hún nefndi einnig að til stæði að senda fólk til starfa í Mið-Austurlöndum.** **- sgj**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

# Sýningar munu loks standa undir sér

**Óperustjóri er ánægður með hugmyndir um nýtt óperuhús í Kópavogi. Sýningar Óperunnar standa ekki undir sér í dag vegna þess hve fá sæti eru í húsinu. Menntamálaráðherra telur sjálfsagt að ríkið komi að byggingu nýs húss.**

**MENNING** Stefán Baldursson óperustjóri segir nýtt óperuhús í Kópavogi breyta forsendum óperureksturs á Íslandi og að öllum líkindum munu fjölga bæði sýningum og söngvurum.

„Fyrstu viðræður milli Íslensku óperunnar og Kópavogs fóru fram fyrir tveimur árum og höfum við því verið með í ráðum. Ég sat í nefnd sem bjó til keppnislýsinguna fyrir arkitektastofurnar og er afar sáttur við hana. Með mér sátu þeir Sveinn Einarsson, fyrrverandi þjóðleikhússtjóri, og Steingrímur Hauksson, bæjarverkfræðingur Kópavogs. Við lögðum fram þarfagreiningu og forsögn að húsinu.“

Íslenska óperan þiggur styrk frá ríkinu og vonast Stefán til þess að hann aukist.

„Þetta verða mikil viðbrigði fyrir Íslensku óperuna. Húsið verður stórt og glæsilegt. Það breytir forsendum óperureksturs á Íslandi. Hann hefur reynst snúinn í sal sem stendur ekki undir kvöldkostnaði, þótt það sé uppselt. Nú verður hægt að ráðast í vandasamari verkefni.“

Hingað til hafa verið settar upp tvær til þrjár óperur á ári, en fjöldi íslenskra söngvara starfar í erlendum óperuhúsum víða um heim.

Bæjarstjóri Kópavogsbæjar, Gunnar I. Birgisson, sagðist vonast til þess að ríkið kæmi að rekstrinum og hann hefði nú þegar rætt við menntamálaráðherra.

„Við þurfum að athuga hver aðkoma ríkisins verður,“ segir Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. „Við gengum nýlega frá háum samningi við óperuna, þar sem hann var verðlagsuppfærður og var það gert í tiltölulega mikilli sátt. Við munum bíða eftir því að nýja húsið rísi og athuga þá hverjar þarfir óperunnar verða.“

Þorgerður telur sjálfsagt að skoða aðkomu ríkisins að byggingu óperuhússins.

„Við eigum eftir að fara yfir það, en við verðum að sjá stóru myndina og sjá til þess að óperan hafi gott húsnæði. Ég sé ástæðu til þess að við Gunnar ræðum það áfram.“

Þá segist ráðherra sjá grundvöll fyrir þátttöku einkaaðila í rekstri Íslensku óperunnar.

„Ég held að það sé alltaf grundvöllur fyrir aðkomu þeirra. Þar sem einkaaðilar hafa komið að félögum hafa þau styrkst mikið ef gætt er að sjálfstæði þeirra. **eva@frettabladid.is**



**ÓPERA** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra telur sjálfsagt að skoða aðkomu ríkisins að byggingu hússins.



**EYÐILEGGING AURSKRIÐUNNAR** Miklar rigningar í Mið-Ameríku undanfarið hafa valdið mannskæðum flóðum og aurskriðum. NORDICPHOTOS/AFP

Nautgripir skynjuðu hættuna:

# Aurskriða hreif með sér þorp

**MEXÍKÓ, AP Fjórtán íbúar í 600 manna þorpi í suðurhluta Mexíkó létust þegar aurskriðan rann yfir það á þriðjudag. Tólf er enn saknað.**

**Nautgripir virðast hafa fundið á sér yfirvofandi hættu og flúðu ofar í fjallshlíðina skömmu áður en aurskriðan féll, að sögn innanríkisráðherra Mexíkó, Francisco Ramirez Acuna. Það varð mörgum þorpsbúa til bjargar að þeir eltu nautgripina.**

**Íbúi í þorpinu San Juan Grijalva sagðist hafa átt fótum sínum fjör að launa ásamt móður sinni, konu og börnum þegar jörðin gaf sig undan þeim jafnóðum meðan þau reyndu að komast ofar í fjallshlíðina.** **- sdg**

Óljóst hvernig látið bar að:

# Íslendingur lést í slysi í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ** Íslendingur lést í vinnuslysi á verkstæði í bænum Övermo í Svíþjóð á mánudaginn. Maðurinn var 51 árs gamall.

Ekki er ljóst hvernig lát mannsins bar að samkvæmt sænska fréttavefnum Dalademokraten. Talið er þó að maðurinn hafi fengið högg á hnakkann frá vél sem hann vann við. **- sdg**




Kristín Gísladóttir sjúkraþjálfari aðstoðar við val á réttri dýnu alla fimmtudaga á milli kl. 16 og 18.

LYSTADÚN Marco

Opið virka daga: 10–18
Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500


Orkuveita Reykjavíkur lokar æ sjaldnar fyrir rafmagn:

# Sífellt færri lenda í vanskilum

**ORKUMÁL** „Lokunum á rafmagni vegna vanskila hefur fækkað og það er sjáanlega mikill munur á því. Líklega eru nú um 30 prósent færri lokanir heldur en árið 2004,“ segir Sigurður Sigurðsson, deildarstjóri innheimtudeildar Orkuveitu Reykjavíkur.

Heimsóknum starfsmanna innheimtu Orkuveitunnar hefur að sama skapi fækkað mikið frá árinu 2003 en það ár varð gríðarleg aukning á heimsóknum.

Sigurður telur ástæðuna vera sambland af betri þjóðarhag og skilvísari innheimtu Orkuveitunnar. „Öll innheimta fer alfarið fram hjá okkur. Það er aðeins þegar fólk hættir viðskiptum við orkuveituna að innheimta getur farið til lögfræðings.“

Sigurður segir Orkuveituna hafa fastmótaðan feril á lokunum „Frá gjalddaga líða 15 dagar þar til 450 króna vanskilagjald fellur á skuldina. Eftir 53 daga er send greiðsluáminning og hækkar skuldin þá enn um 450 krónur.

Þegar 67 dagar eru liðnir frá vanskilum berst fólki lokunartilkynning og þegar 80 dagar eru liðnir er lokað fyrir rafmagn og er því ekki hleypt aftur á nema Orkuveitunni berist full greiðsla.“ **- eb**




Jólafötin tímanlega
Kringlan er komin í jólaskap
Jólafötin streyma nú í verslanir Kringlunnar. Njóttu þess að undirbúa jólin í rólegheitum með því að byrja snemma. Fimmtudagskvöldin eru auk þess upplögð fyrir þá sem vilja versla í ró og næði. Þú færð allt fyrir jólin í Kringlunni.
Opið til 21 í kvöld
Mán. til mið. 10.00–18.30
Fimmtudagur 10.00–22.00
Föstudagur 10.00–22.00
Laugardagur 10.00–22.00
Sunnudagur 13.00–17.00
Nýtt kortatímabil
Kringlan
www.kringlan.is / upplýsingasími 588 7788 / skrifstofa 568 9200

## GENGIÐ 7.11.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 58,36 | 58,6 |
| Sterlingspund | 122,62 | 123,22 |
| Evra | 85,59 | 86,07 |
| Dönsk króna | 11,481 | 11,549 |
| Norsk króna | 11,024 | 11,088 |
| Sænsk króna | 9,255 | 9,309 |
| Japanskt jen | 0,5155 | 0,5185 |
| SDR | 92,5 | 93,06 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

114,0092

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Guðni Ágústsson segir seðlabankastjóra hafa rassskellt ráðherra ríkisstjórnarinnar:

# Sinnuleysi í efnahagsmálum

**ALÞINGI** Sinnuleysi ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum er algert, og á því ber forsætisráðherra alla ábyrgð, segir Guðni Ágústsson, formaður Framsóknarflokksins. Hann gagnrýndi ríkisstjórnina harkalega í utandagskrárumræðum um stýrivaxtastig Seðlabanka Íslands á Alþingi í gær.

Guðni sagði seðlabankastjóra hafa rassskellt ráðherra ríkisstjórnarinnar á þriðjudag fyrir að sporna ekki við verðbólgunni. Seðlabankinn réði ekki einn við ástandið með endalausum stýrivaxtahækkunum.

Geir H. Haarde forsætisráðherra sagði vissulega hafa hrikt í efnahagslífinu í uppgangi undanfarinna ára. Ýmsar breytingar hefðu verið gerðar sem eftir á að hyggja hefðu ekki allar verið rétt hugsaðar eða tímasettar, til að mynda hækkun lánshlutfalls Íbúðalánasjóðs, sem hefði ekki orðið til heilla.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, sagði tíma til kominn fyrir ríkisstjórnina að vakna. Afkoma útflutningsfyrirtækja væri afar slæm og heimilin í landinu fengju slæmar kveðjur frá bankakerfinu sem hækkaði vexti þessa dagana.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir utanríkisráðherra sagði ljóst að fyrri stýrivaxtahækkanir væru farnar að bíta og bankar farnir að hækka vexti. Margt benti til þess að ekki væri sama þenslan fram undan og verið hefði hér á landi. - bj



**ÞINGFUNDUR** Guðni Ágústsson sótti hart að Geir H. Haarde forsætisráðherra í umræðum um stýrivaxtahækkun Seðlabankans á Alþingi í gær.

Kollafjarðarnes í útboði:

## 67,7 milljónir fyrir ríkisjörð

**VIÐSKIPTI** Hæsta boð í ríkisjörðina Kollafjarðarnes í Strandasýslu var 67,7 milljónir króna. Tilboðsfrestur Ríkiskaupa rann út í gær.

Kollafjarðarnes hefur verið í eyði síðustu fimm ár og húsakostur þar er sagður lélegur. Hins vegar er jörðin geysilandmikil og býr yfir óvenju miklu undirlendi miðað við jarðir á Ströndum. Þar eru hlunnindi á borð við æðarvarp og reka. Auk þess hefur verið útróður frá Kollafjarðarnesi.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkiskaupum reyndist mikill áhugi vera á jörðinni. - þeb

Menntamálaráðherra:

## Útvarpsstjóri fær 1,5 milljónir

**ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra upplýsti á þingi í gær að laun útvarpsstjóra RÚV væru 1.530.000 krónur. Það væru grunnlaun auk bifreiðagreiðslna og þóknunar fyrir fréttalestur.



**PÁLL MAGNÚSSON, ÚTVARPSSTJÓRI**

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður Vinstri grænna, lagði fram fyrirspurn um málið á Alþingi. Sagði hann þetta sýna að laun útvarpsstjóra hefðu nær tvöfaldast síðan RÚV var breytt í opinbert hlutafélag í vor.

Í svari Þorgerðar kom fram að launakostnaður yfirstjórnar RÚV hefði lækkað um þrettán milljónir króna, eða um tíu prósent. Ráðherra sagði sparnaðinn fara í innlenda dagskrárgerð. - sgj

Aðgerðir gegn hryðjuverkum:

## ESB feti í spor Bandaríkjanna

**BRUSSEL, AP Evrópa má ekki vera „andvaralaus“ gagnvart hættunni á nýjum hryðjuverkaárásum í álfunni. Svo segir Franco Frattini, sem fer með dómsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, og vill hertari aðgerðir gegn hryðjuverkum. Fyrr í vikunni vöruðu sérfræðingar við því að líkur væru á frekar árásum öfgaíslamista í Evrópu.**

**Umdeildasta tillaga Frattini er að ESB taki upp svipaðar flugöryggisreglur og eru í Bandaríkjunum, þar sem upplýsingum um flugfarþega er safnað og þær geymdar í mörg ár.** - sdg

# Sagði árásina vera pólitískt hryðjuverk

**Finnska þjóðin er harmi slegin eftir skotárás í menntaskóla í gær þar sem rektor og sjö nemendur biðu bana. Yfir tíu manns særðust í árásinni. Byssumaðurinn er alvarlega slasaður á sjúkrahúsi eftir að hann skaut sjálfan sig í höfuðið.**

**FINNLAND, AP** Átta létust og yfir tíu særðust þegar átján ára nemandi hóf skothríð í Jokela-milliskólanum í Tuusula sem er í 50 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni Helsinki. Rektor skólans var meðal þeirra átta sem drengurinn myrti. Hin voru öll nemendur, fimm drengir og tvær stúlkur. Byssumaðurinn skaut sjálfan sig í höfuðið og liggur alvarlega særður á sjúkrahúsi samkvæmt danska fréttavefnum Politiken.

Rétt fyrir hádegi tilkynnti skólastjórinn í hátalarakerfi skólans að allir skyldu læsa sig inni í skólastofum sínum sagði kennarinn Kim Kiuru í samtali við finnsku útvarpsstöðina YLE. „Síðan sá ég byssumanninn á hlaupum með eitthvað í hendinni sem virtist vera lítil skammbyssa gegnum dyrnar í átt til mín. Ég náði að flýja á ganginn niðri og hljóp í hina áttina ... nemendur mínir kölluðu svo til mín út um gluggann og spurðu hvað þau ættu að gera og ég sagði þeim að stökkva út um gluggana ... og allir nemendur mínir björguðust.“ Yfir 400 nemendur á aldrinum tólf til átján ára eru í Jokela-milliskólanum.

Í gærmorgun setti drengurinn myndband inn á myndbandavefinn YouTube sem hann nefndi Blóðbaðið í Jokela-milliskólanum. Á myndbandinu sást mynd af skólabyggingunni og tveir myndir af ungum manni með skammbyssu í hendi. Á heimasíðu sinni hafði hann útbúið upplýsingapakka fyrir fjölmiðla með myndum og upplýsingum um fyrirhugaða skotárás. Auk atriða á borð við staðsetningu, tímasetningu og tegund vopns lýsti drengurinn árásinni svona: „Fjöldamorð, pólitískt hryðjuverk (þótt ég hafi valið skólann sem mitt skotmark eru ástæður árásarinnar miklu, miklu dýpri, og þess vegna vil ég ekki að þetta verði bara kallað „skotárás í skóla“.

Drengurinn kemur úr ósköp venjulegri fjölskyldu að sögn Mattis Tohkanen, lögreglustjóra í Tuusula. Hann fékk byssuleyfi 19. október síðastliðinn og hefur hreint sakavottorð. sdg@frettabladid.is



**MYNDBANDIÐ** Byssumaðurinn hafði fyrir árásina sett myndband inn á YouTube sem sýndi skólabygginguna og mann beina byssu í átt að myndavélinni.

### ALDREI GERST ÁÐUR Í FINNSKUM SKÓLA

Haft var samband við alla skóla í Tuusula og þeim sagt að halda nemendum inni í skólastofum að sögn Gunnþóru Hafsteinsdóttur, kennara í grunnskóla skammt frá Jokela-milliskólanum. „Þetta var rétt fyrir klukkan eitt og við vissum ekkert nema að það hefði verið skothríð í þessum skóla.“

Meðan beðið var eftir að foreldrar sóttu börnin fylgdust kennarar og eldri börnin með fréttum af árásinni. „Maður á erfitt með að trúa þessu. Það voru allir í áfalli ... svona hefur aldrei gerst áður í finnskum skóla.“

Gunnþórunn segir lítið hafa komið fram um drenginn annað en að hann hafi verið venjulegur og ekki verið lagður í einelti. Fram hefur komið að skólafélagar hans vissu að hann ætti byssu en ekki foreldrar hans að sögn Gunnþóru.



**FRÁ SLYSSTAÐ** Ungi drengurinn var að hjóla á Hringbraut þegar ekið var á hann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Slapp ótrúlega vel:

## Drengur á hjóli varð fyrir bíl

**SLYS Ungur drengur slapp með ólíkindum vel þegar ekið var á hann um miðjan dag í gær.**

**Drengurinn var að hjóla á mótum Snorrabrautar og Hringbrautar þegar slysið varð. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki upplýsingar um hvort drengurinn var fluttur á slysadeild, en meiðsli hans voru mjög lítil.** - þeb

Umhverfisráðuneytið:

## Virkjun í Hverfisfljóti sæti mati

**UMHVERFISMÁL** Fyrirhuguð virkjun í Hverfisfljóti skal sæta umhverfismati, samkvæmt úrskurði umhverfisráðuneytisins. Áður hafði Skipulagsstofnun sagt að virkjunin þyrfti ekki að fara í umhverfismat, en nú hefur umhverfisráðuneytið hnekkt þeirri ákvörðun.

Í úrskurðinum segir að ráðuneytið telji umhverfisáhrif framkvæmdanna geta orðið umtalsverð, og rök hnígi að því að hagsmunaaðilum og almenningi gefist færi á að gera athugasemdir. Því verði ekki komist hjá því að láta framkvæmdina sæta umhverfismati. - sþs






## VEÐURSPÁ



Elín Björk Jónasdóttir veðurfræðingur

**Hægviðri og þurrt**

Nú er talsvert hæðasvæði suður af landinu sem heldur lægðunum frá okkur næsta sólarhringinn. Í kjölfarið verður frekar hægur vindur og þurrt um mest allt land, en þó má gera ráð fyrir einhverjum skúrum eða slydduéljum á annesjum vestanlands. Á morgun má gera ráð fyrir skúrum eða éljum um allt land, helst fyrri partinn. Frost verður á Norður- og Austurlandi, en þýða sunnan- og vestanlands.

**Í BORGINNI Í DAG:** NV átt, 5-10 m/s, þurrt að mestu. Hiti 2-6°C.




um hádegi »

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 10°C skúrir | London | 14°C skúrir | Eindhoven | 11°C rigning |
| Billund | 11°C rigning | París | 12°C skúrir | Basel | 6°C léttskýjað |
| Osló | 6°C rigning | Frankfurt | 11°C skúrir | Alicante | 21°C léttskýjað |
| Stokkhólmur | 6°C skýjað | Friedrichshafen | 4°C léttskýjað | Róm | 18°C heiðskýrt |
| Gautaborg | 8°C rigning | Berlín | 9°C léttskýjað | Las Palmas | 25°C skýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

DEBENHAMS

# SPRENGI DAGUR

## BARA Í DAG

**8. NÓVEMBER 2007**

**kl. 9-22**

# 25%

**afsláttur af öllum fatnaði og heimilisvörum**

**15% afsláttur af snyrtivörum**

20% AUKAAFSLÁTTUR AF RIFKA SNYRTYIVÖRUM

## ÞAÐ BORGAR SIG AÐ KOMA SNEMMA

ÞVÍ OFAN Á ÞENNAN AFSLÁTT BJÓÐUM VIÐ SÉRSTAKAN AUKAAFSLÁTT

FRÁ KLUKKAN 9-11:

SUNDFÖT - 20% AUKAAFSLÁTTUR
ESPRIT NÁTTFÖT OG UNDIRFÖT - 10% AUKAAFSLÁTTUR
BINDI - 20% AUKAAFSLÁTTUR
SKÓLAVARA - 25% AUKAAFSLÁTTUR
BATHSHOP - 10% AUKAAFSLÁTTUR
SAMSONITE - 20% AUKAAFSLÁTTUR

**Nýtt kortatímabil**

Alltaf

DEBENHAMS

-FER ÞÉR VEL!

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að auka eigi íþróttakennslu í grunnskólum?*

| | |
|---|---|
| Já | 67% |
| Nei | 33% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Ert þú sátt(ur) við hömlur Kaupþings á yfirtöku íbúðalána?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á St. Jósefsspítala – Sólvangi:

# Ekki rétt staðið að sameiningu

**HEILBRIGÐISMÁL** Ekki var staðið nógu vel að undirbúningi og framkvæmd sameiningar St. Jósefsspítala og Sólvangs árið 2006. Draga má í efa að sameiningin hafi átt rétt á sér. Þetta er meðal niðurstaðna stjórnsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar á sameinaða spítalanum.

Í úttektinni segir einnig að mikilvægt sé að heilbrigðis- og tryggingaráðuneytið geri samning við spítalann þar sem komi fram hvaða verkefnum hann eigi að sinna. Endurskoða þurfi samkomulag spítalans við sérfræðilækna og herða eftirlit svo þeir fari ekki fram úr tilætluðum einingafjölda.

Sjálf rökin sem notuð voru þegar sameiningin var ákveðin er síðan dregin í efa; að rétt væri að koma á einni öflugri heilbrigðisstofnun fyrir Hafnarfjörð eins og víða hafi verið gert á landsbyggðinni. St. Jósefsspítali sé fyrst og fremst sérhæft sjúkrahús en Sólvangur sé hjúkrunarheimili fyrir aldraða.

Niðurstöður úttektarinnar eru þó ekki eingöngu neikvæðar, til dæmis segir þar að starfsemi St. Jósefsspítala – Sólvangs einkennist af faglegum metnaði og góðum starfsanda. Spítalinn hafi unnið að þróun lækningaaðferða og náð góðum árangri á ýmsum sviðum þjónustu. - sþs



**SÓLVANGUR** St. Jósefsspítali og Sólvangur voru sameinaðir árið 2006. Ríkisendurskoðun dregur í efa að sameiningin hafi átt rétt á sér.

Tilefnislaus árás á látinn mann:

# Réðst á mann í jarðarför hans

**BANDARÍKIN Lögregla í borginni Orlando í Bandaríkjunum hefur handtekið mann fyrir líkamsárás. Það sem vekur athygli við málið er að fórnarlambið var látið og lá í opinni kistu í kirkju þegar árásin átti sér stað.**

**Árásarmaðurinn, Timothy nokkur Cleary, mun hafa gengið inn í kirkjuna í miðri jarðarför og ráðist að líkinu í kistu þess með höggum og spörkum. Cleary var handtekinn örfáum mínútum eftir árásina. Svo virðist sem árásin hafi verið með öllu tilefnislaus.**

**Cleary var færður fyrir dómara á laugardag og gert að gangast undir geðrannsókn.** - sh

Nýtt þingmál Frjálslyndra:

# Frjálslyndir vilja háskóla á Ísafirði

**ALÞINGI** Þingmenn Frjálslynda flokksins vilja stofna háskóla á Ísafirði sem taki til starfa næsta haust. Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón Arnar Kristinsson og Jón Magnússon fluttu frumvarp þess efnis á þingi í gær.

Kristinn segir víst að háskólar á landsbyggðinni verði til góðs, á sama hátt og framhaldsskólar á landsbyggðinni. „Í dag er áætlað að 150 til 200 manns á Vestfjörðum stundi nám við háskóla, fyrst og fremst í fjarnámi,“ segir Kristinn. Spáir hann því að fyrr eða síðar muni rísa háskólar á Selfossi og á Egilsstöðum.

Hann segir betri kost að stofna sérstakan háskóla á Ísafirði í stað útibús frá Háskóla Íslands. - sgj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Eldur í rafmagnstöflu

Eldur kom upp í rafmagnstöflu í tvíbýlishúsi í Vesturhúsum í Grafarvogi í gærkvöldi. Þegar slökkvilið kom á staðinn hafði húsráðendum tekist að slökkva eldinn. Engan sakaði.

### Tveir bílar ultu

Tveir bílar ultu á Mýrdalssandi í gær, en ökumenn og farþegar þeirra beggja sluppu án meiðsla. Lögreglan á Hvolsvelli hafði varað fólk við því að fara yfir sandinn á vanbúnum bílum vegna mikillar snjókomu.

## STJÓRNMÁL

### Sameina kjördæmasambönd

Framsóknarmenn í Reykjavík hyggjast sameina kjördæmasamböndin í Reykjavík norður og suður í eitt samband, samkvæmt tillögu sem liggur fyrir kjördæmisþingunum tveimur í kvöld.

# Geir og Þórunn deila um loftslagssamning

**Geir H. Haarde forsætisráðherra vill endurnýja íslenska ákvæðið um auknar heimildir fyrir losun gróðurhúsalofttegunda í næstu samningaviðræðum um Kyoto-bókunina. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra er ósammála.**

**ALÞINGI** Geir H. Haarde forsætisráðherra vill endurnýja íslenska ákvæði Kyoto-bókuninnar um útblástur gróðurhúsalofttegunda. Þetta sagði hann í svari við fyrirspurn frá Valgerði Sverrisdóttur, þingmanni Framsóknarflokks, á Alþingi í gær.

Í íslenska ákvæðinu er heimild fyrir 1,6 milljóna tonna losun á gróðurhúsalofttegundum árlega umfram losunarheimildir Kyotobókunarinnar. „Mín skoðun er sú að við eigum að freista þess aftur að fá sérstakt ákvæði,“ sagði Geir.

Kyoto-bókunin rennur út í upphafi árs 2013 og mun Ísland koma að samningaborðinu um nýja bókun. Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfisráðherra segir stefnu Íslands vera að minnka útblástur gróðurhúsalofttegunda um 50 til 75 prósent fyrir miðja öldina.

„Mín persónulega skoðun er sú að sérákvæði fyrir Ísland um áliðnaðinn samræmist ekki þeirri stefnumörkun,“ segir Þórunn. „Geir lýsti þessu sem persónulegri skoðun sinni, en lýsti því jafnframt yfir að samningsmarkmið ríkisstjórnarinnar hafi ekki verið ákveðin.“

Þórunn segir að ríkisstjórnarflokkarnir, Sjálfstæðisflokkur og Samfylking, eigi eftir að ná niðurstöðu í þessu máli. „Flokkarnir tveir í ríkisstjórn hafa ekki haft sömu skoðun á þessu ákvæði. Við í Samfylkingunni börðumst hart gegn þessu ákvæði, en þá var Sjálfstæðisflokkurinn í ríkisstjórn,“ segir Þórunn.



**ÁLVER** Ríkisstjórnarflokkarnir, Samfylking og Sjálfstæðisflokkur, eru ósammála um hvort endurnýja eigi sérákvæði Íslands um auknar útblástursheimildir.

> Mín skoðun er sú að við eigum að freista þess að fá sérstakt ákvæði.
>
> **GEIR HAARDE**
> FORSÆTISRÁÐHERRA

Þau ríki sem eiga aðild að núverandi Kyoto-bókun losa um þriðjung af gróðurhúsalofttegundum heimsins. „Það skiptir mestu að stóru löndin, Bandaríkin, Kína, Indland og Brasilía, komi og verði með okkur í að leysa loftslagsvandann,“ segir Þórunn.

Þingmenn Vinstri grænna lýstu óánægju sinni með orð forsætisráðherra. „Ég er gjörsamlega gáttuð,“ sagði Guðfríður Lilja Grétarsdóttir. „Við erum fyrir ofan meðaltal Evrópuríkja um losun gróðurhúsalofttegunda og stefnum enn hærra.“ steindor@frettabladid.is



**ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR**



**GEIR H. HAARDE**

Fokker 50-flugvél á leið til Reykjavíkur frá Egilsstöðum lenti í vanda í háloftunum:

# Fokker sneri við og nauðlenti

**SLYS** Fokker 50-flugvél Flugfélags Íslands þurfti að nauðlenda á Egilsstaðaflugvelli eftir að olíuþrýstingur í öðrum hreyfli gaf sig um klukkan níu á þriðjudagskvöld.

Alls voru 38 farþegar um borð þegar vélin lagði af stað til Reykjavíkur. Skömmu eftir flugtakið missti vélin olíuþrýsting á öðrum hreyfli svo slökkva þurfti á honum. Auk þess fór jafnþrýstingur af farþegarýminu.

Axel Ingi Eiríksson, flugmaður í vélinni, segir að venjuleg viðbrögð við þessum aðstæðum sé að snúa við og lenda. „Ég held að allir hafi gengið sáttir frá borði og áhöfninni var klappað lof í lófa eftir lendingu,“ segir Axel.

Lögregla og björgunarsveitir voru í viðbragðsstöðu á flugvellinum. Lendingin gekk að óskum og eftir að farþegar voru komnir aftur í flugstöðina fór flugstjóri yfir atvikið með þeim og var þeim boðin áfallahjálp. Engin hætta myndaðist við atvikið, enda geta Fokker 50-flugvélar flogið á öðrum hreyfli.

Önnur vél Flugfélags Íslands fór frá Akureyri til Egilsstaða seinna um kvöldið og flutti þá til Reykjavíkur sem vildu.

Nokkrir urðu eftir, þar sem þeim hentaði betur að fara að morgni. - sgj



**BILAÐUR HREYFILL** Flugvélin lenti á Egilsstaðaflugvelli og var skoðuð af starfsmönnum Rannsóknarnefndar flugslysa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


fvh
Félag viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Evran inn bakdyramegin?

Morgunverðarfundur FVH á Hilton Reykjavík Nordica, sal I og H, föstudaginn 9. nóvember kl. 8.30-10.00.

Stærsta fyrirtækið í Kauphöllinni áformar að gera upp í evrum, fyrirtæki áforma að skrá hlutafé í evrum, sífellt fleiri taka lán í evrum og atvinnurekendur og starfsfólk semja um greiðslu launa í evrum.

- Hvaða þýðingu hefur það þegar fyrirtæki gera upp og skrá hlutafé í evrum?
- Hvað þýðir það fyrir atvinnurekendur að greiða laun í evrum?
- Hvað þýðir það fyrir starfsfólk að fá greitt í evrum og taka lán í evrum?


Ólafur


Þórður


Sigurjón


Aðalsteinn

FYRIRLESARAR

**Tekur evran sig upp sjálf?**
*Ólafur Ísleifsson, lektor við Háskólann í Reykjavík.*

**Evran, efnahagslífið og Kauphöllin**
*Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands.*

**Laun í evrum – hverra hagsmunir?**
*Sigurjón Pétursson, framkvæmdastjóri Landsteina Strengs ehf.*

**Umræður að erindum loknum.**

**Fundarstjóri:**
*Aðalsteinn Leifsson, forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík.*

Skráðu þig strax – takmarkað sætaframboð!
Vinsamlega skráið þátttöku á vef FVH, www.fvh.is, eða í síma 551 1317.
Verð með morgunmat kr. 3.000 fyrir félagsmenn FVH og 4.900 fyrir aðra.

# Littlest Pet Shop

**GERÐU VERÐ-SAMANBURÐ**

## Fullt af nýjum skemmtilegum dýrum sem gaman er að leika við



**VERÐ 749kr**
Bláir pakkar



**VERÐ 629kr**
Grænir pakkar

## Pet shop Fly paper veggmyndir



Festist við slétta veggi og gler, þú getur tekið það af og notað aftur.

**VERÐ 1.799kr**

## Einnig fáanlegt!



## Pet shop gjafaöskjur

3 dýr og fullt af aukahlutum saman í pakka.



**VERÐ 2.299kr**

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## VEISTU SVARIÐ?



*1 Hvaða íslenski fjölmiðlafræðingur var útnefndur sá besti í faginu í Hollywood í síðasta tölublaði tískutímaritsins WWD-Beauty?*

*2 Hvaða íslenska vef vill framkvæmdastjóri samtaka rétthafa tónlistar á Íslandi láta loka?*

*3 Hvaða lið í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu sigraði Besiktas 8-0 í fyrradag og setti þar með nýtt met í deildinni?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Dýrari fjármögnun Kaupþings kallar á breyttar reglur varðandi yfirtöku lána:

# Sértæk ákvörðun og afturkræf

**VIÐSKIPTI** Ákvörðun Kaupþings um að heimila ekki yfirtöku á eldri íbúðalánum bankans, sem voru á betri kjörum en nú eru í boði, kemur til af því að dýrara er nú fyrir bankann að fjármagna starfsemi sína en áður.

„Mestu máli skiptir gríðarleg vaxtahækkun hér heima ásamt erfiðari fjármögnun,“ segir Friðrik S. Halldórsson, framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings. „Þetta gerir að flóknara er að fjármagna bankann. Hér hefur orðið svakaleg hækkun á markaðsvöxtum á stuttum tíma og það er stóra skýringin á þessu.“ Hann segir bankann hins vegar standa við skuldbindingar sínar varðandi eldri lánin.

Friðrik segist vona að vaxtastig fái hér að lækka áður en langt um líður, þótt Seðlabankinn hafi látið að því liggja að vextir kynnu að hækka aftur fyrir áramót. „Bæði gætum við þá lækkað vexti aftur og tekið þessa ákvörðun nú til endurskoðunar, þannig að hún sé sértæk.“ **- óká**



**FRIÐRIK S. HALLDÓRSSON** Framkvæmdastjóri viðskiptabankasviðs Kaupþings segir að í hagfelldara árferði varðandi fjármögnun bankans megi taka til endurskoðunar hertar reglur bankans um yfirtöku eldri lána. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ný könnun á vegum OR:

# Fleiri vilja jarðvarmavirkjanir

**ORKUMÁL** Tæplega 66 prósent Íslendinga telja nú æskilegra að nýta jarðvarma en fallvötn til virkjana. Það voru niðurstöður könnunar sem Capacent Gallup gerði fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Hefur þeim sem vilja nýta jarðvarmann fjölgað um þriðjung á milli ára.

Um 25 prósent aðspurðra töldu að jafn æskilegt væri að virkja fallvötn og jarðvarma. Rúm níu prósent töldu virkjun fallvatna æskilegri en innan við eitt prósent töldu báða kostina jafn óæskilega. Könnunin var gerð um síðustu mánaðamót og 800 manns um allt land svöruðu henni. **- þeb**

## ÞORLÁKSHÖFN

### Sagaði af sér fingurinn

Vinnuslys varð í Grunnskólanum í Þorlákshöfn í gær þegar trésmiður að störfum sagaði af sér litla fingur hægri handar með borðsög. Maðurinn leitaði til læknis á heilsugæslustöðinni í Þorlákshöfn, og var hann fluttur þaðan á slysadeild í Reykjavík. Fingurinn fannst skammt frá borðsöginni að sögn lögreglu.

Þjóðhátíðardagur Pólverja haldinn hátíðlegur á sunnudaginn:

# Leiðsögn um sýningu á pólsku

**FÓLK Þjóðminjasafnið mun bjóða upp á leiðsögn á pólsku um grunnsýningu sína á sunnudaginn. Tilefnið er þjóðhátíðardagur Póllands, sem er á sunnudaginn, 11. nóvember.**

**„Það búa margir Pólverjar á Íslandi og við erum fjölmenningarsamfélag,“ segir Rúna K. Tetzschner, kynningarstjóri safnsins. „Við viljum höfða til mismunandi hópa og stefnum á að gera meira af því að hafa leiðsögn á hinum ýmsu tungumálum.“**

**Á grunnsýningunni er saga íslensku þjóðarinnar rakin frá landnámi til dagsins í dag. - þeb**

# Yfirburðir Fréttablaðsins

## Ný könnun Capacent á lestri dagblaða staðfestir sterka stöðu Fréttablaðsins á blaðamarkaði og mikla baráttu milli Morgunblaðsins og 24 stunda.

**FJÖLMIÐLAR** Ný lestrarkönnun Capacent sýnir að Fréttablaðið heldur yfirburðastöðu sinni á íslenskum dagblaðamarkaði. Meðallestur landsmanna mælist nú 62,1 prósent á hvert tölublað. Þetta er örlítið minni lestur en mældist í síðustu könnun, sem var framkvæmd í sumar. Þá lásu 63 prósent Íslendinga Fréttablaðið, en munurinn er þó ekki marktækur.




Mikil barátta er milli Morgunblaðsins og 24 stunda um annað sæti á blaðamarkaðinum. Samkvæmt könnuninni situr Morgunblaðið þar nú með 43,1 prósents lestur en 24 stundir er í þriðja sæti með 42,1 prósents lestur. Í síðustu könnun mældist Morgunblaðið með 44,4 prósenta lestur og 24 stundir, sem þá hét Blaðið, með 36,2 prósenta lestur.

> Að meðaltali sýnist mér Fréttablaðið hafa um 50 þúsund fleiri lesendur á dag en hin blöðin tvö.
>
> **ARI EDWALD**
> FORSTJÓRI 365, ÚTGÁFUFÉLAGS FRÉTTABLAÐSINS

Sterk staða Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði sést vel ef litið er til lesenda á aldrinum 18 til 49 ára.

Meðallestur á hvert tölublað í þeim hópi mælist 63,4 prósent hjá Fréttablaðinu en 41,5 prósent hjá 24 stundum. Lestur Fréttablaðsins umfram 24 stundir er því 53 prósent. Í sama aldurshópi er Morgunblaðið með 36,1 prósents lestur og er umframlestur Fréttablaðs í því tilfelli 76 prósent.

Aðspurður um niðurstöður könnunarinnar segir Ari Edwald, forstjóri 365, útgáfufélags Fréttablaðsins, að ánægjulegast við könnunina sé að hún staðfesti algera yfirburði Fréttablaðsins. „Að meðaltali sýnist mér Fréttablaðið hafa um 50 þúsund fleiri lesendur á dag en hin blöðin tvö, sem hafa svipaðan lestur. Þá er ég að tala um þá daga þegar þau koma út, en Fréttablaðið er eina dagblaðið sem er gefið út og dreift alla sjö daga vikunnar. Blaðið/24 stundir er að sækja í sig veðrið frá síðustu könnun, þótt Blaðið hafi að vísu staðið hærra í fyrrahaust.“

Ari bendir á að 24 stundir og Morgunblaðið berjist nú blóðugri baráttu um annað sætið á blaðamarkaðnum. „Það verður fróðlegt að sjá hvort 24 stundir ná að leggja Morgunblaðið að velli í næstu könnun.“

Könnun Capacent var gerð í síma og nær yfir tímabilið 8. ágúst til 31. október. Niðurstöðurnar eru byggðar á svörum 2.588 manna á aldrinum 12 til 80 ára.





„Myndir þú hugsa þig tvisvar um ef einhver ætlaði að gefa þér 4.620.554 kr.?“*

Viðbótarlífeyrissparnaður hefur fjölmarga kosti. Sá helsti er þó líklega mótframlag vinnuveitanda sem þýðir að þú færð greitt fyrir að spara. Komdu þér í samband við mótframlagið þitt með því að hringja í 410 4000 eða kynntu þér málið á landsbanki.is.

Landsbankinn

*Mótframlag fyrir skatta við 60 ára aldur m.v. 28 ára einstakling með 250.000 kr. í mánaðarlaun. Lokainneign fyrir skatta er 13.861.661 kr.

GOTT FÓLK


15 áfangastaðir í Evrópu
Sumarið 2008
Reykjavík
Akureyri
Egilsstaðir
Ósló
Stokkhólmur
Gautaborg
Kaupmannahöfn
Billund
Eindhoven
Frankfurt Hahn
Berlín
Varsjá
London
París
Friedrichshafen
Basel
Barcelona
Alicante
Verð frá:
7.995 kr.
Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.
Börn:
50%
Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsafslátt af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.
Iceland Express
með ánægju
www.icelandexpress.is



**ALPAHLJÓMUR Í HONG KONG** Tónlistarkonan Eliana Burki spilaði á svissneskt alpahorn á hádegistónleikum í Hong Kong í gær. Alpahorn er stórt blásturshljóðfæri skorið út í tré. NORDICPHOTOS/AFP

Tæknimenn RÚV langþreyttir á kjörum sínum og koma saman til fundar í dag:

# Hyggjast neita yfirvinnu

**KJARAMÁL** „Fólk ræður hvort það vinnur yfirvinnu eða ekki,“ segir Guðmundur Gunnarsson, formaður Rafiðnaðarsambandsins, en heimildir Fréttablaðsins herma að tæknimenn Ríkisútvarpsins (RÚV) íhugi að hætta að vinna yfirvinnu hjá stofnuninni. Hyggjast þeir funda í dag og ræða launamál sín.

Meðalgrunnlaun tæknimanna hjá RÚV eru 212 þúsund krónur og segir Guðmundur það um það bil hundrað þúsund krónum lægri upphæð en tíðkist á almennum vinnumarkaði.

Starfsfólki er óleyfilegt að hafa samráð um yfirvinnubann en Jan Murtomaa, hljóðtæknimaður hjá RÚV, segir að um slíkt sé síður en svo að ræða. Hver og einn starfsmaður íhugi fyrir sig hvort hann hyggist halda áfram að vinna yfirvinnu.

„Það er slæmt að vita að tæknimenn sem hafa alið upp kynslóðir fjölmiðlafólks og gegna mikilli ábyrgð séu langt undir þeim launum sem tíðkast annar staðar í samfélaginu. Enda fáum við varla lengur fólk hingað, það vill skiljanlega enginn vera á þessum launum,“ segir Páll Guðmundsson, trúnaðarmaður tæknimanna RÚV.

„Við fögnum launahækkun útvarpsstjóra en finnst undarlegt að hann vilji miða laun sín við það sem hann segir eðlilegt miðað við almennan vinnumarkað en laun undirmanna sinna við allra lægstu taxta,“ segir Guðmundur að lokum. **- kdk**




**RÍKISÚTVARPIÐ** Tæknimenn RÚV eru ósáttir við kjör og ráða nú ráðum sínum.

Heilbrigðisráðherra:

# Lög um ölvaða verði afnumin

**ALÞINGI Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðherra hefur lagt fram frumvarp þess efnis að lög um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra verði afnumin.**

**Samkvæmt lögunum á lögregla að tilkynna nafn ölvaðs manns, sem tekinn er tvisvar fyrir ölvun með skömmu millibili, til áfengisvarnaráðunauts eða áfengisvarnanefndar. Þau fyrirbæri eru ekki til lengur, heldur fer Lýðheilsustöð með vímuvarnamál.**

**Í athugasemdum við frumvarpið kemur fram að virða verði sjálfsákvörðunarrétt drykkjusjúkra, líkt og annarra sjúklinga.** **- sgj**


FÉLAGSVÍSINDADEILD



FÉLAGSVÍSINDI – Í ÞÁGU FRAMFARA

Spennandi kostir í framhaldsnámi

Gott nám og rétt val þess er farsæl leið til lífsgæða og aukinna möguleika í starfi. Við félagsvísindadeild Háskóla Íslands bjóðast margir spennandi kostir í námi hjá hæfum og reyndum kennurum.

Góðar aðstæður til náms • Fjölbreytni og sveigjanleiki • Starfstengt rannsóknarnám
Nám með starfi • Nám stutt rannsóknum kennara

- MLIS-nám í bókasafns- og upplýsingafræði
- MA-nám og diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði
- MA-nám í kennslufræði (seinni hluti)
- MA-nám og diplómanám í fötlunarfræði
- MA-nám og diplómanám í félagsfræði
- MA-nám og diplómanám í kynjafræði
- MSW-nám í félagsráðgjöf
- MA-nám og diplómanám í félagsráðgjöf
- MA-nám í öldrunarfræðum
- MA-nám í mannfræði
- MA-nám og diplómanám í þróunarfræðum
- MA-nám í þjóðfræði
- MA-nám í hagnýtri þjóðfræði
- MPA-nám og diplómanám í opinberri stjórnsýslu
- MA-nám og diplómanám í alþjóðasamskiptum

Doktorsnám í öllum greinum. Allar upplýsingar á www.felags.hi.is
Umsóknarfrestur um meistara- og doktorsnám er til 15. nóvember

Félagsvísindadeild Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu, 101 Reykjavík
Sími 525 4502, felvisd@hi.is

HÁSKÓLI ÍSLANDS
www.hi.is

ÍSLENSKA/SIA.IS/HSK 39805 11/07




**LÖGFRÆÐINGAR MÓTMÆLA** Í Peshawar kom enn á ný til átaka milli lögfræðinga og lögreglu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fyrrverandi forsetar Pakistans hvetja til andófs:

# Þúsundir hafa verið hnepptar í fangelsi

**PAKISTAN, AP** Benazir Bhutto og Nawaz Sharif, sem bæði eru fyrrverandi forsetar í Pakistan, hafa hvatt stuðningsmenn sína til að mótmæla neyðarlögum Pervez Musharraf forseta. Sharif biður jafnframt erlend ríki um að hætta stuðningi við forsetann.

Í gær kom til harðra átaka í höfuðborginni Islamabad milli lögreglu og stuðningsmanna Bhutto, sem er nýkomin til landsins úr útlegð. Sharif er enn í útlegð.

Á mánudag hafði Iftikar Muhammed Chaudry, hinn handtekni forseti hæstaréttar Pakistans, hvatt lögfræðinga landsins til þess að sýna lögreglunni mótþróa og mótmæla neyðarlögum Musharraf.

„Farið út í hvern afkima Pakistans og flytjið þann boðskap að í þetta sinn sé nauðsynlegt að færa fórnir,“ sagði Chaudry í símaávarpi sínu. Þriggja daga mótmæli lögfræðinga hafa þó verið bæld niður og þúsundir manna verið hnepptir í fangelsi.

Miklar óeirðir hafa brotist út víða í Pakistan síðustu daga, eftir að Musharraf forseti tók síðastliðinn laugardag úr gildi stjórnarskrá landsins. Gagnrýnendur segja hann aðeins vilja tryggja sér áframhaldandi völd, en sjálfur segist hann vilja koma í veg fyrir að öfgamúslimar hleypi öllu í bál og brand. **- gb**


Auglýsingasími
512 50 50




– Mest lesið



+ Nánari upplýsingar og bókanir á www.icelandair.is
Sölutímabil: 8. til og með 11. nóvember
Ferðatímabil: 1. til og með 17. desember
Takmarkað sætaframboð.





**FLÓTTAFÓLK** Íraskar konur og börn bíða eftir rútu til að flytja þau burt frá Írak. NORDICPHOTOS/AFP

Flóttamannastefna ESB:

# Sum ríki opin og önnur lokuð

**BRUSSEL, AP** Tilraun Evrópusambandsríkja til að skapa sameiginlega stefnu varðandi hælisleitendur er að mistakast vegna skorts á samræmi milli landa samkvæmt skýrslu Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna sem kom út á þriðjudag.

Í skýrslunni segir að flóttamönnum sé nánast tryggt hæli í sumum löndum, til dæmis í Svíþjóð, meðan þeir eigi ekki möguleika í öðrum, eins og Grikklandi.

Írakar eru fimmtungur hælisleitenda í Evrópu og hefur fjölgun þeirra undanfarin ár vakið umræðu um stöðu hælisleitenda í aðildarríkjum ESB. - sdg




**BLEIKA SLAUFAN** Bílstjórar Hreyfils hafa selt slaufur fyrir þrjár milljónir króna.

Fjáröflun Hreyfils gengur vel:

# Ferðum fjölgað um átta þúsund

**FÓLK** **Fjölgun var á afgreiddum ferðum Hreyfils-Bæjarleiða í október um tæplega átta þúsund, sé miðað við sama mánuð í fyrra, að sögn Sæmundar Kr. Sigurlaugssonar, framkvæmdastjóra Hreyfils.**

**Ef tekið er mið af september- og októbermánuði á þessu ári er aukningin um fjögur þúsund ferðir.**

**Sæmundur segir sölu á slaufum hafa gengið vel og að skrifstofa Hreyfils hafi afgreitt til bílstjóra slaufur fyrir tæpar þrjár milljónir. Leigubílstjórar munu selja bleikar slaufur út nóvembermánuð auk þess sem Hreyfill leggur áfram til tíu krónur af hverri ferð í þágu Krabbameinsfélagsins.** - eb



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is





**AÐ LEIK LOKNUM** Afganskur knapi ríður brott eftir að hafa keppt í buzkashi, sem er forn þjóðaríþrótt í Afganistan. Fer hún þannig fram að tvö lið ríðandi manna keppa um að kasta geit inn í hringlaga mark. NORDICPHOTOS/AFP

Bygging nýs hótels við Laugaveg 4 til 6 hefst innan árs:

# Of seint að grípa inn í ferlið

**SKIPULAGSMÁL** „Það er búið að samþykkja nýbyggingu í samræmi við samþykktir og boltinn er nú hjá eigendum lóðarinnar. Þeir hafa tvö ár til þess að klára bygginguna en verða að hefjast handa innan árs annars ógildast samþykktirnar,“ segir Magnús Sædal Svavarsson, byggingafulltrúi Reykjavíkurborgar, um stöðu mála við Laugaveg 4 til 6.

Magnús segir of seint að grípa inn í ferlið því þegar sé búið að veita leyfi og ganga frá samþykktum.

„Ef koma á í veg fyrir niðurrif húsanna verður borgarsjóður að öllum líkindum bótaskyldur.“



**LAUGAVEGUR 4-6** Teikning af framhlið fyrirhugaðs hótels á lóðinni.

Til stendur að byggja hótel á lóðinni og var sérstakur rýnihópur fenginn til þess að gefa álit á tillögum að nýbyggingu.

„Valið fólk hefur legið yfir tillögunni svo að útlitið samræmist götumyndinni og við teljum að svo sé, annars færum við ekki út í þetta,“ segir Magnús.

Svandís Svavarsdóttir, formaður skipulagsráðs, sagðist nýlega vilja reyna allt til að bjarga húsunum við Laugaveg 4 til 6. Niðurrif húsanna var samþykkt í skipulagsráði í ágúst síðastliðnum, áður en nýr meirihluti tók við.

Vinstri græn og F-listi létu við það tækifæri bóka að þau legðust alfarið gegn niðurrifi húsanna, þar sem um ein elstu hús borgarinnar væri að ræða. Fulltrúar Samfylkingarinnar sátu hjá við afgreiðslu málsins þar sem ekki var samþykkt að fara að fullu eftir tilmælum rýnihópsins. - eb

Þingsályktunartillaga:

# Grunnskólabörn hreyfi sig meira

**ALÞINGI Grunnskólabörn ættu að hreyfa sig á hverjum degi, samkvæmt þingsályktunartillögu Ellerts B. Schram, Samfylkingu, og Ragnheiðar Ríkharðsdóttur, Sjálfstæðisflokki.**

**Þingmennirnir óska eftir því við menntamálaráðherra að við endurskoðun námskrár grunnskóla verði vægi íþrótta aukið og börnum tryggð að minnsta kosti ein hreyfistund á dag.**

**Segja þingmennirnir börn á Íslandi hafa þyngst jafnt og þétt, meðal annars vegna hreyfingarleysis. Þetta hafi skaðleg áhrif á andlegt og líkamlegt heilsufar á fullorðinsárum.** - sgj


MANNAUÐSÞING

á Hilton hótel 15. nóvember 2007

STJÓRNVÍSI
Félag um framsækna stjórnun

Lykilstarfsmenn – áhrifaþættir!

Hvað ræður vali á vinnustað og starfsaldri lykilstarfsmanna hjá fyrirtækjum og stofnunum og hvernig má hafa áhrif á það?

| | |
|---|---|
| 12:40 | Skráning og afhending gagna |
| 13.00 | Þingið sett<br>Auður Þórhallsdóttir, formaður mannauðshóps Stjórnvísi og fræðslustjóri Samskipa |
| 13.05 | Hvaða kröfur gera lykilstarfsmenn?<br>Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent Ráðninga |
| 13.20 | Hvernig löðum við til okkar og höldum í lykilstarfsmenn?<br>Ingibjörg Sigrún Stefánsdóttir, starfsmannastjóri Askar Capital<br>Halldóra Matthíasdóttir, framkvæmdastjóri sölusviðs Hans Holding |
| 13.50 | Kaffihlé |
| 14.10 | Hvernig löðum við til okkar og höldum í lykilstarfsmenn?<br>Björn Jónsson, sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs Landspítalans<br>Fulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur |
| 14.40 | Hvað skiptir lykilstarfsmenn máli?<br>Magnús Már Þórðarson, sérfræðingur, fjármáladeild samsteypa, Kaupþing |
| 15.00 | Stutt kaffihlé |
| 15.10 | Vinnuhópar að störfum<br>Umræðuefni: Hvernig höldum við í lykilstarfsmenn? |
| 15:40 | Niðurstaða vinnuhópa kynnt |
| 16.10 | Samantekt þingforseta |
| 16.30 | Þinginu slitið |
| | Þingforseti er Gylfi Dalmann lektor við Háskóla Íslands |
| 16.30 | AFHENDING ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNANNA<br>Hóf í boði Stjórnvísi |

ÍSLENSKU GÆÐAVERÐLAUNIN • 2007 •

Verð kr. 12.900
skráning á
www.stjornvisi.is

FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ VR HÁSKÓLI ÍSLANDS

Grafika ehf




**LAKSHIMI** Læknar gerðu aðgerðina ókeypis þar sem fjölskyldan hafði ekki efni á henni. Áætlaður kostnaður er 36,3 milljónir. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðgerðin á stúlkunni með átta útlimi gekk vel:

# Fjölleikahús reyndi að kaupa stúlkuna

**INDLAND, AP** Læknar luku klukkan hálffimm í gær 27 klukkustunda aðgerð á tveggja ára indverskri stúlku sem fæddist með fjóra fótleggi og fjóra handleggi. Aðgerðin þótti takast vonum framar.

„Við erum þó ekki tilbúin að fagna strax þar sem ástand hennar verður alvarlegt næstu 48 til 72 tímana,“ sagði Sharan Patil, sem leiddi teymi meira en þrjátíu skurðlækna í aðgerðinni.

Stúlkan fæddist í þorpi á Indlandi og skírðu foreldrar hennar hana Lakshimi eftir hindúagyðju sem hefur fjóra handleggi.

Algengt er í afskekktum héruðum á Indlandi að börn sem fæðast vansköpuð séu talin endurholdgaðir guðir eða gyðjur. Foreldrar Lakshimi sögðu marga þorpsbúa telja dóttur þeirra gyðju. Þau sögðust þó hafa þurft að hafa hana í felum eftir að fjölleikahús reyndi að kaupa hana.

Orsök vansköpunarinnar er sú að upphaflega gekk móðirin með tvíbura. Annað fóstrið hætti að þroskast og þá tók hitt fóstrið yfir útlimi og nokkur líffæri hins. Fyrirséð var að aðgerðin yrði afar hættuleg og vandasöm þar sem mænur og taugar úr báðum fóstrunum sameinuðust í Lakshimi. Einnig þurfti að fjarlægja umframlíffæri.

Fæðing samvaxinna tvíbura er afar sjaldgæf og gerist í einu af hverjum 200.000 skiptum. Lífslíkur samvaxinna tvíbura eru á milli fimm og 25 prósent, að því er kemur fram á fréttavef BBC.

Læknar og foreldar Lakshimi vonast til að hún eigi eftir að læra að ganga. „Þessi stúlka á að geta lifað jafn góðu lífi og hver annar,“ sagði Patil. - sdg




Teppugjald í Lundúnum:

## Skrá lúxusbíla sem leigubíla

**BRETLAND** Færst hefur í aukana að lúxusbílar í London séu skráðir sem leigubílar. Breska samgönguráðuneytið grunar að þar sé svindl í gangi, þar sem eigendur lúxusbíla séu að koma sér undan greiðslu umferðarteppuskatts.

Að aka inn og út úr miðborg Lundúna á „dýrasta“ tíma kostar átta pund, rúmar þúsund krónur, í teppugjald. Leigubílsrekandi greiðir sem svarar 10.000 krónum einu sinni og síðan 3.000 kr. á ári. Fyrir þá sem aka nær daglega inn í miðbæ getur leigubílsskráning sparað allt að andvirði 200.000 króna á ári, að því er Evening Standard hefur reiknað út. - aa



**CARL I. HAGEN** Leiddi Framfaraflokkinn frá 1978 til 2006. NORDICPHOTOS/AFP

Æviminningar Carls I. Hagen:

## Vandar kollegum sínum ekki kveðjurnar

**NOREGUR** **Carl I. Hagen, sem fór fyrir Framfaraflokknum í Noregi í aldarfjórðung, vandar ýmsum fyrrverandi kollegum sínum úr norsku stjórnmálalífi ekki kveðjurnar í æviminningabók sinni „Í hreinskilni sagt,“ sem þessa dagana selst eins og heitar lummur í bókabúðum landsins.**

**Verstu útreiðina fær kristilegi demókratinn Kjell Magne Bondevik, fyrrverandi forsætisráðherra. Hagen telur hann hafa í tuttugu ár staðið í vegi fyrir því að Framfaraflokkurinn fengi að starfa með þingflokkum hinna borgaralegu flokkanna. Segir hann Bondevik vera „valdasjúkan, sjálfhverfan og falskan“.** - aa

Viðbúnaður í Tékklandi:

## Banna göngu nýnasista

**TÉKKLAND** Um 1.400 lögreglumenn munu raða sér upp á götur Prag á laugardag, „reiðubúnir að beita valdi“. Liðsmenn hægriöfgasamtakanna Ungir þjóðernisdemókratar hafa boðað að þeir muni fara fylktu liði um miðborgina og gamla gyðingahverfið. Gangan hefur verið bönnuð, enda litið á hana sem ögrun.

Þann 9. nóvember verða 69 ár frá Kristalsnóttinni svonefndu, þegar gyðingaofsóknir þýskra nasista náðu nýjum hæðum. - aa






INGVAR HELGASON **NOTAÐIR BÍLAR** • 100% FJÁRMÖG

# HÆTTU A

## Hrikaleg verðlækkun á fjölda bíla í fjóra daga!

## 7.-10. nóvember



35.500 á mánuði*

**-360.000!**

### Hyundai **Tucson**

**Ekinn 18 þús. Nýskr. 06/06. Bensín.**
Verð áður: 2.550.000 kr.

**2006**
Beinskiptur

**Nú: 2.190.000 kr.**



17.800 á mánuði*

**-300.000!**

### Volkswagen **Golf**

**Ekinn 46 þús. Nýskr. 03/05. Bensín.**
Verð áður: 1.390.000 kr.

**2005**
Beinskiptur

**Nú: 1.090.000 kr.**



12.600 á mánuði*

**-500.000!**

### Citroën **C5** Break

**Ekinn 121 þús. Nýskr. 04/02. Bensín.**
Verð áður: 1.090.000 kr.

**2002**
Sjálfskiptur

**Nú: 590.000 kr.**



13.000 á mánuði*

**-390.000!**

### Suzuki **Ignis**

**Ekinn 59 þús. Nýskr. 11/04. Bensín.**
Verð áður: 1.050.000 kr.

**2004**
Beinskiptur

**Nú: 660.000 kr.**



45.900 á mánuði*

**-610.000!**

### Nissan **Pathfinder**

**Ekinn 33 þús. Nýskr. 02/06. Dísel.**
Verð áður: 3.760.000 kr.

**2006**
Beinskiptur

**Nú: 3.150.000 kr.**

## HEILSÁRSDEKK Í KAUPBÆTI!

Allir sem kaupa notaðan bíl hjá okkur fá heilsársdekk í kaupbæti. Komdu strax í dag, skoðaðu úrvalið og aktu heim á frábærum bíl sem er tilbúinn fyrir vetraraksturinn. Við tökum vel á móti þér!



*Miðað við bílasamning og 100% lán.

ENNEMM / SIA / NM30520

GNUN Á ÖLLUM BÍLUM • HEILSÁRSDEKK Í KAUPBÆTI

# AÐ LEITA!

**3 dagar eftir**

**Enn er nóg eftir af góðum bílum. Komdu strax í dag!**

Þetta er ekki flókið, þú þarft ekki að leita lengra! Hjá okkur finnurðu frábært úrval notaðra bíla sem ALLIR eru á tilboðsverði! Við bjóðum hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á og raunverulega verðlækkun sem ekki býðst annars staðar.

**Einfaldlega góðir bílar á hlægilegu verði!**




**Opel Vectra B-Caravan**

**Ekinn 99 þús. Nýskr. 03/00. Bensín.**
Verð áður: 550.000 kr.

**2000** Beinskiptur — **Nú: 290.000 kr.**




**Ford Escape XLT**

**Ekinn 56 þús. Nýskr. 02/05. Bensín.**
Verð áður: 2.460.000 kr.

**2005** Sjálfskiptur — **Nú: 2.090.000 kr.**




**Hyundai Tucson**

**Ekinn 27 þús. Nýskr. 10/05. Bensín.**
Verð áður: 2.390.000 kr.

**2003** Beinskiptur — **Nú: 1.890.000 kr.**




**Ford Escape XLT**

**Ekinn 53 þús. Nýskr. 09/04. Bensín.**
Verð áður: 2.390.000 kr.

**2004** Sjálfskiptur — **Nú: 1.990.000 kr.**




**Hyundai Santa Fe**

**Ekinn 25 þús. Nýskr. 05/05. Bensín.**
Verð áður: 3.090.000 kr.

**2005** Sjálfskiptur — **Nú: 2.690.000 kr.**




**Hyundai Trajet**

**Ekinn 103 þús. Nýskr. 06/02. Bensín.**
Verð áður: 1.230.000 kr.

**2002** Sjálfskiptur — **Nú: 890.000 kr.**




**Opel Astra**

**Ekinn 11 þús. Nýskr. 01/06. Bensín.**
Verð áður: 1.890.000 kr.

**2002** Sjálfskiptur — **Nú: 1.550.000 kr.**




**Opel Astra 1.6 Enjoy**

**Ekinn 24 þús. Nýskr. 12/05. Bensín.**
Verð áður: 4.690.000 kr.

**2005** Beinskiptur — **Nú: 3.900.000 kr.**

Með fyrirvara um innsláttarvillur.

## FYRSTA GREIÐSLAN EFTIR ÞRJÁ MÁNUÐI!

Að sjálfsögðu standa þér til boða hagstæðustu greiðslukjör sem völ er á í dag. Allir bílar fást á 100% láni en auk þess kemur lánið ekki til afborgunar fyrr en að þremur mánuðum liðnum! Sölumenn á staðnum veita þér allar nánari upplýsingar og ganga frá lánsloforði og kaupsamningi fljótt og örugglega.

**INGVAR HELGASON**
Sævarhöfða 2 Reykjavík | Óseyri 5 Akureyri | Holtsgötu 52 Reykjanesbæ | Sími 525 8000 | www.ih.is
Opið: Mán – fös kl. 9-18 og lau kl. 12-16

IH
INGVAR HELGASON

## „ORÐRÉTT“

*Meinarðu Öryrkjabandið?*

**„Flestir sem ég þekki eiga vart til hnífs og skeiðar og að stela frá þessu fólki er alvarlegt mál.“**

PÁLL ÓSKAR HJÁLMTÝSSON SÖNGVARI LJÓSTRAR UPP UM FJÁRHAGSVANDRÆÐI VINA SINNA OG KUNNINGJA Í TÓNLISTARBRANSANUM.

Fréttablaðið 6. nóvember

*Eins og þruma úr heiðskíru?*

**„Það væri ágætt ef þeir myndu framvegis reyna að hafa almennileg samskipti við okkur.“**

SVAVAR LÚTHERSSON HJÁ ISTORRENT KVARTAR UNDAN ÞVÍ AÐ RÉTTHAFAR TÓNLISTAR HAFI EKKI LÁTIÐ HANN VITA AÐ ÞEIR VILDU EKKI LEYFA ÓKEYPIS NIÐURHAL Á VERKUM SÍNUM.

Fréttablaðið 7. nóvember

# tilveran

*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** SIF GUNNARSDÓTTIR VERKEFNASTJÓRI

## Undirbýr barnvæna viðburði



„Við erum alltaf að gera rosalega margt,“ segir Sif Gunnarsdóttir, verkefnastjóri viðburða Höfuðborgarstofu, þegar hún er spurð frétta. „Yfirskrift ferðamálasviðs á næsta ári verður Barnvæn menning – betri borg, svo við munum leitast við að vera mjög fjölskylduvæn í okkar viðburðahaldi og markaðssetningu á Reykjavík.

Við ætlum að finna út hvað er spennandi fyrir börn og barnafjölskyldur, sem er heilmargt. Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn tekur alltaf vel á móti fjölskyldufólki og það er margt annað að gerast sem er jafn spennandi fyrir 7 ára og 70 ára, svo sem hvalaskoðun.

Við vitum öll hvað hér er mikil menning, músík og svoleiðis, en höfum ekki verið að sýna þessa hlið. Það er líka ýmislegt á döfinni hjá öðrum en mér. Borgarbókasafn er að undirbúa útgáfu á kveri með upplýsingum um hvað börn geta gert hér á höfuðborgarsvæðinu. Á höfuðborgarstofu gefum við út mikið efni fyrir ferðamenn og ætlum að gefa út bækling sem höfðar til barnafjölskyldna, þar sem verður farið yfir tíu skemmtilegustu hluti sem hægt er að gera í Reykjavík fyrir þá sem eru yngri en tólf ára. Þá hafa bæði Menningarnótt og Vetrarhátíð orðið mun barnvænni. Á næsta ári undirbúum við fyrstu barnalistahátíðina sem haldin verður í Reykjavík árið 2009. Við ætlum að veiða inn öflugt fólk sem vinnur með börnum og koma saman að fjölbreyttri og umfram allt skemmtilegri hátíð. Ég hlakka ferlega mikið til að byrja á þessu.“

## KETTIR:

### SJÖFALDIR STÖKKVARAR

■ Kettir geta stokkið allt að sjöfalda hæð sína í loft upp. Sem betur fer eru þeir þeim hæfileika gæddir að lenda oftast á löppunum, því þeir hafa góða jafnvægisskynjun. Kettir snúa sér nefnilega í loftinu á dularfullan hátt og með flóknum hreyfingum. Þegar þeir lenda ganga þeir reyndar ekki beinlínis á löppunum, heldur eru þeir táfetar sem ganga á tánum. Menn og apar kallast hins vegar ilfetar.



## SJÓNARHÓLL

### ÓLÖGLEG SKRÁASKIPTI Á NETINU

## Listamenn bregðast við



**JÖRUNDUR RAGNARSSON** Leikari

„Mér finnst sniðugt eins og Radiohead gerði að bjóða fólki að ráða hvað það borgar fyrir plötuna þegar það nær í hana á netinu,“ segir Jörundur Ragnarsson leikari. „Netið býður auðvitað upp á meiri dreifingu á tónlistinni, þannig að tónlistarmenn geta kynnt sig á síðum eins og MySpace og komið sér á framfæri. Hins vegar er náttúrlega súrt þegar menn fá ekkert fyrir alla sína vinnu.“

„Mér finnst reyndar sorglegt ef plötuumslögin hverfa sem safngripir, en auðvitað þurfa listamenn að bregðast við þróuninni og koma sér á framfæri á netinu. Mugison er til dæmis með netverslun og selur tónlistina sína á lægra verði en í búðum. Fólk fær þá diskana senda heim til sín.“

„Næturvaktin hefur farið í ólöglega dreifingu á netinu og maður veit ekki hvernig salan á Næturvaktinni á DVD gengur fyrir jólin ef allir eru búnir að sjá hana á netinu. En svo er auðvitað sjarmi yfir að kaupa sjálfa diskana. Kannski væri hægt að selja Næturvaktina löglega á netinu.“


HAFRÉTTARSTOFNUN ÍSLANDS



**Hver á Norðurpólinn?**

Málstofa um réttarstöðu Norður-Íshafsins
Þjóðmenningarhúsinu
föstudaginn 9. nóvember kl. 11-14.

Dagskrá:
11.00 Ávarp Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur utanríkisráðherra.
11.15 Ron Macnab, meðlimur Norðurskautsnefndar Kanada:
The Central Arctic Ocean
- Shrinking Ice and Expanding Jurisdiction.
11.45 Jóhann Sigurjónsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunarinnar:
Fiskveiðar á norðurslóð við breyttar aðstæður.
12.15 Veitingar í boði Hafréttarstofnunar Íslands.
13.00 Douglas Brubaker, Fridtjof Nansen-stofnuninni:
The Northern Sea Routes - Legal Considerations.
13.30 Pallborðsumræður og fyrirspurnir.
Þátttakandi ásamt frummælendum: Trausti Valsson, prófessor í skipulagsfræði við Háskóla Íslands.
14.00 Slit.
Málstofustjóri: Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, forstöðumaður Hafréttarstofnunar Íslands.

Málstofan er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.




**DÓMSALURINN Í HEGNINGARHÚSINU** Magnús Páll Ragnarsson, Guðmundur Gíslason og Unnar Þór Bjarnason, starfsmenn Hegningarhússins, í friðaða dómsalnum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Friðaður dómsalur við Skólavörðustíg

**Hegningarhúsið við Skólavörðustíg á sér langa og merka sögu enda elsta fangelsi landsins. Þar hefur þó önnur merkileg starfsemi líka farið fram. Húsið hýsti um skeið Landsyfirrétt og Hæstarétt og þjónaði í raun hlutverki ráð- og dómhúss Reykjavíkur um nokkurt skeið. Gamli dómsalurinn var í notkun allt fram á síðasta áratug. Hann er nú friðaður og setur mikinn svip á húsið.**



**GUÐJÓN FRIÐRIKSSON** Segir Hegningarhúsið eiga afar merkilega sögu því auk þess að vera fangelsi var það um skeið líka ráð- og dómhús Reykjavíkur.

„Dómsalurinn í Hegningarhúsinu er mjög merkilegur,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur. Hegningarhúsið var tekið í notkun árið 1874 en tveir salir á efri hæð hússins voru notaðir fyrir bæjarþingið og fyrir dómhald. „Annar var upphaflega salur Landsyfirréttar, sem var æðsti dómstóll innanlands til 1919. Þá tók Hæstiréttur við og var þarna í húsinu allt til ársins 1947 þegar honum var reist nýtt hús við Lindargötu. Hinn salurinn var svokallaður borgarasalur. Þar fóru fram bæjarstjórnarfundir frá 1873 til 1903, sem og kosningar og bæjarþing Reykjavíkur.“

Margir vita ekki af dómsalnum á efri hæð Hegningarhússins, þar sem húsið hefur fyrst og fremst gegnt hlutverki fangelsis um nokkurt skeið. Að sögn Guðmundar Gíslasonar yfirfangavarðar voru þó kveðnir upp dómar þar allt fram á síðasta áratug.

„Reyndar eingöngu í undantekningartilfellum. Til dæmis gátu dómarar úti á landi haft þar aðstöðu þegar þeir áttu leið í bæinn til að lesa dóm yfir eða yfirheyra sakborning sem var kannski vistaður í fangelsinu, í stað þess að flytja hann út á land. Ég man eftir slíkum málum þegar ég var að byrja hér sem starfsmaður. En það var ekki reglulegt þinghald eða neitt slíkt.“

Fangavarðaskólinn var til húsa í dómsalnum á níunda og tíunda áratugnum en nú er hann friðaður og ekki má breyta neinum búnaði í honum. „Við höfum notað salinn undir fundi og styttri námskeið fyrir fangaverði,“ segir Guðmundur, „en þessi hluti hússins verður ekki tekinn undir neina aðra starfsemi. En hann setur mikinn svip á daglegt líf hjá okkur sem vinnum hér: þetta er gamalt hús og virðulegt og við erum minntir á það á hverjum degi að þetta er vinnustaður með mikla sögu.“

bergsteinn@frettabladid.is



**GAMLI LANDSYFIRRÉTTUR** Dómsalurinn hýsti eitt sinn gamla Landsyfirrétt og síðar Hæstarétt.



**MÁ EKKI HRÓFLA VIÐ** Ekki má hrófla við neinum húsmunum í salnum en hann er stundum notaður undir styttri námskeið fyrir fangaverði.




# Stórtónleikar í Reykjaneshöllinni

## í boði SpKef, laugardaginn 10. nóvember frá kl. 15 - 18

í tilefni af 100 ára afmæli Sparisjóðsins í Keflavík

**Hoppu-kastalarar**

SpKef 100 1907-2007

**Andlits-málun**

Sjóður Suðurnesjamanna í 100 ár

## Svona erum við

> Verðmæti útflutnings í milljónum króna




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** HEIMSMARKAÐSVERÐ Á HRÁOLÍU HÆKKAR

# *Sterk króna hefur hlíft Íslendingum undanfarið*

Hráolíuverð á heimsmarkaði náði í gær nýjum hæðum og fór verð á tunnu í 98 dollara og 50 sent í Bandaríkjunum í gær. Aðeins virðist tímaspursmál að mati sérfræðinga hvenær verðið nær 100 dollurum.

**Hvernig hefur þróunin verið?**
Verðið hefur meira en fjórfaldast síðan árið 2002, og er nú 40 prósentum hærra en í fyrra. Þó eru sérfræðingar sammála um að hráolíutunnan muni innan skamms fara yfir 100 dalina. Þrátt fyrir þetta er verðið ekki í sögulegu hámarki. Sé tekið tillit til verðbólgu og verð uppreiknað á verðlag dagsins í dag kostaði tunnan um 101 dal síðla árs árið 1980.

**Hvað veldur hækkununum?**
Margt kemur til, veiking Bandaríkjadals og slæmt veður á Norðursjó hefur verið nefnt sem hugsanlegar orsakir. Einnig gætir ótta sérfræðinga við mögulega árás Kúrda í Norður-Írak á mikilvæga olíuleiðslu í Tyrklandi. Ekki hjálpar að eftirspurnin er í hámarki, og munar þar miklu um aukna eftirspurn frá Kína og Indlandi. Allt þetta leiðir til þess að það verð sem íslenskir ökumenn greiða fyrir að fylla á tankinn hækkar.



**Er líklegt að bensínverð hækki meira hér á landi?**
Olíufélögin hafa hingað til skýrt hækkandi verð með tilvísun í hækkandi heimsmarkaðsverð. Sterk staða íslensku krónunnar gagnvart Bandaríkjadal ætti þó að hafa þau áhrif að bensínverðið haldist lægra hér á landi en annars hefði verið miðað við svo mikla hækkun á olíuverði á heimsmarkaði. Í gær var lægsta verð á lítra af 95 oktana bensíni í sjálfsafgreiðslu 128,60 krónur, og lítrinn af dísilolíu fékkst ódýrast á 130,10 krónur.

**Hverjir græða á hækkandi verði?**
Olíuríki á borð við OPEC-ríkin græða á háu olíuverði, auk þess sem olíufyrirtækin eru ekki á vonarvöl. Veik staða Bandaríkjadals mýkir þó höggið fyrir önnur lönd en Bandaríkin.

## SPURT & SVARAÐ
**ÓLÖGLEG DREIFING EFNIS Á NETINU**

### *Kynna verður rétt höfunda*

Samtök rétthafa tónlistar á Íslandi, Samtónn, vilja láta loka Istorrentvefnum og hafa kært forsvarsmenn vefjarins. Framkvæmdastjóri samtakanna er Gunnar Guðmundsson.



**GUNNAR GUÐMUNDSSON** Framkvæmdastjóri Samtóns.

**Hvers vegna eru þið á móti Istorrent?**
Vegna þess að sú starfsemi sem þar er rekin er ólögleg. Þar er tónlist, kvikmyndir, tölvuleikir, hugbúnaður og fleira efni sett inn án heimildar rétthafa.
**Vantar virðingu fyrir höfundarrétti hér á landi?**
Ég held að það megi kynna þessi mál betur en verið hefur.
**Hafið þið reynt að kynna fólki þessi mál?**
Já, við höfum sent kynningarbæklinga í alla grunnskóla og eiga þeir að kenna nemendum og foreldrum þeirra hvað má og hvað má ekki. Það þarf samt að gera betur, til dæmis að kynna framhaldsskólanemendum þessar reglur.

# Mótmæli kveðin niður í Georgíu

**Lögreglan í Georgíu réðst í gær gegn hópi mótmælenda sem hafði safnast saman fyrir utan þinghúsið í Tíblisi. Óróinn í landinu hefur ekki verið meiri síðan Eduard Shevardnadze hrökklaðist frá völdum fyrir fjórum árum.**




**LÖGREGLAN SEND Á VETTVANG** Eftir sex daga friðsamleg mótmæli samfleytt sendi Mikheil Saakashvili forseti lögregluna til að leysa upp mótmælin. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, naut mikilla vinsælda þegar hann komst til valda fyrir fjórum árum. Nú er orðin breyting þar á. Síðan á föstudag hafa á hverjum degi verið haldin mótmæli fyrir utan þinghúsið í Tíblisi, höfuðborg landsins. Þúsundir manna hafa lagt þangað leið sína til að krefjast þess að Saakashvili segi af sér og boði til kosninga.

Í gær réðst síðan lögreglan gegn mannfjöldanum og beitti kylfum, táragasi, þrýstivatnsbyssum og gúmmíkúlum. Mótmælendurnir flýðu og nokkur hundruð manns særðust í átökunum.

**Vinsældir dvína**
Þótt efnahagur landsins hafi batnað og spilling minnkað í stjórnartíð Saakashvilis hefur hann verið sakaður um aukna einræðistilburði. Fjölmiðlafrelsi er takmarkað og fólk hefur verið handtekið af pólitískum ástæðum, segja gagnrýnendur hans.

Saakashvili hlaut snemma lýðhylli fyrir að berjast gegn spillingu í Georgíu. Árið 2000 var hann gerður að dómsmálaráðherra í ríkisstjórn þáverandi forseta Georgíu, Eduards Shevardnadze, og varð fljótt vinsæll. Hann hlustaði á borgarana, notaði almenningssamgöngur og gekk um stræti höfuðborgarinnar Tíblisi.

**Vendipunktur í Georgíu**
Vendipunktur varð svo í Georgíu árið 2003. Hinn vinsæli Saakashvili fór í fararbroddi friðsamlegra mótmæla sem leiddu að lokum til þess að Shevardnadze sagði af sér en hann hafði í reynd stýrt landinu í ein þrjátíu ár – að undanskildum þeim sex árum sem hann var utanríkisráðherra Sovétríkjanna í stjórn Gorbatsjovs. Afsögnin kom í kjölfar þess að flokkur hans hafði lýst því yfir að hann hefði unnið þingkosningarnar í landinu. Yfirlýsingin leiddi til friðsamlegra fjöldamótmæla á götum úti í þrjár vikur undir forystu Saakashvilis og enduðu mótmælin með því að Saakashvili fór fyrir fjölda manns inn í þinghúsið, Shevardnadze flýði bygginguna og sagði af sér skömmu síðar.

**Valdamikill leiðtogi**
Saakashvili var kjörinn forseti Georgíu í janúar 2004. Á vef forsetaembættisins segir að hann hafi beitt sér gegn spillingu innanlands. Saakashvili á enn víðtækan stuðning almennings í Georgíu þó að stjórnarhættir hans þyki að sumu leyti minna á fyrri tíma þar sem lýðræði var ekki í hávegum haft. Forseti Georgíu hefur sterka stöðu, hann er valdamikill leiðtogi sem tekur óhikað ákvarðanir eftir því sem honum þykir þörf á. Georgíumenn eru vanir slíku frá fyrri tíð.

Margir hafa þó orðið fyrir vonbrigðum með Saakashvili og halda því fram að stjórnmálaástandið í Georgíu nú sé svipað og var á Sovéttímanum. Ekkert hafi breyst. Forsetinn Mikheil Saakashvili ráði því sem hann vilji ráða og gefi fyrirskipanir eftir hentugleika. Lýðræðið sé ekki upp á marga fiska því að kerfi kommúnismans hafi í raun haldið áfram undir öðru nafni.

Eftir að Saakashvili sendi lögregluna á mótmælendurna í gær virðist sem enn fleiri hafi misst trúna á honum.

## TELUR LÝÐRÆÐIÐ EKKI VIRT

Mamuka Kvaratskhelia er þekktur og vinsæll maður í Georgíu en í ónáð hjá yfirvöldum. Hann telur lýðræðislegar leikreglur ekki alltaf í heiðri hafðar í þessu gamla kommúnistaríki, þar sem Mikheil Saakashvili forseti er hinn sterki leiðtogi sem fer sínu fram.



**MAMUKA KVARATSKHELIA** Mamuka hefur verið atvinnulaus í tvö ár, að eigin sögn af því hann er óhræddur að segja skoðanir sínar.

Mamuka kveðst hafa orðið fyrir vonbrigðum með sinn gamla félaga Saakashvili og heldur því vonsvikinn fram að stjórnmálaástandið í Georgíu sé nú svipað og var á Sovéttímanum. Saakashvili ráði því sem hann vilji ráða og gefi fyrirskipanir eftir hentugleika. Lýðræðið sé ekki upp á marga fiska því að kerfi kommúnismans hafi haldið áfram undir öðru nafni. Það sé nokkurs konar einræði sem ríki.

Mamuka hefur nú verið án fastrar atvinnu í tvö ár og dregur fram lífið með lausavinnu í blaðamennsku og hjá Alþjóðaknattspyrnusambandinu við að taka út knattspyrnuvelli í Kiev í Úkraínu og Istanbúl í Tyrklandi. Hann segir að enginn þori að ráða sig í fasta vinnu af ótta við að lenda í ónáð og hefur því ekki mikla von um að fá vinnu nema stjórnmálaástandið breytist.



**BARÐIST GEGN SPILLINGU** Mikheil Saakashvili, forseti Georgíu, leiddi Rósabyltinguna í landinu í árslok 2003. Hann hefur barist gegn spillingu í landinu.



**SAGÐI AF SÉR** Eduard Shevardnadze, þáverandi forseti Georgíu, sagði af sér þegar fólk ruddist inn í þinghúsið í Tíblisi í árslok 2003.




FRÉTTASKÝRING
**GUÐSTEINN BJARNASON**
gudsteinn@frettabladid.is



FRÉTTASKÝRING
**GUÐRÚN HELGA SIGURÐARD.**
ghs@frettabladid.is





# Verkfæradagar

**25%** afsláttur af verkfærum, áltröppum og stigum

8 - 14 nóvember




blómaval

HÚSASMIÐJAN



# Frábær saman

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.

3 rafhlöður



**12.999**

**Hleðsluborvél, Hitachi**
12V, 3 rafhlöður, stuttur hleðslutími, ljós og bitasett fylgir með ásamt tösku
5247480



**Topplyklasett 33 stk.**
Toolux, 1/4", 4-13 mm og bitar
5052550
**1.699**



**Verkfæratöskur**
Stanley, 12,5 og 19"
5024771
**2.499**



**Laser**
Black&Decker,veggfesting og gráðuskífa fylgir með
5014616
**2.599**

blómaval

# Verkfæra



Gervijólatré
**30%**
afsláttur

Gervijólatré, toppstjarna fylgir með



Af öllum jólaljósum og jólaseríum

**30%**
afsláttur

Afslátturinn gildir ekki af öðrum tilboðum eða stjörnumerktum vörum.



**Búkkar**
2 stk. hæð 70 sm
5079905
**1.499**



# Allar Lavor
## háþrýstidælur
**á kostnaðarverði**



**999**

**Bita- og toppasett**
42 stk.
5249144

Jólagjöf iðnaðarmannsins



**27.899**

**Hleðsluborvél**
Hitachi, 14,4V , 2 stk. **lithium** rafhlöður 3 Ah
hleðslutími 45 min. 22 átaksstillingar 52/86 Nm.
55247020

# dagar

**25%** afsláttur
af verkfærum, áltröppum og stigum



HÚSASMIÐJAN

**2 stk.**
**Jólastjörnur**
**999**

Soldis
Silkitré & silkiblóm

**20%**
afsláttur

## Útgjöldin

> Hlutfall tómstunda og menningar af meðalneyslu heimila.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# neytendur
*hagur heimilanna*

NEYTANDINN: SIV FRIÐLEIFSDÓTTIR ÞINGKONA

## *Diet-kók glasið happakaup ævinnar*



„Það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég hugsa um bestu kaupin er diet-kók glas sem ég keypti á skemmtistaðnum Safarí á Skúlagötunni veturinn 1983. Það voru mikil happakaup því það varð til þess að ég eignaðist frábæran mann og tvo frábæra syni,“ segir Siv Friðleifsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, þegar hún er spurð um bestu og verstu kaup ævi sinnar en á meðan hún beið eftir drykknum hitti hún manninn í lífi sínu.

„Verstu kaupin sem ég man eftir að hafa gert eru hvítur bíll af tegundinni Seat Ibiza. Sá gripur var svo sannarlega engin happakaup og bilaði í honum held ég flest sem bilað gat enda var honum bölvað um nokkurt skeið af fjölskyldunni.

Mig grunar samt að þessi bíll hafi verið svokallaður mánudagsbíll því hann virtist bila mun meira en aðrir bílar af sömu tegund,“ segir Siv, en mörgum er kunnugt um áhuga hennar á hinum ýmsu tækjum og fararskjótum, einkum mótorhjólum.

„Ég hef alltaf haft áhuga á tækjum og mótorsporti, reyndar bara sporti almennt. Við maðurinn minn höfum bæði verið í íþróttum og höfum við fjölskyldan verið að veiða saman og synir mínir báðir orðnir miklir veiðimenn.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ

### FLJÓTLEG LEIÐ TIL AÐ STRAUJA SKYRTUR

■ *Maður hefur ekki alltaf tíma til að draga fram straubrettið, segir Marinó Thorlacius ljósmyndari.*



„Já, ég á eitt húsráð sem ég gríp stundum til í neyðartilfellum,“ segir Marinó Thorlacius ljósmyndari. „Ég er kannski á hraðferð að heiman þegar ég tek eftir að skyrtan mín er krumpuð. Til að spara tíma renni ég straujárninu létt - alls ekki fast - eftir framanverðri skyrtunni á meðan ég er enn í henni. Þá spara ég tímann sem það tekur að klæða sig úr og aftur í. Maður verður bara að muna að vera í bol innan undir skyrtunni,“ segir Marinó en vill ekki fara frekar út í þá sálma.

## MATUR & NÆRING ÓLA KALLÝ MAGNÚSDÓTTIR MASTERSNEMI Í NÆRINGARFRÆÐI

## Baunir og baunaréttir



Baunir eru hollur og góður matur. Þær eru uppistaðan í fæði margra þjóða og halda þar uppi próteinmagni í fólki. Íslendingar borða almennt mjög próteinríkt fæði en kostirnir við að neyta bauna eru margir. Baunir eru til dæmis ódýrar og því hagkvæmar til að drýgja kjöt. Fitan í þeim er að stærstum hluta ómettuð, ólíkt kjöti, og því ákjósanleg. Einnig eru baunir trefjaríkar. Með því að skipta út hluta af kjötinu fyrir baunir er því hægt að draga úr fituneyslu og auka trefjaneyslu.

Það vefst fyrir mörgum hvernig best er að matreiða baunir. Þurrkaðar baunir þurfa nokkuð langa suðu en til að stytta suðutímann er hægt að hella yfir þær sjóðandi vatni og láta það standa á þeim um stund. Síðan er ráðlagt að hella því vatni af og sjóða baunirnar í nýju vatni. Einnig er ágætis kostur að nota niðursoðnar baunir.

Til eru fjöldamargar tegundir af baunum og fást nokkrar þeirra hér á landi. Grænar baunir kannast flestir við en þær eru algengar sem meðlæti. Þær má einnig nota í blandaða pottrétti eða í baunamauk. Hvítar baunir eru þekktastar sem niðursoðnar bakaðar baunir í tómatsósu en eru annars góðar í salöt. Kjúklingabaunir eru ljósdrappleitar og svolítið hnetukenndar á bragðið. Þær eru góðar í súpur, pott- og pönnurétti og maukaðar í buff. Þær eru uppistaðan í hummus. Til eru margar mismunandi tegundir af linsum en þeim er oftast skipt í tvo meginflokka. Annars vegar stórar, flatar, oftast drapp-, græn- og brúnleitar og hins vegar litlar linsur, rauðar persneskar, gular og grænar kínverskar. Linsur eru góðar í súpur, salöt, pott- og pönnurétti. Nýrnabaunir eru nýrnalaga. Þær eru góðar í súpur, pott- og pönnurétti, blandaðar með grænmeti, hrísgrjónum, kjötréttum og maukaðar í buff. Smjörbaunir eru mjólkurhvítar, stórar og flatar. Þær eru góðar í súpur, pott- og pönnurétti og salöt en það getur verið betra að fjarlægja hýðið eftir suðu því það er seigt. Einnig eru þær góðar marineraðar með ýmsu grænmeti og kryddi.



Að lokum skal nefna sojabaunir en þær eru stundum nefndar kjöt austursins vegna þess hversu þýðingarmiklar þær eru mörgum austrænum þjóðum. Úr þeim eru framleiddar ýmsar fæðutegundir svo sem sojakjöt, sojasósa og tofu. Þær eru mikið notaðar í blandaða bauna- og pottrétti og maukaðar í baunabuff. www.mni.is



**KJÖTBORÐ** Framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands segir lambalærið ódýrara í Bandaríkjunum en hér, en á móti séu aðrir hlutar skrokksins dýrari þar en hér. Það endurspeglar mismunandi ásókn neytenda í mismunandi hluta, segir hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Íslenskt lambalæri dýrara hér en í Ameríku

**Viðskiptavinir Whole Foods matvöruverslanakeðjunnar í Bandaríkjunum greiða minna fyrir ferskt íslenskt lambalæri en viðskiptavinir sambærilegra verslana á Íslandi. Lærið er allt að því fimmtíu prósentum dýrara hér en í Bandaríkjunum, þótt lambið hafi alið manninn á Íslandi.**

Við verðsamanburðinn var notast við verð á lambalæri úr kjötborði í verslun Whole Foods á East Houston Street í New York, verslun Hagkaupa í Kringlunni og verslun Nóatúns í Nóatúni. Verslanirnar eru af svipuðum toga hvað varðar áherslur í vöruúrvali og verðlagi.

Í Whole Foods kostar lambalærið íslenska 7,99 dollara á pundið, sem samsvarar 1.040 krónum á kílóið. Í Hagkaupum kostar ferskt lambalæri úr kjötborði 1.478 krónur á kílóið, og í Nóatúni er kílóverðið 1.598 krónur. Hringt var í allar verslanirnar sama daginn.

Íslenskt lambalæri er því 42 prósentum dýrara í Hagkaupum en í verslunum Whole Foods í Bandaríkjunum, og lærið í Nóatúni er 53 prósentum dýrara.

Sigurgeir Þorgeirsson, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, segir að við samanburð eins og þennan sé mikilvægt að átta sig á því að allt önnur verðhlutföll séu á skrokknum í Bandaríkjunum en hérlendis. Til dæmis séu kótilettur og hryggir um það bil fimmtíu prósentum dýrari í Bandaríkjunum en á Íslandi.

Hann bætir við að þessi mikli verðmunur sé ekki síst vegna sterks gengis krónunnar gagnvart Bandaríkjadal. „Við höfum lengi þurft að sætta okkur við lægra verð á útfluttu kjöti en því kjöti sem fæst hér heima, einfaldlega vegna þess að framleiðslukostnaður hérna er hár og matvælaverðið líka,“ segir hann. „Það stendur ekkert undir þessu gengi eins og það er í dag.“

Spurður um ástæður þess að lærið er dýrara hér en kótilettur og hryggir ódýrari segir Sigurgeir það vera einhvers konar hefð í eftirspurn hérlendis. „Þetta endurspeglar mismunandi ásókn neytenda í mismunandi hluta, spái ég. Þetta hefur verið svona um áratugaskeið.“

salvar@frettabladid.is




Kryddaðu tilveruna með SS

Pestó salamí áleggspylsan er enn einn gleðigjafinn frá SS. Ofurlítið kröftug á bragðið, með óvæntum en skemmtilegum bragðkeim sem pestóið gefur. Pestó salamí frá SS er frábær á gróft brauð en svo er líka tilvalið að prófa hana á smáréttabakka, t.d. með fleiri tegundum af kryddpylsum eða fínni skinku.

VEISLA Í HEILA ÖLD 1907 SS 2007

www.ss.is

Fíton ehf. / SÍA




# HELENA RUBINSTEIN KYNNING Í HAGKAUPUM KRINGLUNNI DAGANA 8. – 14. NÓVEMBER

**Sérfræðingar Helena Rubinstein bjóða þér að koma og kynnast vörum sem breyta sýn þinni á snyrtivörum.**

LASH QUEEN er einstakur maskari sem lengir augnhárin meira en nokkur orð fá lýst.
COLOR CLONE kökufarðinn fullkomnar áferð húðarinnar svo árangurinn er nánast á mörkum þess ómögulega.

**Allir sem koma á Helena Rubinstein kynninguna fá prufu af nýja Color Clone Hydrapact farðanum*.**

Glæsilegir kaupaukar fylgja þegar keyptar eru vörur fyrir 6.000 kr. eða meira frá Helena Rubinstein meðan á kynningu stendur.



*á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## Kjarni málsins

> Hlutfall karlkyns kennara í grunn- og framhaldsskólum.




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN: ANNA DRÖFN ÁGÚSTSDÓTTIR SAGN- OG KYNJAFRÆÐINEMI**

# *Kynjafræðin ekki saumaklúbbasamsteypa*

Anna Dröfn Ágústsdóttir ætlar að ljúka BA-námi í sagnfræði frá Háskóla Íslands næsta vor, en er líka í námskeiðum í kynjafræði. „Ég er í fullu 90 eininga námi í sagnfræðinni. Ég fattaði svo seint hvað kynjafræðin er heillandi og þess vegna er ég að taka alla valkúrsana mína í kynjafræði,“ segir hún.

Að sögn Önnu tengjast fögin talsvert. „Nú er ég til dæmis að taka kúrsinn Lýðræði á 20. öld og þar er meðal annars verið að skoða kvennaframboðin og fleira í þeim dúr.

Mér finnst áhugavert hvað kynjafræðin nýtist manni í öllu. Auðvitað fer maður að hugsa allt út frá jafnrétti kynjanna hvort sem maður fer í bíó eða eitthvað annað. Við erum að skoða kynjakerfið og staðalímyndir, hvernig þetta kemur fram í öllu og hvaða áhrif það hefur.“



Anna segir hópinn í kynjafræðinni vera mjög fjölbreyttan. „Það heyrist oft að þetta séu bara femínistar og einhvers konar saumaklúbbasamsteypa þarna en það er alls ekki þannig. Yfirleitt skapast mjög líflegar umræður og það eru skiptar skoðanir á því hvernig best sé að ná fram jafnrétti kynjanna.“

Anna Dröfn segir sagnfræðina einnig mjög gagnlega og nýtast víða. „Þetta er akademískt nám sem fer inn á fjölmörg svið og dýpkar skilninginn á svo mörgum hlutum. Ég fattaði það kannski ekki þegar ég var að klára menntaskólann og valdi sagnfræðina en eftir á sé ég þetta.“

Anna stefnir á mastersnám strax næsta haust. Líklegast verði það nám tengt kynjafræðinni en það sé þó ekki víst. „Það er misjafnt eftir dögum hvað mig langar að gera, suma daga langar mig bara að fara að gera eitthvað allt annað eins og að læra ljósmyndun.“

■ **100 ára afmæli Kennaraháskólans**

## Skólaganga með Guðjóni Friðrikssyni



Kennaraháskóli Íslands og Kennarasamband Íslands efna til „skólagöngu“ með Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi laugardaginn 10. nóvember klukkan 10.30. Gangan er upphaf dagskrár Kennaraháskólans og Kennarasambandsins í tilefni þess að 100 ár eru liðin síðan Kennaraskóli Íslands var stofnaður og sett voru fyrstu fræðslulög á Íslandi. Gangan hefst frá Kennarahúsinu, Laufásvegi 81.

■ **Stofnþing**

## Nýtt félag framhaldsskólanema

Stofnþing Sambands íslenskra framhaldsskólanema (SÍF) fór fram í húsakynnum Fjölbrautaskólans í Breiðholti um helgina. Að stofnun SÍF koma Iðnnemasamband Íslands og framhaldsskólar af landinu öllu. Félaginu er ætlað að vera nýtt afl í baráttu framhaldsskólanema og verður það hagsmunafélag fyrir framhaldsskólanemendur allra námsbrauta á framhaldsskólastigi.

■ **Málþing**

## Lífshættir barna og ungmenna



Í tilefni útkomu bókar Sigrúnar Aðalbjarnardóttur prófessors, Virðing og umhyggja – Ákall 21. aldar, standa Félagsvísindadeild og rannsóknasetrið Lífshættir barna og ungmenna fyrir málþingi föstudaginn 9. nóvember klukkan 13.30-17.30 í Öskju Háskóla Íslands. Auk Sigrúnar munu meðal annarra þau Vilhjálmur Árnason heimspekiprófessor, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, MA í námssálarfræði og borgarfulltrúi, og dagskrárgerðarkonan Eva María Jónsdóttir halda erindi. Málþingsstjóri er Jón Torfi Jónasson prófessor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Að málþingi loknu verða léttar veitingar í boði Félagsvísindadeildar. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

■ **Ársþing**

## Skólaþróun og íþróttaiðkun

Ársþing Samtaka áhugafólks um skólaþróun verður haldið dagana 9.-10. nóvember næstkomandi. Þingið er að þessu sinni haldið í Íþróttafræðasetri Kennaraháskóla Íslands á Laugarvatni og verður sett í íþróttahúsinu föstudaginn 9. nóvember kl. 14. Þema þingsins er mikilvægi hreyfingar og leikja í skóla- og uppeldisstarfi. Auk fyrirlestra verður boðið upp á leik- og hreyfismiðjur um fjölmörg efni auk þess sem samtökin halda aðalfund sinn.




# Leiklist eykur skilning

**Markmið Félags um leiklist í skólastarfi (FLÍSS) er að stuðla að fjölbreyttara og skemmtilegra námi með aðstoð leiklistar. Þá getur leiklist komist til móts við nemendur með námsörðugleika.**



**LEIKLIST Í HLÍÐASKÓLA** Hlíðaskóli var einn af fyrstu skólunum sem hófu að kenna leiklist sem sérstakt fag og læra nemendur frá 2. til 8. bekk leiklist í sex vikur á hverju skólaári. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Félag um leiklist í skólastarfi gengur út á að efla leiklist á öllum skólastigum og stuðla að því að leiklist sé bæði kennd sem listgrein og notuð í venjulegri kennslu,“ segir Ólafur Guðmundsson, formaður FLÍSS og leiklistarkennari í Hlíðaskóla.

Félagið var stofnað fyrir rúmum tveimur árum af leiklistarkennurum og kennurum á öllum skólastigum sem hafa áhuga á að nota leiklist sem kennsluaðferð í skólum.

„Það eru til alls konar aðferðir til þess að nota leiklist í kennslu. Ég kenni leiklist sem sérstakt fag og kenni börnunum tækni leiklistarinnar. Að nota leiklist í kennslu er síðan annað mál. Ef börn eru til dæmis að læra um víkingaöld, þá eru notaðar aðferðir leiklistarinnar til að fræða þau um víkingana. Börnin setja sig í spor þeirra og upplifa hvernig það var að vera uppi á þeirra tíma.“

Ólafur segir leiklist ekki síður skemmtilega aðferð til þess að brjóta upp starf kennara. „Ég myndi halda að þetta gerði kennsluna fjölbreyttari og geri það að verkum að venjulegar kennsluaðferðir verða ekki eins leiðigjarnar.“

Hann segir leiklist í kennslu færa skólastarfið upp frá borðunum. „Ég held að þetta hafi mjög mikið gildi. Leiklistin styrkir félagsvitund og sjálfsmynd barnanna. Þau upplifa fleiri hliðar á sjálfum sér í leikrænu starfi og tengjast hvert öðru á annan hátt.

Þetta er félagslegt starf þar sem þau þurfa að takast á sjálfan sig, sýna frumkvæði og vera skapandi. Svo þykir þeim þetta flestum rosalega skemmtilegt.“

Leiklistin getur komist til móts við þá sem eiga erfitt með að læra á venjubundinn hátt.

„Þeir sem eiga erfitt með lestur og að tjá sig skriflega upplifa sig oft sterka í leiklist og tengjast efninu allt öðruvísi,“ segir Ólafur, sem hvetur alla kennara sem hafa áhuga á leiklist í skólastarfi að kynna sér vinnusmiðju FLÍSS.

eva@frettabladid.is

### VINNUSMIÐJA UM LEIKLIST

Vinnusmiðja FLÍSS stendur fyrir fræðslu fyrir kennara sem vilja kynnast notkun leiklistar í kennslu. Í samvinnu við fræðsludeild Þjóðleikhússins mun Patrice Baldwin, formaður landssamtaka kennara sem vinna með leiklist í skólastarfi í Bretlandi, halda námskeið í Reykjavík helgina 24. til 25. nóvember. Á námskeiðinu verður fjallað um vinnu sem hefur það að markmiði að örva sem flest svæði heilans og verða myndasögur, tónlist, hreyfingar, textabrot og rödd rannsökuð á skapandi hátt.

Baldwin mun taka fyrir efni á borð við fólksflutninga og kanna það í gegnum leiklist. Þátttakendur munu skoða hvernig fólk aðlagar sig nýjum og framandi aðstæðum og menningarheimum, tilfinningalega og huglægt, og hvernig fólkið sem býr fyrir á staðnum tekur á móti því sem er framandi. Nánar er fjallað um námskeiðið á heimasíðu FLÍSS. http://www.blog.central.is/fliss.

Samtök náttúru- og útiskóla stofnuð:

# Finnum fyrir miklum áhuga, væntingum og tilhlökkun

Samtök náttúru- og útiskóla voru stofnuð laugardaginn 3. nóvember. Helena Ólafsdóttir, verkefnastjóri Náttúruskóla Reykjavíkur, segir áhugann hafa farið fram úr björtustu vonum og að miklar væntingar séu bundnar við samtökin.

Náttúruskóli Reykjavíkur er þriggja ára verkefni á vegum Reykjavíkurborgar sem hófst árið 2005. Hluti af starfi hans hefur verið að mynda net milli þeirra sem sinna útikennslu. „Víðs vegar um landið eru margir að sinna útikennslu og fræðslu á vettvangi undir mismunandi heitum,“ segir Helena. „Okkur fannst tími til kominn að hóa þessum aðilum saman til að mynda samtök aðila sem vinna með þessum hætti með það að markmiði að skapa vettvang fyrir faglegt samráð, samstarf og til að byggja upp þekkingu innan stéttarinnar. Maður er svo miklu sterkari í samstarfi en þegar maður er einn og þarf alltaf að vera að finna upp hjólið.“



**HELENA ÓLAFSDÓTTIR** Fannst tími til kominn að mynda samtök með það að markmiði að skapa vettvang fyrir faglegt samráð og samstarf á sviði útikennslu. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Helena segir að félagar í samtökunum séu margir og ólíkir. „Við vildum ekki einskorða okkur við eitt svið heldur reyna að hafa þetta þverfaglegt. Í samtökunum eru því leik- og grunnskólar og fjölmargir aðilar á vegum hins opinbera, sveitarfélaga eða jafnvel einkaaðila sem eru að taka á móti skólahópum og almenningi, til dæmis þjóðgarðarnir.“

Stofnmeðlimir í samtökunum eru 89, sem Helena er afar sátt við. „Okkur þykir þetta nokkuð gott. Við finnum fyrir miklum áhuga og væntingum og ekki síður tilhlökkun hjá fólki yfir því að eignast kollega.“ -bs


BÓNUS HELGARTILBOÐ BÓNUS
959
Ali ferskur svínahnakki 40% afsláttur
959 kr/kg. Merkt verð 1599 kr/kg.
292
Bónus ferskir blandaðir kjúklingabitar
35% afsláttur 292 kr/kg. Merkt verð 449 kr/kg.
BÓNUS BAYON SKINKA
898
Bónus Bayonskinka úr læri
898 kr/kg.
BÓNUS FERSKT NAUTAHAKK
699
Bónus ferskt nautahakk 699 kr/kg.
81% PRÓTEIN INNIHALD
BITAFISKUR
998
Gull bitafiskur 200g
998 kr. pokinn.
ÍSLANDS NAUT
1998
Íslandsnaut:
Ungnautafillet 1998 kr/kg.
25% VERÐLÆKKUN
Nautaat
898
Nautaat frosnir hamborgarar
10 x 120g (1200g) 898 kr.
Merkt verð 1198 kr .
Weetabix Weetos CHOCOLATE FLAVOUR
249
Weetos 375g 249 kr. pakkinn.
McCain Superfries
198
McCain franskar kartöflur. Tvær teg. 1 kg. 198 kr.
Bónus þakkar
viðskiptavinum sínum
stuðning og góðar
óskir liðna daga.
Gerið ykkar eigin
verðsamanburð.
Bónus býður betur.
3 Eldhúsrúllur
298
Bónus eldhúsrúllur XL 3 stk. 298 kr.
SUÐUSÚKKULAÐI Góð kaup
198
GK suðusúkkulaði 300g 198 kr.
SMJÖRLÍKI
79
MH smjörlíki 500g 79 kr.
20% LÆGRA VERÐ.
SMYRILL BÓNUS
69
Bónus smyrill 300g
Aðeins 69 kr.
Rúgkaka
139
Polarbrauð 6 kökur í poka 139 kr.
BÓNUS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
AFGREIÐSLUTÍMI MÁNUD-FIMMTUD. 12.00 TIL 18.30.


TILB
STÚTFULL BÚÐ AF
STÚTFULLUR 8BLS BÆKLINGUR AF SPENNANDI TILBOÐUM



BOÐ
FRÁBÆRUM TILBOÐUM
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
1GB MINNI
2.990
1GB OCZ DDR2 667MHz vinnsluminni
ER MEÐ 500GB HÖRÐUM DISK
LÆGSTA VERÐ Á ÍSLANDI
500GB INOi SPILARI
19.900
SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ 720P
TILBOÐ MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
25DVD DISKAR
1.890
Verbatim 16x DVD+R spindill
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ
500GB HARÐDISKUR
8.990
Western Digital Caviar SE16 SATA2
HVERGI LÆGRA VERÐ!
Til afgreiðslu Strax á meðan birgðir endast
ACER 2480 FARTÖLVA
46.900
ACER FARTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI
Ef þú finnur tölvuna auglýsta ódýrari en hjá okkur
VERÐ VÖRN
Þá lækkum við okkar verð á staðnum
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 33 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
VE - Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og miðuð við Visa/Euro skuldabréf með hagstæðum vöxtum, stimpil og lántökugjaldi inniföldu.

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**OMX ÍSLAND 15**
7.290 **-3,39%**

**Fjöldi viðskipta:** 1111
**Velta:** 17.287 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Atlantic Petr.** | +8,44% | **Icelandair** | -6,11% |
| **Foroya banki** | +0,70% | **Straumur** | -3,98% |
| **Century Alum.** | +0,30% | **Kaupþing** | -3,87% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:**
**ATORKA 10,52 -1,68%** ... Bakkavör 59,00 -3,28% ... Eimskipafélagið 39,85 -0,87% ... Exista 28,80 -3,84% ... FL Group 22,75 -2,78% ... Glitnir 25,20 -3,26% ... Icelandair 22,30 -6,11% ... Kaupþing 968,00 -3,87% ... Landsbankinn 40,80 -2,74% ... Straumur 16,90 -3,98% ... Össur 101,50 -2,40% ... Teymi 6,45 -1,98%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*



**Fall hjá Straumi**
Enn einn lykilstarfsmaður Straums er fallinn í faðm samkeppnisaðila. Nú síðast fór helsti miðlari bankans, Ægir Birgisson, yfir til VBS fjárfestingarbanka. Tók hann Markús Mána Michaelsson með sér. Svo mikið varð forstjóra Straums, William Fall, um þegar hann heyrði þessi tíðindi að hann flaug heim til Íslands í snatri í vikunni til að reyna að telja mönnunum hughvarf. Það gekk ekki eftir. Fall hlýtur að vera hugsi yfir ástandinu. Lykilfólk af lánasviði, fyrirtækjasviði og í markaðsviðskiptum hefur flúið bankann undanfarið og tekið að sér störf annars staðar.

**Ekki öll kurl í gröf**
Af samtölum við fólk í bönkunum í gær eru margir skjálfandi á beinunum vegna mikillar lækkunar á mörkuðum. Við opnun bandaríska hlutabréfamarkaðarins féll verð og dollari sem hafði áhrif hér heima. Íslenskir fjárfestar virðast vera búnir að skuldsetja verðbréfasöfnin sín mikið svo lítil lækkun getur haft víðtæk áhrif. Davíð Oddsson seðlabankastjóri minntist á óróleika á fjármálamörkuðum á þingi Viðskiptaráðs í fyrradag: „Allar líkur eru á að næstu mánuðir geti orðið erfiðir hvað þetta varðar og fjarri er að efni séu til að trúa því að öll kurl séu komin til grafar.“ Varið ykkur nú!

## MARKAÐSPUNKTAR

Actavis var fyrsta fyrirtækið til að setja geðlyfið Olanzapine á markað í Þýskalandi eftir að einkaleyfi á því féll úr gildi þar. Lyfið er eitt það söluhæsta í Evrópu og í sjöunda sæti yfir söluhæstu lyf heims.

Greiningardeild Landsbankans telur frekari vaxtahækkanir Seðlabankans ólíklegar en ekki útilokaðar. Lækkunarferli muni líklega hefjast á þriðja fjórðungi næsta árs. Vextir muni þó haldast háir út árið 2010.

Bandaríkjadalur hélt áfram að veikjast í gær. Við dagslok kostaði ein evra 1,47 dollara og hefur aldrei verið dýrari. Veikingin í gær tengdist fréttum um að hugsanlega yrði hlutfall dollara í gjaldeyrisforða Kínverja minnkað.






# SPRON tapaði 850 milljónum króna

SPRON skilaði 850 milljóna króna tapi á þriðja ársfjórðungi. Á sama tímabili í fyrra hagnaðist SPRON um rúma sjö milljarða íslenskra króna. Fram kemur í fréttatilkynningu að tapið skýrist fyrst og fremst af hræringum á fjármálamörkuðum á undanförnum mánuðum.



**GUÐMUNDUR HAUKSSON, SPARISJÓÐSSTJÓRI SPRON** SPRON tapaði 850 milljónum króna á þriðja ársfjórðungi.

Hagnaður af rekstri SPRON eftir skatta nam tæpum 9,3 milljónum króna á fyrstu níu mánuðum ársins. Guðmundur Hauksson, sparisjóðsstjóri SPRON, segir í tilkynningunni að afkoma bankans á fyrstu níu mánuðum ársins hafi verið umfram væntingar. Arðsemi eigin fjár sé 41,6 prósent, langt yfir yfirlýstu markmiði SPRON um fimmtán prósenta arðsemi eigin fjár á ársgrundvelli.

# Mikil lækkun í Kauphöllinni

**Gengi allra fjármálafyrirtækjanna féll um rúm tvö prósentustig í Kauphöllinni í gær. Dýfan var í takti við sviptingar á alþjóðlegum mörkuðum í gær vegna versnandi framtíðarhorfa fjármálafyrirtækja.**



**LÍTIL GLEÐI Á BANDARÍSKUM MARKAÐI** Margar af helstu hlutabréfavísitölunum lækkuðu á fjármálamörkuðum í gær.

Úrvalsvísitalan lækkaði um tæp 3,4 prósent í gær en fór lægst niður um fjögur prósent, endaði í 7.290 stigum og hefur ekki verið lægri síðan um miðjan mars. Þetta er tíunda mesta lækkunin í Kauphöllinni frá upphafi en vísitalan hefur lækkað um tæp átta prósent í vikunni.

Gengi bréfa í Icelandair féll mest, um 6,11 prósent, en á hæla þess komu fjármálafyrirtækin Straumur, Kaupþing, Exista og SPRON, sem fór niður í sitt lægsta gengi síðan viðskipti hófust með bréf í félaginu. Hin fjármálafélögin enduðu daginn heldur ekki vel því gengi nokkurra þeirra hefur ekki verið lægra síðan í byrjun árs.

Greiningardeild Landsbankans bendir á það í Vegvísi sínum í gær að nokkrir þættir eigi þátt í þessari snörpu niðursveiflu sem sé dýpri en sú sem gekk yfir í byrjun ágúst. Þar vegi inn í óvissa um Kaupþing í kjölfar kaupa á NIBC og hátt skuldatryggingaálag sem bendi til að erlendir fjárfestar telji óvenju mikla áhættu felast í íslensku bönkunum.

Hvað alþjóðamarkaðinn varðar spilar inn í aukinn ótti fjárfesta vegna lánakrísunnar vestanhafs frá í júlí og ýmsir óvissuþættir tengdum þarlendum fasteignalánamarkaði sem hafi sett skarð í afkomu fjármálafyrirtækja víða um heim.

Við bætist hátt olíuverð, sem stendur nálægt hundrað dölum á tunnu, samhliða afar lágu gengi Bandaríkjadals gagnvart helstu gjaldmiðlum, að mati greiningardeildar Landsbankans.

**jonab@frettabladid.is**

# Gengistap á Stork

Rekstrarhagnaður Marels á þriðja ársfjórðungi 2007 var 1,8 milljónir evra, eða um 155 milljónir króna. Það er álíka mikill rekstrarhagnaður og á sama tímabili í fyrra.

Í uppgjöri Marels kemur fram að hlutabréf í hollenska fyrirtækinu Stork eru færð á reiknuðu markaðsvirði og koma fram í 6,7 milljóna evra tapi á þriðja ársfjórðungi.

Sala þriðja ársfjórðungs nam 66 milljónum evra samanborið við tæpar 58 milljónir í fyrra. Salan á tímabilinu jókst því um fimmtán prósent. Arðsemi eigin fjár Marels var um 2,4 prósent á fjórðungnum.

Greiningadeildir bankanna spáðu Marel misjöfnu gengi. Landsbankinn gerði ráð fyrir að félagið tapaði 4,5 milljónum evra á þriðja ársfjórðungi, Kaupþing spáði 400 þúsund evra hagnaði og Glitnir taldi að Marel fengi 800 þúsund evrur í hagnað.






# Lækkun hjá Sampo

Gengi hlutabréfa í finnska tryggingafélaginu Sampo lækkaði um 1,6 prósent í gær, en félagið kynnti þá afkomu sína á þriðja ársfjórðungi. Sampo skilaði sem nemur 16,4 milljarða króna hagnaði eftir skatta á tímabilinu, sem er fjórðungi minna en á sama tíma í fyrra.

Frá áramótum hefur hagnaður félagsins hins vegar margfaldast frá fyrra ári, eða um 360 prósent, samkvæmt Morgunkorni Glitnis í gær. Exista á tuttugu prósenta hlut í félaginu.

Greining Glitnis segir afkomuna í heild í takt við væntingar. Greiningardeild Landsbankans segir hins vegar hagnaðinn hafa verið níu prósentum undir meðalspá greinenda.



**BAKKAVARARBRÆÐUR** Lýður og Ágúst eru helstu eigendur Exista.

Í kynningu Sampo á uppgjörinu segir að þegar árið verði gert upp séu hins vegar allar líkur á að félagið nái markmiði um 17,5 prósenta arðsemi eigin fjár.

**- ikh**

# STURTUKLEFAR




Verð kr. 31.900,-

**Rúnað sturtuhorn** 80x80 6mm öryggisgler




**Rúnaður** 80x80 og 90x90 6mm hert öryggisgler allan hringinn




**Kanntaður** heilopnun 80x80 og 90x90 8mm hert öryggisgler allan hringinn




**Trapisulagaður** framopnun 90x90 8mm hert öryggisgler allan hringinn

Heilir sturtuklefar úr öryggisgleri

verð frá 76.900,-

CCC
EOOO479
Öryggisgler skv. staðli
það eina löglega fyrir baðherbergi

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fatlaðir á hæfingarstöðvum fá ekki greitt fyrir vinnu sína samkvæmt samningum.

# Brot á réttindum fatlaðra

**STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR**

Greiðslur sem koma í hlut fatlaðra vegna vinnu sem þeir inna af hendi á hæfingarstöðvum hafa verið til umræðu undanfarna daga. Ástæðan er frétt Fréttablaðsins í fyrradag um fatlaðan mann sem fékk 4.200 krónur í mánaðarlaun fyrir vinnu sína á hæfingarstöðinni Bjarkarási.

Nú er hæfingarstöð ekki vinnustaður í sama skilningi og verndaður vinnustaður. Hins vegar felst hluti af starfsemi hæfingarstöðva fatlaðra í því að þeir sem þar dvelja vinna að verkefnum sem greitt er fyrir. Í því tilviki er ósanngjarnt annað en að þeir sem skapa tekjur með vinnuframlagi sínu fái laun fyrir. Hlutverk hæfingarstöðva er meðal annars að veita starfsþjálfun, og spyrja má hvort hluti af starfsþjálfuninni felist ekki einmitt í að þiggja laun fyrir störf sín, að fá greitt fyrir vinnu sem innt er af hendi og skapar verðmæti.

Á vernduðum vinnustöðum fá starfsmenn laun samkvæmt kjarasamningi. Það sama ætti að gilda á hæfingarstöð þegar unnin eru verkefni sem skapa tekjur. Örorkubætur eru lágar og tekjuöflun ofan á þær er hvetjandi og ýtir undir sjálfstæði og reisn.

Kristján Valdimarsson, formaður Hlutverks, samtaka um vinnu- og verkþjálfun, bendir í frétt Fréttablaðsins á að best væri að kjarasamningar yrðu gerðir milli verkalýðsfélaga og sveitarfélaga um launamál fólks sem starfar á hæfingarstöðvum á sama hátt og gert hefur verið á öðrum vinnustöðum fatlaðra.

Þetta er lykilatriði. Á hverjum þeim launaseðli sem atvinnurekandi sendir frá sér verður að sjást hversu mikið hefur verið unnið og á hvaða taxta. Þetta er réttur allis vinnandi fólks og á að gilda um fatlaða jafnt sem ófatlaða.

*Allir, fatlaðir sem ófatlaðir, sem skapa verðmæti í störfum sínum eiga að fá greitt fyrir vinnu sína með sýnilegum og samningsbundnum hætti.*

Gerður Aagot Árnadóttir, læknir og formaður Þroskahjálpar, bendir í frétt blaðsins á að Ísland sé langt á eftir öðrum löndum á þessu sviði. Hún bendir einnig á að sagt sé að tryggingabætur eigi að koma í stað launa hjá fólki sem tekur þátt í starfsemi hæfingarstöðva. „Það segir sig samt sjálft að auðvitað vill fólk fá laun fyrir störf sín,“ segir Gerður.

Taka má undir þessi orð Gerðar og einnig það sjónarmið Kristjáns Valdimarssonar að það sé prinsippmál að taki hæfingarstöð við verkefnum sem gefa af sér tekjur eigi starfsmennirnir að fá þær að launum fyrir vinnu sína.

Ljóst er að hér er breytinga þörf. Sveitarfélögin og félagsmálaráðuneytið þurfa að taka höndum saman og leiðrétta það misrétti sem hér er á ferðinni.

Í raun og veru er málið einfalt. Allir, fatlaðir sem ófatlaðir, sem skapa verðmæti í störfum sínum eiga að fá greitt fyrir vinnu sína með sýnilegum og samningsbundnum hætti. Það eru mannréttindi.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björn Þór Sigbjörnsson, Kristján Hjálmarsson og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Hvað vissi Geir?**

Björn Ingi Hrafnsson upplýsti á heimasíðu sinni á þriðjudag að Vilhjálmur Vilhjálmsson, fyrrverandi borgarstjóri, hefði fyrir fregan kynningarfund um samruna REI og GGE kynnt Geir Haarde forsætisráðherra málið og að Geir hefði litist vel á. Forsætisráðherra staðfestir að Vilhjálmur hafi rætt samrunann við sig, en kveðst ekki hafa fengið að vita um efnisatriði málsins. Birni Inga finnst þetta ekki trúlegt og spyr: „Hvers eigum við sem erum ekki í Sjálfstæðisflokknum eiginlega að gjalda með sjálfstæðismenn og samtöl þeirra? Nú er komið í ljós að minnisblöð eru ekki nóg og ekki heldur samtöl því enginn man neitt eða allir misskilja hlutina.“

**Hvað vissi Guðni?**

Gott og vel. En hvernig var þessu háttað í Framsóknarflokknum? Hversu rækilega skýrði Björn Ingi málið fyrir forystumönnum hans – eða öllu heldur hver var skilningur þeirra á málinu eftir að hafa rætt við Björn Inga? Í útvarpsviðtali snemma í október var Guðni Ágústsson, formaður Framsóknar, spurður hvað hann vissi um sameiningu REI og GGE. Hann sagðist hafa heyrt af því í gegnum Björn Inga Hrafnsson en viðurkenndi um leið að hafa ekki áttað sig á málinu þá. Og hver voru viðbrögð formannsins þegar hann loksins áttaði sig á málinu? „Fólk reiddist yfir þessum miklu kaupréttarsamningum sem er nú sem betur fer búið að draga til baka,“ sagði hann í viðtali við Fréttablaðið.



**Vill fleiri borgarfulltrúa**

Margrét Sverrisdóttir lýsti því yfir í fréttum RÚV á þriðjudag að hún væri hlynnt því að borgarfulltrúum yrði fjölgað úr fimmtán í 21. Það væri ekki í fyrsta sinn sem það yrði gert. Vinstristjórnin sem var við völd í borginni 1978 til 1982 samþykkti að borgarfulltrúum skyldi fjölgað á kjörtímabilinu á eftir. Árið 1982 komust sjálfstæðismenn aftur til valda. Þeirra fyrsta verk var að samþykkja að borgarfulltrúum skyldi fækkað aftur næsta kjörtímabil.

bergsteinn@frettabladid.is

# Framlengdir armar



**ÞORVALDUR GYLFASON**

**Í DAG** | Sérhagsmunagæsla

Ísland er fákeppnisland. Það stafar þó ekki af smæð landsins. Mörg önnur smálönd búa við mikla samkeppni. Galdurinn er að greiða fyrir viðskiptum við útlönd, og þá stækkar heimamarkaðurinn eins og Adam Smith rakti með skýrum rökum í Auðlegð þjóðanna 1776. Til dæmis búa Eistar nú við gallharða samkeppni á fjármálamarkaði, þótt þeir séu aðeins fjórum sinnum fleiri en við og landsframleiðsla Eistlands hafi verið minni en landsframleiðslan hér heima, þegar Eistum tókst loksins að brjótast undan oki Sovétstjórnarinnar 1991. Smæð er engin fyrirstaða.

Nei, Ísland er fákeppnisland fyrst og fremst vegna þess, að stjórnvöld hafa frá fyrstu tíð verið á bandi framleiðenda og skeytingarlaus um hag neytenda. Ég er að tala um Framsóknarflokkinn og bændur, Sjálfstæðisflokkinn og heildsalana og útgerðina og allt það. Enn eimir svo mjög eftir af þessum faðmlögum stjórnmálaflokkanna og framleiðenda, að ungt fólk hlýtur sumt að halda, að Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð séu landsmálafélög í Sjálfstæðisflokknum líkt og Vörður og Hvöt. Landbúnaðarráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið hegða sér enn eins og þau séu framlengdir armar bænda og útvegsmanna. Og nú virðist Seðlabankinn með líku lagi vera genginn í lið með viðskiptabönkunum. Í þau skipti, sem háa útlánsvexti og lága innlánsvexti bankanna hér hefur borið á góma, hefur Seðlabankinn kveðið sér hljóðs með villandi upplýsingum um málið og reynt að gera sem allra minnst úr vaxtamuninum. Þetta gerðist fyrir kosningar í vor leið og aftur nú um daginn. Seðlabankinn á að lögum að gæta hagsmuna almennings, ekki bankanna.

**Seðlabankinn og bindiskyldan**

Ég lýsti því hér fyrir viku, að Seðlabankinn lagði án skýringar frá sér skætt vopn gegn verðbólgu, bindiskylduna, og ákvað heldur að styðjast einvörðungu við stýrivexti. Þessi ákvörðun bankans 2001 ásamt máttlausum fortölum bar ekki betri árangur en svo, að verðbólgan hefur lengst af verið langt yfir verðbólgumarkmiði bankans og oftar en ekki yfir efri þolmörkum. Bankinn hlýtur að hafa reist ákvörðun sína um afnám bindiskyldunnar á rökstuddri, dagsettri greinargerð. Þá greinargerð ætti bankinn nú að leggja fram opinberlega. Viðskiptabankar kunna því auðvitað ekki vel að láta binda hendur sínar, því að þeir eiga yfirleitt ekki auðvelt með að varpa bindiskyldunni yfir á viðskiptavini sína með hærri útlánsvöxtum og þurfa því að hægja á útlánum beint frekar en eingöngu óbeint með vaxtahækkun, sem bankarnir geta auðveldlega kennt hærri stýrivöxtum Seðlabankans um.

Bindiskylda er hvergi nefnd á nafn í tveim greinargerðum, sem bankinn birti við kerfisbreytinguna 2001. Greinargerð með rökum Seðlabankans fyrir afnámi bindiskyldunnar 2001 þarf að birta, svo að hægt sé auk annars að meta, hvort Seðlabankanum er treystandi fyrir umsjón fjármálaeftirlits, sem bankinn hefur sótzt eftir að endurheimta inn fyrir sína veggi.

**Fyrirmyndir að austan**

Í Sovétríkjunum sálugu réð framleiðslan lögum og lofum, og ríkið var eini vinnuveitandinn. Það var ekkert grín að lenda í útistöðum við hann. Fólk var rekið úr vinnunni fyrir minnsta andóf, og atvinnuleysi var fangelsissök. Ég er að lýsa nýliðinni tíð. Fyrrum viðskiptaráðherra stóð með líku lagi upp á opnum fundi um bankamál í Reykjavík á dögunum og tvísagði fyrir fullum sal, að það væri alvarlegt mál, að annar frummælandinn starfaði í Háskóla Íslands.

Þótt Ísland hafi frá fyrstu tíð verið lýðræðis- og réttarríki ólíkt Sovétríkjunum, sóttu leiðandi stjórnmálaöfl hér heima ýmsar fyrirmyndir í austurveg, til dæmis þjónkunina við framleiðendur og „andrúmsloft dauðans“, sem Morgunblaðið hefur nýlega gert að umtalsefni með eftirminnilegu móti. Ástæðan var hin sama á báðum stöðum. Fylgispekt við framleiðendur skaffar völd, því að hagsmunir neytenda eru dreifðir og mega sín því ekki mikils gegn samþjöppuðum hagsmunum framleiðenda. Kommúnistar ákölluðu „Sovét-Ísland, óskalandið“ laust og bundið, og Sjálfstæðisflokkurinn og Framsókn sköffuðu í ýmsum hlutföllum og skiptu landinu á milli sín, nú síðast Búnaðarbankanum og Landsbankanum, þegar þeir voru fyrir fáeinum árum einkavæddir með rússnesku sniði upp á þau býti auk annars, að varaformaður Framsóknarflokksins 1998-2001 auðgaðist mjög með atbeina áður greinds viðskiptaráðherra sama flokks.

Hvorki Sjálfstæðisflokkurinn né Morgunblaðið sáu neitt athugavert við þennan gjörning og innsigluðu með þögninni aðild sína að verknaðinum og velþóknun, eins og ritstjóri Morgunblaðsins hefur lýst nákvæmlega í prentaðri ritgerð um þáverandi formann Sjálfstæðisflokksins. Þaðan kemur orðtakið talsamband við flokkinn.

# *Tilboð sem ekki er hægt að hafna*

**UMRÆÐAN**

Hitaveita Suðurnesja



**RÓSA GUÐBJARTSDÓTTIR**

Fyrir bæjarstjórn Hafnarfjarðar liggur kauptilboð Orkuveitu Reykjavíkur á 15,45% hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja. Tilboðið, sem rennur út um áramót, hljóðar upp á um átta milljarða króna sem er gríðarleg upphæð inn í bæjarsjóð Hafnarfjarðar. Ég mun greiða atkvæði með því að þessu tilboði verði tekið.

Hafnarfjarðarbær hefur átt hlut sinn í Hitaveitu Suðurnesja frá árinu 1999 en hann kom til þegar Rafveita Hafnarfjarðar rann inn í HS í meirihlutatíð sjálfstæðismanna í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Við samrunann hafa því orðið til gríðarleg verðmæti.

Bæjarfélagi eins og Hafnarfirði ber engin skylda til að vera í raforkuframleiðslu eða öflun heits vatns. Hlutverk bæjarstjórnar er hins vegar að tryggja að íbúar bæjarins hafi aðgang að rafmagni og hita á sanngjörnu verði. Með sölu á hlutnum í Hitaveitu Suðurnesja mun Hafnarfjarðarbær því verða í sömu sporum og meðal annars Garðabær, Kópavogur, og Mosfellsbær, sem hvorki eiga né reka raf- eða hitaveitur.

Þess ber þó að geta að salan á hlut bæjarins í Hitaveitu Suðurnesja hefur engin áhrif á framtíðarnýtingu jarðhitaréttinda bæjarins í landi Krísuvíkur. Hlutdeild í arði frá þeirri auðlind getur skilað umtalsverðum tekjum.

Alls nema heildarskuldir og skuldbindingar Hafnarfjarðarbæjar um nítján milljörðum króna. Rekstur bæjarsjóðs Hafnarfjarðar hefur gengið þokkalega undanfarin ár og er það einkum að þakka mikilli uppsveiflu í efnahagslífi landsins. Hægt væri að nýta söluandvirði hlutarins í HS til niðurgreiðslu skulda og lækka vaxtagreiðslur bæjarfélagsins um hundruð milljóna króna á ári. Þann ávinning mætti nota til að lækka útsvar á bæjarbúa, sem er í hámarki.

Núverandi meirihluti Samfylkingarinnar í bæjarstjórn hefur ekki sagt skoðun sína á þessu máli. Þar virðist enginn geta tekið af skarið – af eða á. Óttast ég að sami vandræðagangurinn og var í tengslum við stækkun álversins í Straumsvík endurtaki sig. Í því mikla hagsmunamáli þorði því miður enginn af sjö bæjarfulltrúum Samfylkingarinnar að taka afstöðu. Vonandi klúðrar núverandi meirihluti Samfylkingarinnar ekki enn einu framfaramálinu fyrir Hafnfirðinginn.

*Höfundur er bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.*








# allt

HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA GRÆJUR ATVINNA TILBOÐ VINNUVÉLAR O.FL.

FRÉTTABLAÐIÐ



Birkiaska

Umboðs- og söluaðili
Birkiaska ehf.
sími: 551 9239
www.birkiaska.is

BETUSAN





Auglýsingasími

512 50 50

– Mest lesið




# Í sixtískápu móður sinnar

Elísabet í kápunni sem móðir hennar keypti á Mallorca á sjöunda áratugnum. Með á myndinni er hundurinn Sólon.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

***Elísabet Cochran á ljósbláa rúskinnskápu sem móðir hennar keypti í sólarlandaferð árið 1964.***

Elísabet A. Cochran er grafískur hönnuður og eigandi fyrirtækisins Klingenberg & Cochran ehf. Hún á ljósbláa rúskinnskápu sem hún heldur mikið upp á og hefur hún bæði tilfinningalegt gildi og á sér talsverða sögu. „Móðir mín, Sonja Helena Thorstensen, fór alein í sólarlandaferð til Mallorca árið 1964 með ferðaskrifstofunni Sunnu. Hún var þá um 26 ára gömul og var tiltölulega nýbyrjað að fara í skipulegar sólarlandaferðir frá Íslandi. Flogið var frá Reykjavíkurflugvelli með skrúfuflugvél og þurfti að millilenda í Kaupmannahöfn og gista í tvær nætur enda dreif vélin ekki alla leið,“ segir Elísabet. Hún segir að á þessum tíma hafi ekki verið algengt að fólk legði upp í slíka langferð og þá sérstaklega ekki ungar konur en þarna var Elísabet um fimm ára gömul.

„Á Mallorca keypti mamma ljósbláa rúskinnskápu úr antilópuskinni. Hún er í sixtís-stíl og þótti mjög sérstök á sínum tíma. Ég man eftir því í uppvextinum hversu spes og falleg mér fannst móðir mín vera þegar hún klæddist kápunni. Fyrir um það bil fimmtán árum fékk ég svo að eiga hana og nota ég hana mest spari, enda er bæði liturinn og skinnið viðkvæmt. Ég passa vel upp á hana ef ske kynni að dóttur mína langaði einhvern tímann til að eiga hana,“ segir Elísabet.

Hún segir að á kápunni séu frekar stuttar ermar og að þær nái rétt niður fyrir olnboga. „Ef maður er í einhverju innan undir sést það vel en oftast er ég með armband, sem móðir mín fékk í fermingargjöf árið 1952, við. Þetta er breitt silfurarmband sem var sérsmíðað fyrir hana og er með nafninu hennar á. Það má segja að ég klæði mig stundum í móður mína en bæði kápunni og armbandinu fylgir ákveðin nostalgía,“ segir Elísabet.

*vera@frettabladid.is*





Hófst þú nám í málaraiðn en laukst því ekki?

**Ertu starfandi í greininni og hefur áhuga á að ljúka því námi sem þú hófst?**

**Bættu um betur – Málaraiðn** er tilraunaverkefni sem miðar að því að meta færni sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið, óháð því hvernig hennar hefur verið aflað. Markmiðið er að þátttakendur í verkefninu ljúki sveinsprófi.

Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA – fræðslusetur** í síma **590-6400** og fá frekari upplýsingar um verkefnið.

**Nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið radgjof@idan.is.**

IÐAN fræðslusetur

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

**Heilunarskóli Skógarsetursins**

Grensásvegi 50

**Næsta námskeið og viðburðir**

**Hugleiðslu og draumanámskeið**
helgarnámskeið 17 og 18.nóv.

**Centering prayer:**
nýr bænahringur byrjar 12.nóv nk.
og verður fyrsta kvöldið kynning á
Centering prayer. Hringurinn verður
bæði hefðbundin bænahringur
og Centering prayer.

**Heilunarstundir:**
Heilunarstundir verða alla sunnudagsmorgna kl. 11 í Skógarsetrinu,
í jóla annríkinu í desember.



Sigrún Gunnarsdóttir
Læknamiðill

Skráning og uppl. um Heilunarskólann og starfsemi Skógarsetursins eru í síma 555 1727 og á heimasíðu Skógarsetursins www.skogarsetrid.is

**Maretti**



**Hágæða ítölsk vara**

Gler eða harðviðar tröppur, burstað ryðfrítt stál eða póleruð.

**B.Haraldsson**

s. 897-8947 • bjorneh@simnet.is






**Hárið** hefur mikið að segja fyrir heildarútlitið og því mikilvægt að það sé í góðu ástandi. Það getur verið góð upplyfting og ágætis dekur að fara í hárgreiðslu og láta laga sig til, nudda höfuðið, drekka cappuccino og lesa nýjasta slúðrið.


Núna eigum við í BELLADONNA 3.ára afmæli !!!

Verslunin Belladonna býður til **afsláttar-afmælis-veislu** í því tilefni!!! Afmælisveislan stendur frá miðvikudegi 7.nóv til laugardags 10.nóv og þá verður **20% afsláttur** af öllum fatnaði* í verslunin og svo verða valdar vörur á **50% afslætti** alla vikuna.



*Núna er hægt að gera dúndurkaup á vönduðum fatnaði*



*Afslátturinn gildir ekki um skó og stígvél

belladonna

Hlíðarsmára 11 • Kópavogi • sími 517 6460 • www.belladonna.is



essemm - 09/2006



NÁM Í ÍTALSKRI HÖNNUN OG TÍZKU

MILANO • TORINO • ROMA • BARCELONA • MADRID

KENNT ER Á ENSKU, ÍTÖLSKU, EÐA SPÆNSKU

Istituto Europeo di Design hefur í 40 ár verið í fararbroddi hönnunarskóla í Evrópu. Nám hjá IED hentar vel nemum sem hafa lokið grunnnámi á lista- og hönnunarsviði, svo og þeim sem lokið hafa BA námi tengdu tísku- og hönnun. Nám hjá IED er einstakt tækifæri til að upplifa af eigin raun óviðjafnanlegt umhverfi ítalsks og spænsks hönnunarheims.

Istituto Europeo di Design

lingó MÁLAMIÐLUN

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS









Smáatriði lífga upp á kjóla og það gera fínleg silfurblómin svo sannarlega í tilviki þessa kjóls eftir Monique Lhullier.



Fínlegur brúðarkjóll í sveitaandа eftir Claire Pettibone.



Þessi kjóll eftir Angel Sanchez minnir örlítið á svanakjól Bjarkar.

# Upp að altarinu

***Brúðarkjólasýning fór fram í New York á dögunum.***

Brúðkaupsundirbúningur margra brúðhjóna stendur yfir í langan tíma. Panta þarf sal, tryggja kirkju og huga að skreytingum, tónlist og mat. Brúðarkjóllinn er mörgum verðandi brúðum hugleikinn, hann þarf að vera fallegur og hátíðlegur en fyrst og fremst þarf brúðinni að líða eins og prinsessu dagsins.

Líklega hefur marga bandaríska brúðina klæjað í lófana á brúðarkjólatískusýningu nokkurra hönnuða sem fram fór í New York í lok október.

*solveig@frettabladid.is*



Gellulegur kjóll með hlýrum eftir Badgley Mischka.



Glæsilegur, jafnvel konunglegur kjóll eftir Monique Lhullier.



Tjullkjóll með silfurskreytingum eftir Monique Lhullier.



Stílhreinn kjóll með vösum eftir Angel Sanchez.

# Sniðin inn um lúguna

***Finnst þér gaman að sauma og vilt líta nýmóðins út í fötum sem fást ekki fjöldaframleidd í verslunum? Þá er SewDirect svarið við öllum þínum draumum.***

Handlagnar dömur sem kunna á saumavél og þekkja töframátt sniðblaða eiga venjulega heillandi fataskápa. Lengst af hafa þær farið í vefnaðarvöruverslanir, flett þar þykkum bókum með dýrindis sniðum úr helstu tískublöðum heimsins og valið eitt sem verslunin seldi, en nú er hægt að fara á heimasíðuna www.sewdirect.com og finna snið með nýjustu tískuflíkum Vogue, McCall og Butterick.

Úrvalið af fallegum fatnaði fyrir öll hugsanleg tækifæri er mikið. Eftirleikurinn er einfaldur; þú flettir vörulistunum, klikkar á þau snið sem þú vilt eignast og saman safnast þau í innkaupakörfuna. SewDirect tekur við greiðslukortum og fyrr en varir færðu heitustu sniðin inn um lúguna heima, án frekari fyrirhafnar.

Þess má geta að saumfar er alltaf teiknað inn á nýjustu sniðin svo ekki þarf að klippa utan við sauminn eins og áður tíðkaðist.

*- þlg*




Nú geta þær konur sem eru jafnvígar á saumavélar og tölvur orðið sér úti um hverja hátískuflíkina af annarri með því að panta snið af netinu og sauma sjálfar eftir þeim.



# Úr háborg tískunnar

BERGÞÓR BJARNASON SKRIFAR FRÁ PARÍS

## Les années folles

Í Evrópu settu tvö stríð mark sitt á tuttugustu öld þó að vissulega hafi komið til ófriðar bæði eftir fyrri og seinni heimsstyrjöldina. Tískan hefur ekki farið varhluta af áhrifum þessara styrjalda, nægir að nefna að rykfrakkinn (trenche) sem var í upphafi hannaður fyrir breska hermenn í stríðinu 1914-18 varð svo ómissandi í hverjum fataskáp. Eftir báðar heimsstyrjaldirnar má sjá á tískunni anda frelsis og sköpunargleði en þó að undarlegt megi virðast er tíska millistríðsáranna, á þriðja áratug tuttugustu aldar, miklu byltingarkenndari en eftir þá seinni.

Í París þar sem tíska er einnig listgrein stendur nú yfir sýning í Galleria-tískusafninu á hönnun frá árunum eftir fyrri heimsstyrjöldina milli 1919-1929, „Les années folles“ eins og þau eru kölluð sem mætti þýða sem „Óðu árin“ og vísar í að þá varð allt leyfilegt. Þar má sjá 170 flíkur, aðallega kjóla, 200 fylgihluti og 50 snyrtivörur sem endurspegla tíðaranda og líf Parísardömunnar á þessum árum, bæði daga og nætur.

Konur voru kallaðar til starfa utan heimilis þegar eiginmenn, feður og synir fóru í herinn. Þær fóru að keyra bíla í fyrsta sinn. Einnig byrjuðu þær að reykja og klipptu hárið stutt. Eftir stríðið komu karlmennirnir (flestir) heim en konur héldu áfram að keyra bíla, reyktu og drukku í fyrsta skiptið opinberlega og hálfsítt hár í anda Charleston varð aðaltískan. Konur sýndu nú á sér bæði ökkla og hné sem ekki þekktist áður. Þetta tímabil einkenndist af bjartsýni og enginn trúði því að hörmungar stríðsins myndu nokkru sinni endurtaka sig. Lífið einkenndist af óbærlegum léttleika tilverunnar, í það minnsta hjá þeim sem höfðu eitthvað milli handanna. Næturlífið var villt og allt leyfilegt.

Callot, Chanel, Patou, Schiaparelli og Lanvin eru meðal þeirra hönnuða sem eiga flíkur á sýningunni. Kjólarnir bera vitni um ótrúlega vinnu þrátt fyrir að vera framúrstefnulegir miðað við tímann sem þeir endurspegla, hrein listaverk oft og tíðum. Þeir eru skreyttir með útsaumi, sumir með ásaumuðum perlum eða pallíettum, aðrir með steinum og margir með þykku kögri sem sveiflast í nýjum, fjörugum danstakti þessara ára. Stíllinn er mjög kvenlegur á kvöldin og í næturlífinu en dálítið kynlaus á daginn, í takt við frelsi tíðarandans eins og kjóll Lanvin að nafni Lesbos gefur til kynna en nafnið er að finna á skissum tískuhússins sem sömuleiðis má finna á sýningunni.

Sýningin var opnuð þann 20. október og stendur yfir fram í enda febrúar 2008. Ættu áhugamenn um tísku sem eiga leið um París endilega að drífa sig á sýninguna.(Les Années folles, Musée Galleria, 10 avenue Pierre Ier-de Serbie, París 16. hverfi).

*bergb75@free.fr*

## Kynþokkafull Christina

POPPDÍVAN CHRISTINA AGUILERA VEIT AF VALDI SÍNU, STÝRIR KVENLEIKA SÍNUM, LÆÐIST ALDREI MEÐ VEGGJUM EN GEFUR ÖÐRUM KONUM STYRK TIL AÐ KOMA FRAM AF ÖRYGGI OG KYNÞOKKA.

Ilmur Aguilera fangar djarfan stíl söngkonunnar; hann er í senn nautnalegur, fjörugur og kvenlegur. Flaskan er gamaldags og rómantísk, en um leið sexí eins og svört blúnda. Tónarnir eru frískandi tangerína og sólberjate. Hjartatónana mynda kvenleg blóm eins og svölurót, bóndarós og plóma, og grunntónarnir eru moskus, raf og kremkennd vanilla, en vanilla hefur kynörvandi áhrif ásamt því að magna upp vellíðan, metnað og þor.







Frábært úrval af pilsum

www.vefta.is

Vefta Tískuföt Hólagarði

Hólagarði • sími 5572010

allt ferðir

Alla miðvikudaga og laugardaga

Bjartir nóvemberdagar

Dragtir

Stakir Jakkar

Pils

Blússur

Peysur

25% afsláttur

Guðrún tískuverslun


## Berar og blíðlegar

NÝIR HANDÁBURÐIR FRÁ FREEMAN.

Þurrar hendur eru bæði óþægilegar þeim sem eiga þær og þeim sem njóta atlota þeirra enda óþarfi að vera með skorpna lófa og þurra húð. Freeman Bare Hands-línan gefur nú af sér Deep Hydrating Hand & Elbow Butter, djúpnærandi handáburð með agúrkum og vatnaliljum og Skin Firming-handáburð sem inniheldur efni úr greip og geitatoppi sem er bæði rakagefandi og hrukkueyðandi blanda.






Ný sending frá

PAS

stærðir 36-56

Rita

Bæjarlind 6 • s. 554-7030

Eddufelli 2 • s.557-1730

billi bi COPENHAGEN

BILLI BI DAGAR

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS

20%

afsláttur af öllum Billi Bi skóm og stígvélum



...þetta er aðeins sýnishorn af frabæru úrvali

gs skór

KRINGLUNNI | LAUGAVEGI | SMÁRALIND

FATÓ

ÚTSÖLUMARKAÐUR LÚXUS MERKJAVARA



9 DAGA ÚTSÖLUMARKAÐUR

LAUGAVEGI 91 - 2. HÆÐ

LÚXUS MERKJAVARA ÚR:

eva COMPANYS Kultur gs skór CENTRUM Kultur menn

Á ÓTRÚLEGUM...

80%

AFSLÆTTI

LOKADAGUR Á LAUGARDAG

**FATNAÐUR:** DKNY - GERARD DAREL - NICOLE FARHI - FRENCH CONNECTION - PAUL & JOE - MALENE BIRGER - INWEAR - PART TWO - GREAT PLAINES - SEVEN JEANS - MAVI JEANS - BILL TORNADE - IMPERIAL FASHION - IKKS - S'NOB - SAINT TROPEZ - ACQUAVERDE - JUST IN CASE - **SKÓR OG STÍGVÉL:** SPIRAL - SENDRA - BRONX - BULL BOXER - SANCHO

opið:
í dag 11 - 18
föstudag 11 - 18:30
laugardag 11 - 17

FATÓ

FATÓ - ÚTSÖLUMARKAÐUR - LAUGAVEGI 91 - 2. hæð

**Lyftingar** styrkja vöðva og bein og eru því góð líkamsrækt fyrir bæði konur og karla.

















# Syndsamlega sykursætt

***Ein af dauðasyndunum sjö er græðgi, en matarfíkn verður æ algengari og ágirnd í það sem sætt er. Íslendingar eiga Norðurlandamet í sykuráti, en hvað annað en sykur og gervisætuefni geta sefað nagandi sykurþörf landsmanna?***



Hólmfríður leggur áherslu á að gæta hófs í sykurneyslu í stað þess að útiloka hvítan sykur alveg, enda sé hann meinlaus heilbrigðu fólki í hóflegu magni. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Vilji fólk sneiða alfarið hjá sykri og tilbúnum sætuefnum en þrái sætt bragð eru ávextir vænlegasti kosturinn," segir Hólmfríður Þorgeirsdóttir, næringarfræðingur hjá Lýðheilsustöð, en stofnunin hvetur landsmenn til að forðast öfgar og óhóf í mataræði.

„Undanfarið hefur verið mikill áróður gegn sykurneyslu og margir hafa tekið allan hvítan sykur úr sínu mataræði. Við komumst auðvitað vel af án viðbætts sykurs en það er ekki endilega nauðsynlegt að útiloka hann alveg. Margir blekkja sjálfa sig með því að velja hrásykur eða önnur sætuefni í staðinn, en þau eru lítið skárri en hvítur sykur fyrir heilbrigða einstaklinga. Lýðheilsustöð tekur ekki þátt í fanatík, en hvetur til fjölbreytts mataræðis og að fólk borði sem oftast hollan mat, og þar rúmast sykur innan ákveðinna marka," segir Hólmfríður, sem telur ekki að fólk þurfi að útiloka sykur þótt vandað sé til fæðuvals að öðru leyti.

„Sykurneysla hérlendis hefur verið mest hjá unglingum, en ráðlagt er að sykur sé ekki meira en tíu prósent af orku dagsins. Þannig ætti manneskja á 2.000 hitaeininga fæði ekki að innbyrða meira en 200 hitaeiningar úr viðbættum sykri, en það samsvarar 50 grömmum á dag, sem er til dæmis hálfur lítri af sykruðu gosi á dag. Þá er ekki pláss fyrir súkkulaði eða sykraðar vörur eins og morgunkorn, mjólkurvörur og annað sem í leynist talsvert magn af viðbættum sykri," segir Hólmfríður. Með viðbættum sykri er átt við sykur sem bætt er í matvörur í framleiðslu og getur verið allt frá hvítum sykri, sírópi, hunangi, hrásykri, púðursykri, mólassa og ávaxtasykri svo eitthvað sé nefnt.

„Það getur verið erfitt að átta sig á magni viðbætts sykurs í vörum því það er ekki skylda að gefa það upp á umbúðum. Sykur frá náttúrunnar hendi finnst auk þess í mörgum matvælum, eins og mjólkursykur í mjólkurvörum og ávaxtasykur í ávöxtum. En hvaða tegund eða nafn sykurinn hefur skiptir ekki öllu og þótt sumir bendi á að hrásykur, hunang og agave-síróp séu betri kostur og innihaldi næringarefni sem ekki séu til staðar í hvítum sykri, er það í svo litlum mæli að þau leggja ekkert til næringargildis fæðunnar," segir Hólmfríður og tekur fram að sykur í hóflegu magni sé ekki hættulegur heilsu manna.

„Hollustugildi sykurs er nær ekkert, en sætt bragð getur veitt manni nautn í mataræði. Þeir sem kjósa að draga úr sykri og gervisætum geta notað ferska og þurrkaða ávexti í staðinn, og þá má vitaskuld nota í bakstur og sælgætisgerð."

*thordis@frettabladid.is*











Hér eru vörur af jólabasar Hringsins til sýnis í glugga Herragarðsins.

# Jólabasar Hringsins

***Árlegur jólabasar Hringsins verður haldinn á laugardaginn, 11. nóvember, á Grand Hóteli við Sigtún og hefst kl. 13.***

Hringurinn er góðgerðafélag sem safnar fé til styrktar veikum börnum á Íslandi. Undirbúningur jólabasarsins hefst strax í janúar þegar félagskonur koma saman til hannyrða. Þær hittast síðan vikulega til að föndra, sauma og prjóna muni til að selja. Síðustu dagana fyrir basarinn er svo bakað, því kökusala er mikilvægur hluti af basarnum. Einnig eru jólakort Hringsins þar til sölu.

Aðalverkefni Hringsins hefur verið uppbygging Barnaspítala Hringsins. Einnig hafa mörg önnur verkefni sem tengjast veikum börnum verið studd og styrkt, svo sem uppbygging Barna- og unglingageðdeildar Landspítala og rekstur Sjónarhóls, ráðgjafamiðstöðvar barna með sérþarfir. *- gun*




**Ljósaseríur** eru víða komnar upp þótt enn séu tæpir tveir mánuðir til jóla. Það er þó um að gera að lýsa aðeins upp skammdegið og skreyta með fallegum ljósum sem þurfa ekki endilega að vera bundin jólunum.



Hér kíkir Guðmundur Grímsson, framkvæmdastjóri Íspan ehf., í gegnum sýruþvegið gler. Vel má sjá út um munstur þess innan frá meðan þeir sem úti standa sjá ekki inn nema leggjast flatir með nef sín á rúðuna, og það hefur aldrei talist til mannasiða á Íslandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Silkimjúk áferð

***Sandblásið gler heldur velli í innanhússhönnun og hefur verið í dálæti hjá Íslendingum í áratugi, eins og sjá má á útihurðum í hverfum kynslóðar eftirstríðsáranna.***

„Það er ekkert lát á vinsældum sandblásins glers, en það sem hefur leyst sandblástur af hólmi er sýruþvottur glerja. Hann gefur eins útlit en silkimýkri áferð sem auðveldar þrif, þar sem sandblástur skilur eftir sig grófari áferð,“ segir Guðmundur Grímsson, framkvæmdastjóri Íspan ehf. sem býður endalausa möguleika í meðferð glerja.

„Sandblásna áferðin passar við allt. Hún er hlutlaus og hleypir inn dagsbirtu, á meðan ekki sést inn til manns, og er sígild með tilliti til breytinga í innréttingum og litavals húseigenda,“ segir Guðmundur. Vinsælast er sandblásið og sýruþvegið gler í útihurðir, glugga, milliveggi, sturtuveggi og hverskyns innréttingar.

„Margir spara nú stórfé í tilviki eldri eldhúsinnréttinga með því að mála gömlu flísarnar á milli og setja sandblásið gler ofan á, sem kemur ákaflega fallega út, ásamt því að spara mikla vinnu við niðurrif annars vandaðra innréttinga. Í gömlum húsum má líka enn sjá í útihurðum og gluggum sandblásið gler sem margir vilja halda í, passi það við húsið nú, en slípaðan glerkant, sem vinsæll var upp úr 1950 til ´60, hefur maður ekki enn séð í nútímaútfærslum,“ segir Guðmundur, en Íspan býður einnig upp á sandblástursútlit með álímdri filmu.

„Filmur eru sniðugar í tilvikum þar sem nöfn fjölskyldumeðlima eru talin upp á útihurðinni. Þá er auðveldara að fletta filmunni af en taka glerið úr þegar skipt er um húsnæði,“ segir Guðmundur. Möguleikar í útfærslum eru óþrjótandi og sömuleiðis hugmyndaflug viðskiptavina.

„Flestir vilja rúður með húsnúmeri, nöfnum og hverskyns munstrum, en tæknin í dag býður upp á allt sem hugurinn girnist, jafnvel mynd af fjölskyldunni ef því er að skipta. Þá er speglagler að verða æ vinsælla, en því fylgir mikið öryggi þar sem ekki sést í gegn nema innan frá, sé útiljósið kveikt til að lýsa upp spegilinn að utan.“

*thordis@frettabladid.is*



## Þegar húmar að

LJÓS Í RÖKKRINU.

Nú þegar daginn tekur að stytta er notalegt að hafa milt lampaljós í kringum sig. Skapa má huggulega stemningu og rómantískt andrúmsloft einfaldlega með því að verða sér úti um fallegan lampa sem gefur frá sér þægilega birtu. Einnig geta lamparnir verið hið mesta stofustáss. Úrvalið er fjölbreytt og fást lampar í ýmsum verðflokkum víða um bæinn. Ekki þarf að eyða miklu til að fá sér sæta lampa sem gefa frá sér rólandi ljós og það er um að gera að velja góðan stað fyrir gripinn. *- hs*

White-Westinghouse



ÞVOTTAVÉL
- Topphlaðin
- 11 kg af þurrum þvotti.
- Vindur vel.
- Fljót að þvo.
- Sparneytin.
- Tekur heitt og kalt vatn.

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

HÚSGAGNA LAGER SALA

LEÐUR SÓFASETT
HORNSÓFASETT
SÓFASETT MEÐ SKEMLI
TUNGUSÓFAR
TUNGU HORNSÓFAR
STAKIR SÓFAR
BORÐSTOFUBORÐ OG STÓLAR
SKENKAR
SÓFABORÐ
ELDHÚSBORÐ
RÚMGAFLAR
RÚM

VERÐDÆMI
LEÐURSÓFASETTT ÁÐUR ~~239,000~~
NÚ 89,900
HORNSÓFAR TAU ÁÐUR ~~198,000~~
NÚ 103,000
HORNSÓFAR LEÐUR ÁÐUR ~~249,000~~
NÚ 149,000

Dugguvogi 2. Sími 557-9510

Fix töframassinn
Hreinsar, fægir og verndar samtímis.



Án skaðlegra efna • Fitu- og kísilleysandi
Húðvænt • Náttúrulegt • Mjög drjúgt



Ótrúlegur árangur
Svampur fylgir með

Hentar vel til þrifa á blöndunartækjum, vöskum, ryðfríu stáli, áli, kopar, messing, gleri, plasti, lökkuðum flötum, kristal, keramiki, postulíni ofl. ofl.

Húsasmiðjan - Byko - Fjarðarkaup - Tengi - Melabúðin - Verkfæralagerinn - Eyjatölvur - Miðstöðin Vestmannaeyjum - Pottar og prik Akureyri - Rafsjá Sauðárkróki - Áfangar Keflavík - Skipavík Stykkishólmi - Nesbakki Neskaupsstað - Vélaleiga Húsavíkur - Verslanir Rönning - Litabúðin Ólafsvík - Tengi - Byggt og búið - SR byggingavörur Siglufirði - Núpur Ísafirði.
**Heildsöludreifing: Ræstivörur ehf.**

Salerni með hæglokandi setu kr. 9.900.-



BAÐHEIMAR
Skútuvogi 4 - s. 525 0800
Baðdeild Álfaborgar




# Grillo burðarvagnar

Hjá DeDion færðu breiða línu sláttuvéla og burðarvagna á beltum og hjólum. frá hinum þekkta smávélaframleiðanda Grillo á Ítalíu.

**Auðveldaðu þér verkið. Auktu á hagkvæmni í rekstri með Grillo vinnuvélum.**

Tækin frá Grillo eru einstaklega vel hönnuð og hugsuð til að vinna sem best með stjórnandanum. Við hönnunina er einnig tekið tillit til aðgengis þegar þjónusta þarf vélina, það styttir tímann sem vélin þarf að vera frá störfum vegna viðhalds. Grillo vélarnar smellpassa fyrir landbúnað, golfvelli, íþróttasvæði og verktaka. Hafðu samband við DeDion. Veldu Grillo fyrir öruggari rekstur.

Aflaðu þér nánari upplýsinga
Kíktu á netið: www.grillo.is

DeDion | Draupnisgötu 7L | 603 Akureyri
Sími 462 6900 | dedion@dedion.is | www.dedion.is

DeDion Smávélar & Þjónusta

NATURALIS


# farið á fjöll

FIMMTUDAGUR 8. NÓVEMBER 2007

## Aflmikil glæsikerra

**Reynsluakstur Range Rover Sport SE TDV8** BLS. 4





FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




# Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

**Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga**

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

# Breyta jeppum í tryllitæki

**Fjölmargir jeppaeigendur vilja hafa stærri dekk undir bílunum sínum og breyta þeim þannig að þeir séu stærri og þar með flottari að margra mati. Hjalti Hjaltason, þjónustustjóri Arctic Trucks, segir flesta kjósa svokallaðar minni breytingar, sem einhverjum þættu þó nokkuð stórar.**

„Algengustu breytingarnar hjá okkur eru minni breytingar en þá er verið að setja 33 til 35 tommu dekk undir bílana sem eru á 28 til 29 tommu dekkjum þegar þeir koma til okkar," segir Hjalti en slíkar stækkanir krefjast þess að skorið sé úr brettunum til að dekkin rúmist þar. „Bílarnir hækka í heildina í kringum átta sentímetra við breytinguna. Þá skerum við úr brettum og skiptum um allt sem til þarf, til dæmis hluta úr grindinni," segir Hjalti. Nýir brettakantar séu settir á bílana þegar það á við, aurhlífum bætt á og gangbrettum við hurðirnar auk þess sem í sumum tilfellum þarf að skipta um hluta úr fjöðrunarbúnaði til að bera stækkunina uppi.

Hjalti segir að fyrirtækið sérhanni og smíði fyrir sig nánast allt sem þarf til breytinganna. „Við höfum alla tíð haft það að leiðarljósi að fjöldaframleiða sem flesta íhluti til að þeir séu allir eins því þannig tryggjum við bestu gæðin," segir Hjalti og tekur dæmi: „Við látum til dæmis framleiða fyrir okkur brettakanta erlendis sem eru úr sama efni og bílaframleiðendur nota á stuðarana og notum þá í flestum tilfellum við breytingarnar."

Stærri breytingar segir Hjalti felast í því að auk þess sem stærri dekk eru sett undir bílinn þá eru aftari hásingarnar færðar aftar og jafnvel skipt um gírhlutföll í hásingum. „Þegar við tölum um stærri breytingar þá meinum við þegar bílar eru settir á 38 tommu dekk og þaðan af stærri. Í sumum bílum höfum við þurft að skipta algjörlega um hásingu því sú sem er fyrir er ekki nægilega sterk," segir Hjalti.

Arctic Trucks er eitt þeirra fyrirtækja sem eru í útrás. Það hefur rekið fyrirtæki í Noregi í nokkur ár, auk þess sem fyrirtækið er með skrifstofu í Lettlandi. „Fyrirtækið einkennist af sérlausnum svo það er frábær viðurkenning fyrir okkur og íslenska jeppamennsku að við höfum verið að vinna sérverkefni fyrir norska herinn," segir Hjalti og bætir því við að Arctic Trucks fái fjölda fyrirspurna að utan um breytingar og jafnvel sendi sumir bílana sína hingað til lands í breytingu. „Það má í raun segja að við gerum hvað sem fólki dettur í hug," segir Hjalti.

*sigridurh@frettabladid.is*



Hjalti V. Hjaltason, þjónustustjóri hjá Arctic Trucks, segir minni breytingar á jeppum algengastar hjá fyrirtækinu en það felur í sér að bíllinn fer á 33 til 35 tommu dekk.



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

Þessi björgunarsveitarbíll er í breytingu hjá Arctic Trucks. Dekkið sem var undir bílnum liggur nú upp að hinu nýja sem er tvöfalt breiðara og mun stærra að öllu leyti.



Hér má glögglega sjá muninn á því þegar bíll er kominn úr breytingu. Til hægri er óbreyttur bíll en sá til vinstri er fullbreyttur á 35 tommu dekkjum.

# Eins og nýr fyrir næsta vor

**Þegar torfærutímabilinu lýkur á veturna skiptir máli að ganga vel frá tryllitækjunum og undirbúa þau fyrir næsta keppnistímabil. Gísli Gunnar Jónsson, sem hefur oftast orðið Íslandsmeistari í torfæru, lumar á nokkrum góðum ráðum í frágangi og viðhaldi torfærubíla.**



MYND/JAK

Bíll Gísla hefur verið verulega endurbættur.

„Það er gott að setja bílinn inn á veturna, helst í upphitað húsnæði, og láta hann síga niður á búkka svo hann standi ekki á hjólunum," segir Gísli Gunnar Jónsson, margfaldur Íslandsmeistari í torfæru. „Það er auðvitað allt í lagi að hafa þá úti, ef menn setja frostlög á bílana og búa þá að öðru leyti vel undir veturinn," segir Gísli. Hann segir þó vænlegri kost að geyma bílana innandyra í upphituðu húsi, þar sem króm og annað þvíumlíkt geti skemmst í frosthörkunni sem einkenni oft íslenska vetur.

Eins segir Gísli dæmi þess að menn noti bílana á veturna þótt keppnistímabilinu sé lokið. Það fari í sjálfu sér ekki illa með þá en hins vegar þyki flestum bæði of tímafrekt og kostnaðarsamt að leika sér á bílunum allt árið um kring, sérstaklega þeir sem hafa keppt á mótum í Noregi og Finnlandi.

Sjálfur rekur Gísli bílaverkstæði þar sem hann geymir bifreiðina sína, sem er verulega endurbættur Jeepster. Hann lætur hana óafskipta í einu horninu þar til í febrúar, enda segist hann þá líkt og fleiri vera búinn að fá nóg eftir sumarið. Aðrir vilji hins vegar hefjast strax handa við að yfirfara bifreiðar sínar og gera við þær.

Í raun gildir þó einu hvort menn byrja fyrr eða seinna á yfirferðinni, þar sem alltaf þarf að fylgja ákveðinni rútínu að sögn Gísla. „Flestir taka bílana sína í sundur, fara yfir mótorinn og annan búnað lið fyrir lið. Svo sprauta þeir bílana, sem eru margir illa farnir eftir veltur. Það þarf ekki nema eina slíka til að skemma skrokkinn."

Gísli minnist þess þegar hann komst sjálfur í hann krappan í síðustu keppninni í Grindavík árið 2001, en þá velti hann bíl sínum svo illa að bifreiðin varð öll uppásnúin eins og hann orðar það og veltubúrið eyðilagðist. Gísli prísaði sig sælan að sleppa ómeiddur frá hrakningunum, en bifreiðin þarfnaðist mikilla viðgerða.



Hér fagnar Gísli sigri í keppni í torfærukeppni sem haldin var í Noregi í fyrra.

Hann segir ekki óalgengt að menn verði fyrir óhöppum sem þessum í keppnunum og í raun séu margir torfærubílanna sprautaðir reglulega allt keppnistímabilið, en það sé gert svo að þeir líti sem best út.

Hvað fyrrnefnd ráð varðar segir hann þau góðan grunn að næsta keppnistímabili. „Ef menn fylgja þessum einföldu leiðbeiningum, ætti bifreiðin að vera eins og ný um vorið," segir Gísli og með alla sína reynslu hefur hann sjálfsagt eitthvað til síns máls.

*roald@frettabladid.is*




**DISCOVERY 3 S Windsor**
**KR. 5.950.000**

Windsor staðalbúnaður: 6 þrepa sjálfskipting, Terrain Response fjórhjólakerfi, hæðarstillanleg loftpúðarfjöðrun, sjö fullorðinssæti, Hljóðlát TDV6- 189 hestafla díselvél, hiti í fram- og aftursætum, hiti í framrúðu og rúðusprautu, skriðstillir o.fl.

Bíll á mynd: DISCOVERY 3 S Windsor með G4 aukahlutapakka að verðmæti kr. 390.000.

B&L • Grjóthálsi 1 • 110 Reykjavík • Sími 575 1200

LAND ROVER
GO BEYOND
















Range Rover Sport SE TDI með V8-vél er kraftmikill bíll enda með 272 hestöfl undir húddinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aflmikil glæsikerra

**Range Rover Sport SE TDI býr yfir miklum krafti, glæsileika og þægindum.**



Mælaborðið er fallegt áferðar þó að takkaflóðið geti í upphafi ruglað menn í ríminu.

Tilfinningin að aka Range Rover er allt önnur en fylgir flestum öðrum bílum. Maður finnur fyrir vissri upphafningu líkt og hinir ökumennirnir líti mann öðrum augum en áður. Líklega tengist það þeirri staðreynd að jeppinn hefur verið gríðarlega vinsæll meðal „yfirstéttarinnar“, ríkra bankamanna og annarra sem vilja sýna að þeir eigi nóga aura í vasanum. Ósjálfrátt reynir maður að finna sér annan starfstitil, athafnamaður væri til dæmis alveg kjörið.

Í nýlegri úttekt Markaðarins í Fréttablaðinu kom í ljós að sala lúxusbíla hefur blómstrað það sem af er ári á sama tíma og dregið hefur verulega úr sölu „venjulegra bíla“. Mesta sprengingin var í sölu Land Rover-jeppa, sem jókst um hundrað prósent á tímabilinu. Vinsælastur Roveranna hefur verið Range Rover Sport sem ritað er um hér.

Í raun er varla hægt að segja nokkuð neikvætt um þennan bíl. Hann er útbúinn öllum þeim þægindum sem ökumaður gæti óskað sér, er mjúkur og lipur í keyrslu í borginni og hefur gífurlegan kraft á þjóðvegum en getur samt allt það sem góður jeppi á að geta. Augljós ókostur er vissulega verðið, bæði vegna þess að ekki hefur hver sem er efni á rúmlega níu milljóna króna bíl og einnig gæti eigandi slíks gimsteins verið smeykur við að láta hann vaða í hvaða ógöngur sem er á fjallvegum landsins.

Reynsluekinn var átta sílindra Range Rover Sport SE TDI. Dísilvélin skilar ótrúlegum krafti, 727 hestöfl og togið 640 Nm. Reyndar þarf töluverðan kraft til að knýja áfram bílinn sem er þungur, rúm tvö og hálft tonn, en ekki er hægt að finna fyrir því í akstri enda spýtist bíllinn áfram við léttan þrýsting á bensíngjöfina. Sportútgáfa Range Rover er eitthvað minni um sig en stóri bróðir hans, en á móti koma sportlegri aksturseiginleikar sem fást meðal annars með sex þrepa sjálfskiptingu með Command shiftbeinskiptivali.

Bíllinn eyðir ótrúlega litlu miðað við þyngd og kraft, aðeins 11,1 l/100 km sem verður að teljast gott, líka fyrir dísilbíl. Ósjálfrátt tengir maður dísilvélar við háværan gang. Hljóðeinangrunin í bílnum er hins vegar frábær og ekki að heyra að þarna sé dísilbíll á ferð.

Mikið af aukabúnaði fylgir bílnum en of langt mál væri að fara yfir hann allan og látum við nægja að telja upp það sem kom þægilega á óvart.

Loftpúðafjöðrun gerir ökumanni kleift að stilla hæð bílsins með einum takka, lækka má hann um 55 mm sem getur komið sér vel þegar fínar frúr þurfa að stíga upp í bílinn.

Hiti er í framrúðu líkt og víða er í afturrúðum en þræðirnir eru það mjóir að þeir trufla ekki.

Bíllinn er búinn bakkvörn, sem hjálpar mikið enda ekki alltaf gott að sjá aftur fyrir sig í svo stórum bíl. Í svartasta skammdeginu kveikir bíllinn svo á hliðarljósum í þá átt sem verið er að beygja.

Fyrir öllu er hugsað. Til dæmis hafa dömur oft verið í vandræðum með hvar þær eigi að geyma veskin sín en í Sportinum er gott rými milli sætanna þar sem má tylla selskapsveskjum og jafnvel stærri tuðrum.

Síðast en ekki síst verður að nefna Terrain Response-aldrifsbúnaðinn sem er frábær uppfinning, sérstaklega fyrir þá sem minna kunna fyrir sér í jeppamennsku. Með einum takka er hægt að stilla hvernig bíllinn bregst við mismunandi aðstæðum og töluverður munur finnst á milli allra stillinga.

*solveig@frettabladid.is*



Farangursrými er tæpir 1.000 lítrar og hægt að stækka það töluvert með því að leggja niður sætin.

**REYNSLUAKSTUR**

**RANGE ROVER SPORT TDV8**

**Vél:** 272 hö/640 Nm Túrbó dísil
**Þyngd:** 2.697 kg
**0-100 km:** 9,2 sek.
**Farangursrými:** 958 l/ 2.013 l
**Eyðsla:** 11,1 l/100 km
**Verð:** 9.220.000 kr.



Terrain Response aldrifsbúnaðurinn gerir ökumönnum lífið auðveldara. Með því að snúa takkanum má stilla hvernig bíllinn bregst við mismunandi aðstæðum.



HEKLA Laugavegi 172-174 · sími 590 5000 · www.hekla.is · hekla@hekla.is
Umboðsmenn HEKLU um land allt: Akureyri · Akranesi · Ísafirði · Reyðarfirði · Reykjanesbæ · Selfossi
HEKLA

# Margt að læra í nýliðaferð

**Bergur Pálsson fór í nýliðaferð 4x4 klúbbsins í fyrra og sér ekki eftir því. Þar læra nýliðar hvernig eigi að bera sig að á fjöllum og kynnast skemmtilegu fólki.**



Þegar komið var í Grímsvötn var dúnalogn og mælarnir sýndu 30 stiga frost. Andardrátt ferðalanga hélaði í nösum. MYND/BERGUR PÁLSSON

Bergur Pálsson bjó lengi í Danmörku, þar sem lítil þörf er á jeppum og stórum dekkjum. Þó blundaði alltaf í honum draumur um góðan fjallabíl og þegar heim var komið var stefnan sett á jeppakaup. Fyrir þremur árum eignaðist hann svo jeppa af gerðinni Benz G, 23 ára gamlan, fullbreyttan og áreiðanlegan á fjöllum.

Bergur hafði sjálfur ferðast eitthvað um hálendið í rúmt ár þegar hann ákvað að skella sér með í nýliðaferð 4x4. „Þetta var tækifæri til að komast á fjöll, hitta fleiri sama sinnis og njóta góðs félagsskapar," segir Bergur um ástæðu fararinnar en Ferðaklúbburinn 4x4 býður upp á nokkrar nýliðaferðir á hverju hausti sem Bergur segir að mikið sé að græða á fyrir nýgræðinga. Mismunandi nýliðaferðir eru í boði, bæði fyrir mikið og minna breytta bíla og getur því hver fundið það sem honum hentar.

Í ferðinni sem Bergur fór í fyrra var stefnan sett á Jökulheima, sem eru í Tungnaárbotnum nærri jaðri Tungnaárjökuls. Hópurinn lagði af stað á föstudegi. „Myrkur var á leiðinni og því þurfti að keyra eftir GPS," útskýrir Bergur. Allir komust heilir í hús um miðnætti enda leiðangursstjóri ávallt fremstur og annar vel útbúinn bíll aftastur sem gat aðstoðað þá sem lentu í vandræðum.

Sólin skein á ferðalangana á laugardagsmorgni þegar haldið var af stað í Grímsvötn. „Við jökulrönd er farið yfir Tungnaá á ís. Ísinn hélt okkur þannig að fyrsta raunverulega brekkan var nokkuð inni á jöklinum. Hún lætur lítið yfir sér en vegna lauss snjós reyndist hún farartálmi fyrir nokkra. Einn var dreginn áleiðis upp og aðrir hleyptu passlega mikið úr dekkjum," segir Bergur og telur mikla list liggja að baki því að hleypa rétt úr dekki. „Sumir komust reyndar upp með það að láta farþega bílsins ganga upp brekkuna til að létta jeppann."

Einn bílinn varð að skilja eftir á miðri leið í Grímsvötn, líklega vegna stíflaðrar olíusíu. „Þá var okkur sagt að sía ætti að vera til vara í öllum bílum og vera hluti af útbúnaðarlista bíls," segir Bergur og líkir ferðinni við hálfgert námskeið í jeppamennsku.

Bílstjóri og farþegar bilaða bílsins fengu far með öðrum og áfram var haldið í Grímsvötn. Bíllinn var síðan sóttur á bakaleiðinni og dreginn í Jökulheima, þar sem reynsluboltar komu honum í gang.

Þegar upp á jökulinn var komið bilaði demparafesting í öðrum jeppa. Hófst þá mikil leit að svipaðri ró í öðrum bílum. Hún fannst og fékk nýjan samastað í bilaða bílnum.

Þegar komið var í Grímsvötn var alger logn og stilla. Mælar sýndu 30 stiga frost og aðeins var stoppað í stutta stund til að olían á bílunum myndi ekki byrja að krapa. Haldið var áfram í Þórðarhyrnu, þá Pálsfjall og að lokum komið aftur niður í Jökulheima.

Um kvöldið var sameiginlegur matur þar sem stjórn 4x4 grillaði. Mikið var rætt og skrafað og sagðar jeppa- og reynslusögur sem nýliðarnir lærðu mikið af.



Bergur ásamt börnum sínum þremur þeim Ingunni Lilju, Steini og Tinnu Björk, sem raða sér upp á Benz G jeppann góða. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„Þarna kynnist ég líka fólki sem ég hef farið í ferðir með síðan," segir Bergur og hrósar allri skipulagningu ferðarinnar enda hafi leiðangursstjórar verið miklir reynsluboltar og haft frá ótrúlegustu hlutum að segja.

*solveig@frettabladid.is*






## ● FERÐIR FERÐAFÉLAGS 4X4 Á NÆSTUNNI

Farið verður í tvær ferðir á vegum Ferðafélags 4x4 helgina 24.-25. nóvember. Önnur er ætluð breyttum jeppum á 38 tommu dekkjum eða stærri. Farið verður inn í Strút, sem er skáli Útivistar. Skráning er hafin, verð er 4.500 krónur en innifalin er gisting, fararstjórn og sameiginleg kvöldmáltíð á laugardeginum.

Hin ferðin er fyrir óbreytta jeppa og einnig þá sem eru á breyttum jeppum en hafa ekki komið áður í ferð en langar að spreyta sig á jeppanum sínum.

Gist verður í Hólaskógi þaðan sem farið verður í skemmtilegan bíltúr. Í góðum snjóskafli fá menn að leika sér, festa bílana og glíma við að losna.

Hópnum verður eitthvað skipt niður þannig að þeir sem eru á stærri dekkjum fái einnig að reyna á kunnáttu og getu bíla sinna. Þessi ferð er opin öllum sem hafa áhuga á að koma með.

Í tengslum við ferðina verður væntanlega boðið upp á námskeið, litið í heimsókn í bílskúr einhvers og kíkt í húddið. Þessi ferð kostar 4.200 krónur en innifalin er gisting, fararstjórn og sameiginleg máltíð á laugardagskvöldinu.



Frá nýliðaferð 4x4 í fyrra. Skálar Jöklarannsóknafélags Íslands á Svíahnjúki voru kærkomin sjón fyrir þreytta ferðalanga enda útbúnir salerni og sánu. MYND/THOMAS WERNER

www.toyota.is




ÍSLENSKA SIA.IS TOY 39462 10/07



## Land Cruiser - Fegurðin liggur í frelsinu

Þú ferð á fjöll og tekur landslagið inn. Þú skoðar stílinn, formin og litasamsetningarnar. Þú nýtur þess að vera algjörlega frjáls og óbundinn af smekk annarra og lætur jökulinn bera við himinn á öllum árstímum.

**Breyttur Land Cruiser er rétti ferðafélaginn; hörkuskemmtilegur og spennandi ... eins og þú.**

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070

# Lykilatriði að ana ekki út í vitleysu

**Þeir sem stunda haustveiðar á hálendinu þurfa að undirbúa sig vel fyrir brottför því margt þarf að hafa í farteskinu. Ekkert er þó eins dýrmætt og dómgreindin.**



Gustav Smári er meiri veiðimaður en hann vill vera láta. Þessa mynd tók vinur hans Sigurður Jökull ljósmyndari af honum í einni ferðinni.

Gustav Smári Guðmundsson er einn þeirra sem iðka það að fara til fjalla og leita uppi veiðibráð. Það fer svo eftir tímabilum hvað er í sigti hverju sinni.

Hann er ekkert áfjáður í viðtal um þetta áhugamál sitt og þykist ómögulegur talsmaður veiðimanna en lætur til leiðast og svarar spurningum blaðamanns í léttum tón. Sú fyrsta snýst um hvort einhvern tíma hafi þurft að leita að honum.

„Nei, ég hef blessunarlega sloppið við það. Þetta er nú oftast spurning um að gera ekki einhverja vitleysu. Um síðustu helgi sá ég til dæmis jeppa keyra út á ís sem ég hefði ekki einu sinni þorað að labba út á. Það þurfti björgunarsveit til að ná honum upp."

Gustav segir algera nauðsyn að hafa GPS-staðsetningartæki með sér í háfjallaferðum. „GPS kostar bara einhvern þrjátíu þúsund kall en þegar maður lendir í þoku og dimmviðri getur verið lífsspursmál að hafa það með.

Svo er líka lykilatriði að vera vel klæddur og eins að vera á þokkalegum bíl sem búinn er til vetraraksturs því það er oft allt annað veður til fjalla en á láglendi. Fólk fer til dæmis ekkert á fólksbíl upp á hálendið á þessum tíma. Númer eitt er alltaf að láta skynsemina ráða, hlusta á veðurspá áður en lagt er af stað og fara ekki út í eitthvað sem ekkert vit er í," segir Gustav og meinar greinilega hvert einasta orð.

Ekki kveðst Gustav vera með talstöð á ferðum sínum en hins vegar með MNT-síma. „Þeir verða þó ekki nothæfir mikið lengur því það er verið að leggja þá niður en þá koma Tetra-gervihnattasímar í staðinn. Þeir eru auðvitað miklu dýrari."

Eitt af öryggisatriðunum sem Gustav nefnir er að fara ekki einbíla langt inn á hálendið á þessum árstíma.

„Menn verða að minnsta kosti að vera mjög vel útbúnir ef menn eru einir á ferð en best er að vera í samfloti með öðrum. Ég var nýlega á ferð með vel búnum breyttum bíl á 38 tommu dekkjum með allar græjur. Við þurftum að hleypa úr dekkjunum í miklum snjó og hálku því þannig varð bíllinn mun stöðugri. En við vorum að mæta miklu verr búnum bílum með fullan þrýsting í dekkjunum."

Gustav segir um að gera að drífa sig heim af fjöllum ef farið sé að þykkna upp og veður að gerast válynd. „Um síðustu helgi var einn í kringum mig í þoku uppi á Lyngdalsheiði og hann var svo áttavilltur að hann var kominn tvo kílómetra í þveröfuga átt við bílinn. Ég náði símasambandi við hann og gat gengið á hann. Svo rötuðum við heim með hjálp GPS-staðsetningartækjanna minna."

Gustav þykir greinilega nóg komið af heilræðum og segir hlæjandi í lokin: „Annars skaltu ekki stilla mér upp sem sérfræðingi um rjúpnaveiðar. Það gæfi ranga mynd af mér."

*gun@frettabladid.is*


## Arctic Trucks jeppa- og ferðalagaskólinn

# Námskeið

● **GPS-námskeið**

**Miðvikudaginn 21. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00.**

Leiðbeinandi er Ríkharður Sigmundsson, hjá R. Sigmundssyni ehf. Farið er í grunnatriði GPS notkunar, svo sem stillingar tækisins, hvað beri að varast, töku vegpunkta, gerð leiða og ferla. Einnig er farið í grunnatriði notkunar á Garmin forritunum MapSource og nRoute ásamt því hvernig hægt er að varpa GPS-gögnum yfir á GoogleEarth. Námskeiðið miðast við notkun GPS-tækja til útivistar, t.d. í gönguferðir, jeppaferðir eða vélsleðaferðir. Sjón er sögu ríkari!

● **Jeppanámskeið**

**Fimmtudaginn 22. nóvember frá kl. 20:00 til 22:00.**

Leiðbeinandi er Vilhjálmur Freyr Jónsson tæknifræðingur og jeppamaður. Námskeiðið tekur fyrir alla helstu þætti jeppamennskunnar. Fjallað verður um kosti og eiginleika jeppans og viðbrögð við mismunandi aðstæðum. Innifalið í námskeiðgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks sem er 120 síðna hafsjór af fróðleik.

● **Verklegt jeppanámskeið fyrir óvana ökumenn og konur**

**Dagsetning liggur ekki fyrir en haft verður samband við þá sem skrá sig þegar færð og veður leyfa að ferðin verði farin.**

Námskeiðið er ætlað óvönum ökumönnum og konum, og felst í að ekin verður jeppaleið þar sem er að finna margvíslegar áskoranir og leitast við að leiðbeina ökumönnum um meðhöndlun bílsins við mismunandi aðstæður. Leiðbeinendur eru vanir jeppamenn. Hámarksfjöldi bíla í ferðinni er 10. Innifalið í námskeiðsgjaldinu er Jeppabók Arctic Trucks og lán á VHF talstöð.

**Skráning á jeppar.is og í síma 540 4900**

ARCTIC TRUCKS

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | Sími 540 4900 | arctictrucks.is | jeppar.is

07-0082 KC






Á vefsíðunni www.mmedia.is/gjjarn/sjeppar/ er notendum bent á hvers konar dekk henta best á jeppa í snjó og á jöklum, fjallað um fjöðrun og stýri og margt fleira.

# Fróðleikur fyrir ferðina

Ýmsar hagnýtar upplýsingar um notkun jeppa í snjó og á jöklum má finna á vefsíðunni Snjójeppar undir vefslóðinni www.mmedia.is/gjjarn/sjeppar/.

Fyrst ber að nefna ítarlegar upplýsingar um snjójeppadekk, í þessu tilviki radial dekk sem eru önnur tveggja dekkjategunda sem eru í notkun, en hin gerðin er diagonal dekk. Komið er inn á atriði eins og belgi, felgur, dekkjaskurði og -stærð, hávaðamælingu, loftþrýsting og ýmsar aðstæður sem geta átt þátt í að gera dekk hættuleg.

Þá er fjallað um drif og driflása og í því samhengi hvaða lásar henta best jeppum. Drif og hlutföll eru líka til umræðu og hægt að nálgast á heimasíðunni sérstakan reikni fyrir hlutföll í jeppum.

Fjöðrun er enn fremur til umfjöllunar og leitast við að svara spurningum eins og hvað sé gott á vegum, hvað henti utan vega og hvernig er hægt að láta fjöðrunina fara saman þegar gefið er inn. Ásamt því er fjallað um fjaðraða vigt, veltidempun, veltistífni, blaðfjaðrir og heilar stífur svo fátt eitt sé nefnt.

Eins er skýrt frá þætti fjöðrunar og stýris með viðeigandi orðskýringum, til að fyrirbyggja allan misskilning. Þar er greint frá því hvaða ástæður kunna að vera fyrir slæmum akstursegiginleikum breyttra jeppa og hvaða lausnir eru í boði.

Komið er inn á mikilvægi talstöðva, sem teljast til öryggisatriða á jeppaferðalögum uppi á fjöllum, og taldar upp helstu tegundir sem eru í boði, kostir þeirra og gallar.

Þá er greinargóð umfjöllun um GPS-tæki og listi yfir annan búnað í jeppa, svo sem verkfæri og varahluti. Síðast en ekki síst er fjallað um hvað ber að varast að taka með í ferðina, enda er það ekki síður mikilvægt en að vita hvað á að vera með í för.

*- rve*



# Sparaðu á pallbílum.



**Nýr Mitsubishi L-200 Turbo Diesel 4x4 með tvöföldu húsi**

Beinskiptur. 5 manna. Loftkæling. Rafdrifnar rúður og samlæsingar. Álfelgur og stigbretti ofl.
Pallur: lengd 145 cm - breidd 132 cm. Burðargeta: 1.000 kg. Litir: silfur, svartur og blár.

Listaverð á bíl með þessum búnaði:
2.990.000,- með vsk.

**Okkar verð: 2.390.000,- með vsk.**
**Mismunur: þú sparar 600.000,- Kr.**



**Nýr Renault Master DCI með tvöföldu húsi og ál palli**

Beinskiptur 6 gíra. 7 manna. Rafdrifnar rúður og samlæsingar.

Listaverð á bíl með þessum búnaði:
3.570.000,- með vsk.

**Okkar verð: 2.969.325,- með vsk.**
**2.385.000,- án vsk.**
**Mismunur: þú sparar 600.675,- Kr.**



**Nýr DODGE RAM 2500 4x4 QUAD CAB 6,7L Turbo Diesel LARAMIE**

Nýja vélin sem togar 868 Nm. 350 hestöfl.

Með öllum fáanlegum búnaði
6 manna. Svartur með dökkgráu leðri.

**Okkar verð: 4.950.000,-**



**Nýr DODGE RAM 2500 4x4 Mega CAB 6,7L Turbo Diesel LARAMIE**

Nýja vélin sem togar 868 Nm. 350 hestöfl.

Með öllum fáanlegum búnaði
6 manna. Svartur með dökkgráu leðri.

**Okkar verð: 5.190.000,-**

## Bílarnir eru til afhendingar strax.

SPARI bíll

**www.sparibill.is**

Skúlagötu 17 · Sími: 577 3344

# Dótakassi jeppamannsins

**Úrval tækja og tóla í jeppa verður sífellt fjölbreyttara enda nauðsynlegt að vera vel útbúinn áður en keyrt er af stað út á land. Ásgeir Örn Rúnarsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar AMG Aukaraf, segir nokkrar græjur þó eftirsóttari en aðrar um þessar mundir.**



Ásgeir Örn Rúnarsson segir margt í boði fyrir jeppaáhugamenn en nokkrir hlutir séu þó vinsælli en aðrir. Hérna stendur hann fyrir framan björgunarsveitarbíl frá Flugbjörgunarsveitinni á Hellu, sem verið er að setja aukarafbúnað í. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

„VHF-talstöðvar eru vinsælar í jeppa. Þar nýta menn uppbygginguna sem ferðaklúbburinn 4x4 hefur gert með uppsetningu endurvarpa. Samskiptakerfið hefur mikið verið notað af jeppamönnum, en endurvarpann má nota til að lengja drægni talstöðvanna. Þar erum við með 25V talstöðvar sem búa yfir ágætis sendistyrk,“ segir Ásgeir Örn Rúnarsson, framkvæmdastjóri verslunarinnar AMG Aukaraf, sem sérhæfir sig meðal annars í sölu á fylgibúnaði í bíla.

Ásgeir segir VHF-talstöðvarnar nettar og þær megi því hæglega fella inn í mælaborð. Sé því ekki viðkomið er fyrirtækið með talstöðvar með losanlegri framhlið, sem má setja ofan á mælaborð eða utan á það. Síðan er talstöðin sjálf svartur kassi sem er settur undir mælaborðið eða á bak við klæðninguna.

Ásgeir segir notkun slíkra talstöðva hafa aukist mikið og sé ástæðan sú að menn noti sameiginlega rásir 4x4. „Menn á ferðalagi geta átt samskipti og eins náð í jeppa í fjarlægð bjáti eitthvað á. Björgunarsveitir hafa síðan aðgang að hluta rásanna sem rásapakki 4x4 samanstendur af, þótt hlustun á þær sé ekki skipulögð. Menn treysta því að þeir sem ferðast í nágrenninu séu með stöðvarnar sínar opnar og heyri þurfi þeir hjálp.“

Magellan eXplorist XL kortatæki með 3,5 tommu skjá njóta sömuleiðis mikilla vinsælda að sögn Ásgeirs. „Þetta er annars vegar GPS-tæki með innbyggðu korti eða GPS sem má hlaða korti inn á. Á skjánum sjást hæðarlínur, örnefni, vatnafar, vegaslóðar og þess háttar. Maður losnar þá við öll pappírskortin með notkun tækjanna.“

Þá segir Ásgeir að hægt sé að kaupa kortaforritin beint til að hlaða niður á fartölvur sem hægt er að hafa í bílnum og tengja GPS-tækið við þær. Fyrir vikið verður myndin stærri. Þess má geta að AMG Aukaraf selur tölvufestingar í bíla og spennubreyta.

„Kortin fást hjá okkur en við stefnum á að koma með ný kort fyrir jól, kort með götuleiðsögn og annað útivistarkort,“ útskýrir Ásgeir. „Við mælum með að menn keyri sjónkeyrslu, því kortunum getur skeikað um nokkra metra.“

Ásgeir segir að vasaljós hafi einnig verið eftirsótt í jeppa. „Þau eru með HID-tækni og má hlaða með straum bílsins eða heima með 230 voltum. Þau lýsa allt upp í kílómetra og við höfum lánað björgunarsveitarmönnum ljósin. Þeir hafa verið mjög ánægðir.“ Hann bætir við að vegna þess hversu stór ljósin séu sé ekki við hæfi að tala um vasaljós. „Sennilega passa þau ekki í neinn vasa,“ segir hann og hlær. *roald@frettabladid.is*



Magellan eXplorist XL kortatæki með 3,5 tommu skjá eru GPS-tæki með innbyggðu korti. Á skjánum sjást hæðarlínur, örnefni, vatnafar, vegaslóðar og fleira.



VHF-talstöðvar eru eftirsóttar í jeppa en þær þykja einkar handhægar.








Básar í vetrarbúningi eru óneitanlega fagrir á að líta.

# Aðventuferð í Básа

Ferðafélagið Útivist hefur starfað síðan 1975 og hefur á þeim tíma skipulagt fjölda ferða um land allt. Jeppadeild Útivistar stendur fyrir fjölbreyttum ferðum og er margt á döfinni í vetur.

„Næst á dagskrá er aðventuferð í Bása í desember, sem fer að verða fullbókað í, enda hafa þessar jeppaferðir notið mikilla vinsælda,“ segir Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, hress í bragði.



Skúli H. Skúlason, framkvæmdastjóri Útivistar, segir margar spennandi ferðir fram undan hjá jeppadeild félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Skúli bendir á að flesta mánuði vetrarins standi jeppadeild félagsins fyrir allt að tveimur ferðum í mánuði og enda þótt dagskráin liggi ekki fyrir sé óhætt að nefna líklega áfangastaði.

„Við höfum verið með allt upp í þrjár ferðir á Vatnajökul síðla vetrar eða í byrjun vors. Síðan höfum við verið með ferð á Langjökul, gjarnan í janúar eða febrúar. Þá er keyrt yfir Langjökul og á Hveravelli og gist þar,“ segir Skúli.

„Í mars höfum við verið með ferð þar sem jeppar og gönguskíði eru sameinuð,“ heldur Skúli áfram. „Þá er farið inn í Landmannalaugar. Þeir sem eru með gönguskíði ganga leiðina en jepparnir gegna því hlutverki að flytja farangur á áfangastað. Svo hittast menn um kvöldið og grilla saman.“

Hægt er að fá allar nánari upplýsingar um aðventuferðina og aðrar ferðir inni á heimasíðu Útivistar, www.utivist.is, eða með því að hringja á skrifstofuna í síma 562 1000. *- rve*

SSANGYONG

# Alvöru dísil jeppar

## fyrir íslenskar aðstæður…

NÚ FYLGIR MEÐ KYRON
31" TOYO DEKK
& Dráttarbeisli



## Nýr KYRON kostar aðeins 3.590.000,-

sjálfskiptur

## …upplifðu ósvikinn **kraft og fegurð**



Glæsileg og sérlega þægileg innrétting

**Hinn nýi KYRON** er fullvaxinn sjálfskiptur **dísil jeppi** með **hátt og lágt drif**.
Hann er hlaðinn staðalbúnaði sem telur m.a.: **Turbo dísil Intercooler**

• 5 gíra ZF sjálfskipting Side Tronic ásamt 2 gírum aftur á bak
• 3 föld C-bitagrind • Loftkæling A/C • Sjálvirk tölvustýrð miðstöð
• Cruise Control / Hraðastillir • Litaðar rúður
• Leðurveltistýri og leðurgírstöng • Álfelgur
• Aðgerðarstýri fyrir skiptingu/útvarp/CD
• Fjarstýrð þráðlaus þjófavörn • Þakbogar
• Hiti í speglum, framrúðu og í sætum
• 6 hátalarar • Þokuljós • Linsuaðalljós

**Eyðsla í blönduðum akstri aðeins 8,7 l á 100 km.**



Byggður á grind með hátt og lágt drif



TOYO TIRES
Umhverfisvænn valkostur í stað nagladekkja

Bílabúð Benna

Tangarhöfða 8-12 • 112 Reykjavík
Sími **590 2000** • **www.benni.is**
Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00.
Laugardaga 12.00 - 16.00.

| Reykjanesbær | Borgarnes | Akureyri | Egilsstaðir |
|---|---|---|---|
| Bílahornið hjá Sissa | Bílasala Vesturlands | Bílasalan Ós | Bílasala Austurlands |
| Brekkustíg 38 | Sólbakka 2 | Njarðarnesi 1 | Fagradalsbraut 21 |
| sími **420 3300** | sími **437 2100** | sími **462 1430** | sími **471 3005** |

# Galvaskir Gemlingar

**Sveinbjörn Ingi Þorkelsson er mikill jeppaáhugamaður og meðlimur í Gemlingunum, sem er ferðaklúbbur ungs jeppaáhugafólks. Félagið er mjög virkt og fer í fjölda jeppaferða á hverju ári upp um fjöll og firnindi.**



Sveinbjörn Ingi Þorkelsson jeppaáhugamaður er til hægri en með honum á myndinni er Jóhann Ingi, einn af stofnendum Gemlinganna. Merki félagsins er á milli þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

„Félagið var stofnað í febrúar árið 2004 af þremur vinum sem vildu fara í jeppaferðir með fólki á sínum aldri," segir Sveinbjörn en sjálfur hefur hann verið meðlimur í Gemlingunum frá upphafi. „Þau ákváðu að finna fólk milli tvítugs og þrítugs sem hefði áhuga á slíkum félagsskap og fljótlega eftir stofnfundinn var farið í fyrstu ferðina. Stuttu seinna var haldið partí og upp frá því myndaðist mikill vinskapur sem hefur haldist síðan. Í dag er það þannig að meðlimir félagsins tala saman jafnvel oft á dag því einhverjir vinna saman, breyta bílum í sameiningu, æfa saman og fleira þannig að í rauninni er þetta orðið miklu meira en ferðahópur," bætir hann við.

Þrátt fyrir þennan mikla vinskap meðlima segir Sveinbjörn að Gemlingarnir séu mjög opnir fyrir nýju fólki. „Við viljum endilega að krakkar á okkar aldri komi til okkar ef þeir vilja ferðast á fjöllum en þora ekki að fara einir. Við tökum nýliða með okkur í ferðir allt árið og engin skilyrði eru fyrir þátttöku önnur en þau að fólk sé áhugasamt um að prófa og hafa gaman af þessu," segir Sveinbjörn en elsti meðlimur félagsins í dag er 31 árs og sá yngsti 22 ára.

Sem dæmi um hve virkni félagsins eru farnar jeppaferðir aðra hverja helgi á veturna en einu sinni í mánuði á sumrin. „Það bætast stöðugt nýir félagar í hópinn og til dæmis ætla 28 manns sem aldrei hafa farið í jeppaferð að koma með okkur í nýliðaferð sem verður farin 16. nóvember í samstarfi við 4x4 klúbbinn," segir Sveinbjörn.

Spurður hvort jeppamennskan sé skemmtilegt sport segir Sveinbjörn: „Þetta er það besta. Ísland er náttúrlega svo stórkostlegt land og æðislega gaman að ferðast um það og taka myndir. Maður kemst í burtu frá öllu og er jafnvel ekki í símasambandi þannig að þetta er alveg yndislegt. Síðan er félagsskapurinn alveg frábær. Við stoppum einhvers staðar og gistum ýmist í tjöldum eða skálum og höldum kvöldvökur og borðum góðan mat. Þannig að þetta er algjört lúxuslíf."

*sigridurh@frettabladid.is*



Stór hópur frá Gemlingunum og 4x4 klúbbnum fór í nýliðaferð saman í Landmannalaugar en næsta nýliðaferð þessara tveggja félaga verður hinn 16. nóvember næstkomandi.



Hér er Sveinbjörn á leið yfir Tungnaá síðastliðið sumar. Skömmu eftir að myndin var tekin fékk Sveinbjörn vatn inn á vélina með þeim afleiðingum að hún sprakk.



Það er margt brallað í ferðum Gemlinganna og segir Sveinbjörn félagsskapinn vera alveg einstakan.



VAN OF THE YEAR
NY
DOBLÒ
CARGO
2006

# FRÁBÆRT VERÐ !




## Nýr Fiat Doblo

### Sendibíll ársins í Evrópu 2006

**Veldu þína stærð (3,2 / 3,8 / 4 m³ rými)**

Ef notagildi, sveigjanleiki og verð er efst í þínum huga þá er Fiat Doblo lausnin.
Doblo: 850 kg, allt að 4 m³ flutningsrými,

Þú sérð strax að bestu kaupin eru í Fiat Doblo!

Verð frá kr 1.730.000.- með dieselvél

Verð frá kr 1.610.000.- með bensínvél

Saga er umboðsaðili fyrir Alfa Romeo, Ducati, Ferrari, Fiat og Maserati

**Opið:**
virka daga frá 8–18
laugardaga frá 12–16

SAGA
Malarhöfða 2a • 110 Reykjavík
Sími 570 9900 • www.fiat.is

# Hlaut sína eldskírn á Vatnajökli

**Guðbjörg Tómasdóttir er áhugamanneskja um vélsleða og ætlar að keyra á Vatnajökul næsta vor.**

Guðbjörg Tómasdóttir er mikil áhugamanneskja um vélsleða. Áhugi eiginmanns hennar, Sveins B. Jóhannessonar, smitaði hana og varð til þess að hún fór í sína fyrstu vélsleðaferð árið 1993. Þá var hún líka búin að fá nóg af því að horfa á eftir Sveini og öðrum körlum þeysast um fjöll og firnindi á meðan hún sat sjálf eftir heima um helgar.

„Þegar veðrið er gott og mennirnir eru í þessu helgi eftir helgi vill maður ekki sitja eftir heima," segir Guðbjörg. „Þannig byrjaði ég í þessu. Ég var ekkert alveg sátt við að verða eftir. Þegar ég síðan upplifði það að geta tekið strákana okkar Sveins með í styttri ferðir, þá sex og ellefu ára, fannst mér þetta alveg kjörið."

Fyrsta vélsleðaferðin sem Guðbjörg fór í var upp á Vatnajökul og mælir hún ekki með því við nokkurn mann að þreyta frumraun sína þar.

„Það var vor og tekið að leysa. Það tók svolítinn tíma að komast upp í jökulheima vegna snjóleysis. Þegar við komum þangað vorum við í góðum málum. Við keyrðum jökulinn í einum rykk. Mér fannst það ágætt, því ég var farþegi hjá manninum mínum. Ég mæli þó alls ekki með þessari leið fyrir byrjendur og efaðist um að fara aftur á vélsleða eftir þetta ferðalag."

Guðbjörg skipti um skoðun þegar þau Sveinn eignuðust síðan hluta í fjallaskála uppi við Langjökul, þar sem stutt var úr bænum og auðvelt fyrir alla fjölskylduna að fara.

„Við fjölskyldan fórum á föstudegi og vorum yfir helgi í skálanum, alveg eins og í sumarbústaðarferð. Þetta gekk í tvo til þrjá vetur á meðan snjórinn var almennilegur."

Þá hafði Guðbjörg eignast eigin sleða, af gerðinni Skidoo, en að hennar sögn áttu margar konur eða keyrðu vélsleða á þeim tíma, þótt fastur kjarni kvenna þeysti um á sleðum með körlunum. Hún segir fátt jafnast á við tilfinninguna sem fylgi því að fara á vélsleða á fjöll.

„Þetta er svo mikið frelsi þegar maður er kominn upp á fjöll. Svo er friðurinn einstakur. Það heyrist ekkert nema í brakandi snjónum," segir hún og áhuginn leynir sér ekki.

Guðbjörg segir að karlarnir hafi tekið vel á móti konunum, enda hafi þær ekki verið þeim til trafala eins og hún orðar það. Hún segir reyndar lítið hafa fjölgað í röðum vélsleðakvenna og rekur það meðal annars til þess að snjóinn hafi vantað síðustu ár. Svo sé fleira sem aftri konum frá þátttöku, meðal annars þýði lítið að standa í þessu nema börnin séu komin á vissan aldur eins og hún þekkir af eigin raun.

Guðbjörg bætir við að annars hafi það helst verið vinir og vandamenn sem höfðu áhyggjur af því að hún vissi ekki hvað hún væri að gera og færi sér því að voða. „Þeir sáu bara fyrir sér eintómar sprungur," rifjar hún upp og hlær.

Síðustu ár hefur Guðbjörg dregið heldur úr vélsleðaferðunum og kennir þar um snjóleysi. Segist ekki nenna ef það eru bara einhverjar þræðingar. „Ég vil bara hafa nóg af snjó til að keyra um í." Hún segir áhugann þó alltaf vera til staðar og til marks um það ætla þau hjónin ásamt stórum hópi fólks í árlega ferð á Vatnajökul næsta vor.

„Maður notar þá dagana til að keyra frá klukkan 10 til 18 þegar besta veðrið er á jöklinum," segir Guðbjörg. „Annars ætla ég að vera duglegri að fara í framtíðinni."

*roald@frettabladid.is*



**„Þetta er svo mikið frelsi þegar maður er kominn upp á fjöll. Svo er friðurinn einstakur. Það heyrist ekkert nema í brakandi snjónum," segir Guðbjörg um aðdráttarafl vélsleðaíþróttarinnar.**

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON




Veiðifatnaður Jakki, buxur, tvenn pör af nærfatnaði „super dry" og flísmillilag, flónelskyrta, húfa, axlabönd, áhneppt hetta og flugnanet og sætisyfirbreiðsla. Camo pakki: Jakki, buxur peysa, nærföt áhneppt hetta og flugnanet, axlabönd. kr. 29.500.

Frum









Skór Pro hunter kr. 9.500. Camo skór kr. 10.500. Premium skór kr. 12.500. Gönguskór kr. 9.500. Leðursandalar kr. 3.150.



Barnafatnaður Jakki, buxur peysa og húfa kr. 10.500.



North Ice Winter: Úlpa, buxur „superdry" nærföt, flís millilag, húfa, lúffur og trefill kr. 19.500.



North Ice Outdoor: Jakki, buxur, flíspeysa, flísnærföt bolur, húfa og sokkar kr. 17.500.

North ICE AIR-TEX

JAKTI JAKT AIR-TEX

Pitokokki

ICEFIN

Nóatúni 17

sími 534 3177 og 820 7746

**Ford**Escape AWD

*Nýtt tákn um gæði*




# Ford Escape - nýtt tákn um félagslegan hreyfanleika

## Komdu í Brimborg – prófaðu nýjan sportjeppa frá Ford

Með einbeitni og góðum vilja rætast allar óskir. Ný tákn verða til. Þú verður það sem þú vilt vera. Óhindrað hreyfir þú þig milli fólks. Vekur athygli. Skapar eftirtekt. Breyttu viðhorfi þínu til lífsins: nýr og endurhannaður Ford Escape uppfyllir ósk um meiri hreyfanleika. Glæsilegur í alla staði. Á hvaða stað sem er - í bænum meðal fólks eða uppá fjalli með fjölskyldunni. Komdu í Brimborg í dag. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu Escape AWD, sportjeppann frá Ford. Nýtt tákn um lífsgæði.

GCI GROUP GREY ALMANNATENGSL

**Ford Escape AWD Genuine Design. Hönnun Ford Escape sýnir í verki einlægan vilja Ford til að tryggja þau lífsgæði sem nútíma fólk óskar eftir. Ekta hönnun Ford Escape merkir að þú færð sterkari og fallegri bíl. Þú færð betri aksturseiginleika og meira öryggi. Þú færð sparneytinn og visthæfan bíl. Þú færð meira rými. Þú færð mun betra verð. Vertu genuine. Reynsluaktu Ford. Veldu Ford Escape AWD.**

**Nýtt tákn um lífsgæði**

**FORD ESCAPE AWD**
**5 dyra, sjálfskiptur**
**Verð frá 3.350.000 kr.***

**visthæf skref** með Brimborg

*Farðu á brimborg.is og þú ert kominn af stað*

**Spurðu um hvað fyrirmyndarþjónusta Brimborgar þýðir fyrir þig**

**brimborg**

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.ford.is**

*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Bíll á mynd er Ford Escape Limited með krómpakka. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Panasonic

EISA AWARD Best Product 2007-2008
MEMORY CAMCORDER
Panasonic HDC-SD1




## KYNNINGARTILBOÐ

### AGNARSMÁ EN ALVÖRU HÁSKERPU TÖKUVÉL

FULL HD 1080p
3CCD
SD HC
HDMI

**AVCHD** Nýja háskerpu myndkerfið með FULL HD upplausn (1920x1080) á SD/SDHC minniskort.
**3CCD** 3 myndflögur fyrir bestu myndgæðin.
**Advanced OIS** titringsvörn og myndin verður skýrari.
**LEICA DICOMAR** linsa tryggir betri liti.

Vélin er hlaðin búnaði eins og 10x aðdráttarlinsu, 2,7" breiðtjaldsskjá, HDMI tengi og mörgu fleiru.




**KAUPAUKI MEÐ HDCSD5**
**Vandað Sandisk 8GB SD kort að verðmæti kr. 14.995 fylgir frítt með vélinni!**

**VERÐ 109.990**
**FRÁBÆRT KYNNINGARVERÐ**

**SJÓNVÖRP**
**HEIMABÍÓ**
**HLJÓMTÆKI**
**DVD SPILARAR**
**BLUE-RAY SPILARAR**
**HÁSKERPU TÖKUVÉLAR**
**MYNDAVÉLAR**

OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA

**Panasonic** NÚ FÁANLEGT HJÁ OKKUR!
HÁGÆÐA RAFTÆKI OG ÞJÓNUSTA

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2007

## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶** REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Krákur, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tölvuspítalinn, Grindavík. Rafeindatækni, Keflavík. Hagkaup, Njarðvík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði.

**We are hiring cleaning staff**

**for full time work in Reykjavik and neigbouring areas and part time staff in Keflavik. If you are 18 years old & above, with a valid driving license, conscientious, industrious, with a clean criminal record and willing to work flexible hours, you might be the person we are looking for.**

**Call Sherry or Axel at 533 5000 between 09:00 AM 17:00 PM, Monday- Friday, or send an email to sherry@bgt.is, and book your appointment for an interview.**

**Helgarvinna, jólavinna**

**og smurbrauðseldhús**

**Starfsfólk óskast í NK Kaffi Kringlunni laugardaga og sunnudaga. Einnig í jólavinnu. Einnig vantar starfsfólk í smurbrauðseldhús á laugardögum. Uppl. á staðnum og í s. 568 9040 & 693 9091.**

N1

## Þjónustuverkstæði Funahöfða

N1 óskar eftir að ráða öflugan og áreiðanlegan starfsmann til starfa á þjónustuverkstæðinu að Funahöfða, Reykjavík. Helstu verkefni eru undirsetningar á púströrkerfum og dráttarbeislum ásamt öðrum tilfallandi verkefnum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Bjarni Finnbogason í síma 535 9110. Áhugasamnir sæki um starfið á www.n1.is

## American style Hafnarfirði og Skipholti

Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

## Pítan

Ferskur vinnustaður, góður vinnuandi og fínustu laun; ef þetta höfðar til þín og þú ert eldri en 23 ára þá vantar öflugan vaktstjóra í 49% kvöld- og helgarvinnu. Hentar vel með háskóla. Umsóknir á pitan.is

Vegna aukinna verkefna óskum við eftir starfsfólki í ræstingar. Uppl. í s. 860 0601. Glans ehf.

Er það leikur einn að reka þitt heimili og skipuleggja þig og hjálpa öðrum í kringum þig? American Style í Bíldshöfða og Tryggvagötu er að leita að kraftmiklum kvöld- og helgarrekstrarstjóra. 100% laun fyrir 75% vinnu. Lágmarksaldur: 25 ára. Gæti hentað vel með háskóla. Upplýsingar veitir Herwig 892 0274

**American Style**

## Verslun/heildsala

Okkur vantar öflugan starfsmann til liðs við okkur í mjög fjölbreytt og lifandi starf við afgreiðslu og pantanir. Við leitum að jákvæðum og duglegum einstaklingum sem vilja vinna í ört vaxandi fyrirtæki. Vinnutími 8-18 virka daga. Þarf að geta byrjað strax. Vinsamlegast sendið umsókn á thjarkur@thjarkur.is

Fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir starfskrafti við áfyllingu á nammibörum. Frekari upplýsingar verða veittar 8-16 í síma 540 4500.

**Krambúðin**

## Skólavörðustíg 42

Vantar fólk á fastar dagvaktir + aðstoðarmann verslunarstjóra. Fólk á öllum aldri kemur til greina. Uppl. í s. 848 6918 & 551 0449 eða á staðnum milli kl. 8-17.

SUSHIBARINN, Laugavegi 2, óskar eftir að ráða í fullt og/eða hlutastarf brosmilda starfsm. með reynslu í að gera sushi.Uppl á staðnum eða í s: 697-9726

SUSHIBARINN, Laugavegi 2, is seeking for cheerful people with experience in making sushi and working in an open kitchen. Information at Sushibarinn or call 697-9726

Vantar vana menn í standsetningu húss að innan frá 15. nóv til jóla. - Need experienced men for renovation inside a house from Nov 15th to christmas. Uppl. í s:/ Info at: 699-1595 or starf2007@visir.is

## TIL SÖLU

# Jólakort Hringsins 2007



Myndin á jólakortinu 2007 er eftir Kolbrúnu Sigurðardóttur og heitir „Barnagaman".

Kortin eru seld í 5 og 10 stk. pökkum með hvítum umslögum á kr. 500 eða kr. 1000 pakkinn. **Sölustaðir eru:** Lyf og heilsa, Barnaspítali Hringsins, Blóðbankinn, Melabúðin, Hjá Hrafnhildi, Blómaval og fleiri staðir. Einnig er hægt að senda pöntun í tölvupósti á póstfangið: hringurinn@simnet.is. Þá má lesa inn pöntun á símsvara félagsins í síma 551-4080.

***Allur ágóði rennur til styrktar veikum börnum á Íslandi.***




## FASTEIGNIR

**EIGNAMIÐLUN**

Síðumúla 21 • eignamidlun@eignamidlun.is • Fax 588 9095
www.eignamidlun.is • Opið Mánud. – Föstud. 9-17

Félag Fasteignasala

**Sími 588 90 90**

Sverrir Kristinsson löggiltur fasteignasali

### BLÁHAMRAR – LAUS STRAX



Falleg og vel skipulögð 3ja herbergja 96,6 fm endaíbúð. Eignin skiptist í forstofu, hol, tvö svefnherbergi, eldhús, stofu og baðherbergi. Verð kr. 22.500.000.

*Nánari uppl gefur Heiðar Birnir sölumaður í síma 824 9092*

Frum

### HVASSALEITI – MEÐ BÍLSKÚR



Mjög falleg 138,2 fm endaíbúð á 4. hæð í fjölbýli við Hvassaleiti. Íbúðinni fylgir 7,5 fm herb. í kjallara með aðgangi að snyrtingu. Auk þess fylgir 12,5 fm þv.herb. sem er séreign íbúðar og einnig 20,7 fm bílskúr. Samtals 179,8 fm. Eignin er laus. Verð kr. 29.500.000,-

*Nánari uppl gefur Heiðar Birnir sölumaður í síma 824 9092*

### EINBÝLI ÓSKAST

Mjög traustur kaupandi hefur beðið okkur að útvega einbýli. Þau svæði sem koma til greina eru Arnarnes í Garðabæ, Sunnubraut í Kópavogi, Sunnuvegur, Laugarásvegur og neðst í Fossvogi í Reykjavík.

*Stærð eignar má að lágmarki vera 300 fm.*
*Traustar greiðslur í boði.*
*Nánari upplýsingar gefur Heiðar Birnir sölumaður í síma 824 9092 eða heidar@eignamidlun.is*

**Auglýsingasími**

**512 50 50**

FRÉTTABLAÐIÐ – Mest lesið

## ATVINNA

# LAGERMENN



**LAGERSTARFSMENN - 100% STARF**

Rúmfatalagerinn óskar eftir duglegu og áreiðanlegu fólki í fullt starf á lager okkar í Skeifunni. Góð laun í boði fyrir rétta aðila. Upplýsingar veitir verslunarstjóri á staðnum eða í síma 820-8003.

góð kaup RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

# HELGARVINNA



**HELGARSTARFSFÓLK Í HÚSGAGNADEILD**

Rúmfatalagerinn á Smáratorgi óskar eftir helgarstarfsfólki til starfa í húsgagnadeild. Skilyrði 20 ára og eldri. Vinnutími önnur hver helgi og möguleiki á sumarstarfi. Vinnutími laugardaga 10-18 og sunnudaga 12-18. Vinsamlegast hafið samband við Ómar á netfangið omar@rumfatalagerinn.is.

góð kaup RÚMFATA LAGERINN HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is

We are hiring cleaning staff. Information in tel. 860 0601. Glans ehf.

365 Miðlar leita að öflugum vef- og verkefnastjóra í spennandi verkefni. Áhugasamir hafi samband við starfsmannastjóra 365.

### Kínverskt veitingahús á Grensásvegi

Vantar duglegt starfsfólk í sal, virka daga. Fullt starf/hlutastörf. Eldri en 20 ára. S. 846 5088, Kristín.

### HENDUR.IS

Vantar næturáfyllingu til lengri eða skemmri tíma. góð laun fyrir gott fólk. Uppl. á www.hendur.is

## Atvinna óskast

### Stúlka utan að landi óskar eftir vinnu

**Stúlka leitar að vinnu frá og með 12/11/2007 Er vön að vinna og hörkudugleg. Vinna sem kemur til greina eru afgreiðslustörf, aðstoðarmaður í eldhúsi, ummönnun og margt fleira. Áhugasamir hafið samband í síma 849 3320 Halldóra.**

Óska eftir starfi í ferðaþjónustu úti á landi eða Rvk. Útskr. leiðsm. vor 2007. + matsveinaréttindi + öll ökurétt + reynsla úr hótel + matvgreinum + o.m.fl. 568 5653 & 663 2788, Þorsteinn.

Vanur neta- og línusjómaður óskar eftir plássi. Snorri, s. 661 6266.

### Snyrtifræðinemi

25 ára Snyrtifræðinemi óskar eftir að á komast á samning, Flest kemur til greina, Uppl. í s. 862 7873 & karenpeta@hotmail.com. Karen.

### HENDUR.IS

Hönnun, veislur, þrif, barnagæsla, þjónusta, iðnaðarmenn, afleysingar o.fl. Fáðu tilboð. Finnum rétta fólkið í verkið. Uppl. www.hendur.is

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið



Shih Tzu hundurinn Lenni er búin að vera týndur frá Árbæjarhv. á Selfossi síðan á fös 2 nóv. sl. Ef einhver hefur heyrt af eða séð til hans þá eru allar uppl. vel þegnar. Hans er sárt saknað. 899 7879 / 661 5521.

## FASTEIGNIR

# FASTEIGNAKAUP

**Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - www.fasteignakaup.is**

## OPIÐ HÚS kl. 18.00-18.30
## Seljavegur 31, 101 Reykjavík



Frum

68 fm nýendurnýjuð 3ja herbergja íbúð á 3ju hæð við Seljaveg. Lýsing: Í eldhúsi er ný ljós innrétting frá HTH og eldhúskrókur Tvö svefnherbergi eru björt með stórum gluggum. Í baðherbergi er gólf flísalagt og veggir að hluta, nýtt baðkar og upphengt salerni, t/f þvottavél. Á gólfum íbúðarinnar er nýtt parket úr Hlyn. Nýtt rafmagn. Hér er um að ræða algjörlega endurnýjaða risíbúð með frábæra staðsetningu. Íbúðin er í dag skráð 53 fm en eftir er að ljúka nýjum eignaskiptasamningi og verður þá íbúðin skráð 68 fm hjá Fasteignamati ríkisins. Íbúðin er í snyrtilegu húsi sem hefur verið vel við haldið, nýtt þak er á húsinu.

**Nánari uppl. gefur Guðmundur Valtýsson í síma 865 3022**

***Nánari upplýsingar www.fasteignakaup.is***

***Guðmundur Valtýsson sölufulltrúi Fasteignakaupa sýnir eignina á milli kl.18 - 18.30 í dag***

***Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali***

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

## FUNDIR / MANNFAGNAÐIR

# Maður er manns gaman!

**Höndin, mannræktarsamtök, halda skemmtifund í Áskirkju, neðri sal. þriðjud. 13. nóvember.**
**Fundarstjóri: Edda Jóhannsdóttir, blaðamaður.**
**Frummælendur eru:**
**Sigurður "Siggi Stormur" Ragnarsson og Helgi Seljan.**
**Félagar úr lögreglukórnum taka nokkur vel valin lög, stjórnandi þeirra er Guðlaugur Viktorsson.**
**Upplestur: Jón Júlíusson, leikari.**
**Fundurinn hefst klukkan 20.30 og á eftir verða kaffi og umræður.**





## ATVINNA

FOSSHÓTEL Vinalegri um allt land

INNS OF ICELAND

**Langar þig að vinna hjá vinalegustu hótelkeðju Íslands?**

**Eftirfarandi störf eru í boði á Fosshótel Barón:**

- Starfsmaður í móttöku (dagvaktir), 100% starf
- Starfsmaður í móttöku (næturvaktir) 100% starf
- Starfsmaður á bar og aðstoð í móttöku, 100% og 40% starf

**Hæfniskröfur:**

- Reynsla af svipuðu starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókalds- og skipulagsfærni
- Vingjarnleiki
- 22 ára lágmarksaldur

Umsóknareyðublöð má nálgast á www.fosshotel.is

Viðkomandi þarf að geta hafið starf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Sigríður Kjerúlf, hótelstjóri, í síma 562 3204 eða í gegnum tölvupóstfangið sigridur@fosshotel.is

## FASTEIGNIR

# Kelduhvammur 18

220 Hafnarfjörður
Falleg 3 herbergja íbúð

**Stærð: 113,1 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1988**
**Brunabótamat: 18.650.000**
**Bílskúr: Nei**



**Opið Hús**





**opið hús í dag milli kl. 19.00 - 19.30**

**Verð: 29.900.000**

Glæsileg 3 herbergja íbúð með sér inngangi á fyrstu hæð. Komið er inn í forstofu með dökkum gólfflísum þaðan í rúmgóðan gang, á hægri hönd er þvottahús en á vinstrihönd er parketlagt herbergi, hjónaherbergið er með rúmgóðum fataskápum og parketi á gólfi. Baðherbergið er allt nýlegt með fallegri hvítri innréttingu og dökkum flísum á gólfi en hvítar flísar á veggjum. Eldhúsið er með hvítri innréttingu og parket á gólfi. Stór parketlögð stofa þar sem útgengt er út í stóran fallegan garð.

RE/MAX Esja



Samúel Ingi
Sölufulltrúi
**8970948**
samuel@remax.is



Þorbjörn Pálsson
Lögg. fasteignasali
tp@remax.is

**RE/MAX Esja - Laugavegur 170 - 105 Reykjavík - Sími: 4144600 - www.remax.is**



# ÞETTA BORGAR SIG!

Við leitum að duglegu fólki í kvöld- og helgarvinnu. Starfið felur í sér sölu á áskriftum að Stöð 2, Sýn, Sýn 2 og Fjölvarpi. Grunnlaun og árangurstengd sölulaun í boði.

Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur. Vinnutími er frá 17-22. Sendu okkur umsókn á starf@365.is með upplýsingum um þig. Öllum umsóknum verður svarað.

Sýn 2 Sýn2 Fjölvarp



## Ýmislegt

Slys í Hyrnunni Borgarnesi 19 ágúst sl. Vinsaml. hafið samband ef þið urðuð vitni að því þegar kona rann í ælu. Soffía s. 867 2331.

## Einkamál

**18plús.is**
Sýndu þig, sjáðu aðra. Íslenskur afþreyingarvefur fyrir fullorðna.

Hvolpar til sölu eru heilsufarsskoðaðar og örmerktar upplýsingar í síma 847 0733.

Ekkjumaður, rúmlega sjötugur óskar að kynnast vinkonu, ferðafélaga. Góð heilsa, leikhúsin, málverkasýningar, bókmenntir. Æskilegur aldur 60-70 ár. Svör sendist Fréttablaðinu fyrir 16. nóv merkt „Aðventuljós“.


Fasteignablaðið
Sími:
512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is


## TILKYNNINGAR


# Félagsfundur

**Verður haldinn mánudaginn 12. nóvember n.k. kl. 17.00 á Grand hótel, Reykjavík**

**Dagskrá:**

1. **Undirbúningur kjarasamninga**
2. **Önnur mál**

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og taka þátt í undirbúningi nýrra kjarasamninga. Núgildandi kjarasamningar eru í gildi til 31. desember næstkomandi.

HVERFISGÖTU 21 SÍMI 552 8755
FAX 562 3188 www.fbm.is fbm@fbm.is







## ATVINNA ÓSKAST

# Tannsmiður óskar eftir starfi

Útskrifaðist 2007. Get byrjað strax.

Upplýsingar í síma: 695-4595.

## FASTEIGNIR


STÓRHÚS FASTEIGNASALA Þórodddsstöðum

Sigurberg Guðjónsson hdl. lögg.fasteignasali
Þóroddstaðir, Skógarhlíð 22, 105 Reykjavík.


Hrafnhildur Bridde löggiltur fast.sali

Sími: 534 2000 GSM 821 4400

### ÁSGARÐUR, 108 RVK. JARÐHÆÐ


FRUM

2ja herb. 57,9 fm íbúð á jarðhæð með suður verönd. Íbúðin er í raun eitt rými sem hefur verið stúkað niður í herbergi, baðherbergi og rúmgóða stofu. Mögulegt er skv. teikningu að stúka íbúðina niður í fleiri herbergi. Verslun, skóli og önnur þjónusta í göngufæri.
**Verð 15,8 millj.**

### LAUS! ÞÓRSGATA, 101 RVK. 2. HÆÐ.



Sjamerandi 3ja herb. 57,7 fm íbúð á 2. hæð í miðbæ Reykjavíkur. Ný eldhúsinnrétting og nýtt parket á stofu og herbergjum. Nýtt rafmagn hefur verið dregið í íbúðina og gluggar og gler er nýlegt. Þetta er sjarmerandi eign á eftirsóttum stað. Stutt í verslun og þjónustu. Íbúðin er laus og til afhendingar við kaupsamning. **Verð 19,4 millj.**


## FASTEIGNIR


# FASTEIGNA-MARKAÐURINN

**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

# Flókagata

**Mikið endurnýjuð 4ra herb. útsýnisíbúð**




Frum

Glæsileg og mikið endurnýjuð 4ra herb. útsýnisíbúð í risi með tvennum svölum á þessum eftirsótta stað. Samliggjandi rúmgóðar stofur með góðu útsýni að Perlunni og til sjávar, opið alrými, uppgerðar hvítar innréttingar í eldhúsi, 2 herb. og flísalagt baðherb. Þvottaherb. innan íbúðar. Suðursvalir út af stofum og til vesturs út af eldhúsi. Geymsluris, manngengt að hluta yfir allri íbúðinni.
**Verð 30 millj.**


## ATVINNA


FERSKAR KJÖTVÖRUR

# Kjötiðnaðarmaður Matreiðslumaður

Við leitum að einstakling til að veita forstöðu kjötborði okkar í Hagkaup Kringlu góðir tekjumöguleikar fyrir duglegan einstakling

Nánari uppl veitir Leifur Þórsson í s: 660 6330

Kokkarnir VEISLUÞJÓNUSTA



# LUNDUR FASTEIGNASALA

www.lundur.is • lundur@lundur.is

SÍMI 533 1616 FAX 533 1617
SUÐURLANDSBRAUT 10, 2.HÆÐ, F/OFAN BLÓMASTOFU FRIÐFINNS, 108 REYKJAVÍK
Karl Gunnarsson löggiltur fasteignasali


Karl Gunnarsson lögg. fasteignas. — Nína Karen Jónsdóttir skrifstofustjórn — Erlendur Tryggvason lögg. fasteignas. — Kristján P. Arnarsson lögg. fasteignas. — Kristbjörn Sigurðsson lögg. fasteignas. — Steinunn Ásgerður Frímannsdóttir lögg. fasteignas.

## Háagerði 73 - 108 Reykjavík OPIÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAGINN 8. NÓV. KL. 17.00 - 18.00



Frum


Frábærlega vel staðsett falleg 113,2fm, 4-5 herbergja íbúð á fyrstu hæð í raðhúsi, þar af 25,5fm innb. bílskúr. Húsið er staðsett efst í botnlanga og engin hús fyrir ofan. Stutt er í skóla, leikskóla, verslun og þjónustu og útivistarsvæði. Húsið er nýmúrviðgert að utan. Getur verið laust fljótlega.
**SÍÐUSTU FORVÖÐ AÐ YFIRTAKA ÁHVÍLANDI LÁN FRÁ KAUPÞINGI MEÐ 4,15% VÖXTUM. Verð kr. 31,9 millj.**
*Jóna Fanney tekur á móti gestum. Verið velkomin!*

## Jöklafold - 112 Reykjavík




Björt og falleg 148,9 fm 4ra herb. efri sérhæð í tvíbýli , ásamt 28,5 fm áföstum bílskúr, samtals 177,4 fm. Gengið beint inn af götu. Íbúðin skiptist í; í flísalagða forstofu, forstofuherbergi, gott háaloft, rúmgóða stofu, setustofu og borðstofu í einu rými, útgengt á góðar flísalagðar svalir, eldhús með góðum borðkrók, þvottahús inn af eldhúsi þaðan útgengt á hellulagða verönd, herbergi, hjónaherbergi með góðum skápum og baðherbergi. Flest loft eru tekin upp og með innb. lýsingu. Innangengt er úr forstofu í snyrtilegan bílskúr. Bílastæði er upphitað og flísalögð aðkoma að húsinu.
**Verð 46,9 millj.**

## Breiðás 7 - Garðabær




**Glæsileg 170 fm efri sérhæð í Garðabæ, þar af 21 fm bílskúr, með glæsilegu útsýni í allar áttir.** Gengið inn sérinngang í forstofu með litlli geymslu. Þaðan upp stiga í íbúðina. Komið er í hol með fataskápi. Hvíttað parket á gólfi. Rúmgott eldhús með hnotuinnréttingu, nýju eikarparketi, borðkróki og þvottahúsi innaf. Gott útsýni til norðurs (Borgin og Esjan). Borðstofa og stofa m. hvíttuðu parketi og góðri lofthæð. Útgengt á s-svalir. Í svefnálmu eru 2 barnah., 1 unglingah. og hjónah. Eikarparket og skápar í þremur. Flísalagt baðh. með baðkari. Sérgeymsla í kjallara. Rúmg. bílskúr með heitu og köldu vatni og rafmagnsopnara. Íbúðin er mjög björt og vel skipulögð með mikið gluggarými og útsýni úr hverju rými. Hannað af Kjartani Sveinssyni. **Verð 39,9 millj.**

# Bautasteinn bæjarstjórans

**UMRÆÐAN**
Óperuhús í Kópavogi


GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

Á baksíðu Morgunblaðsins 6. nóvember mátti lesa frétt þess efnis að þegar væri búið að bjóða þremur arkítektarstofum að taka þátt í hönnunarsamkeppni um óperuhús í Kópavogi. Þar var rætt við bæjarstjórann og af svörum hans að dæma var ekki hægt að lesa annað úr þeim en allt væri þetta klappað og klárt og bæjaryfirvöld í Kópavogi hefðu þegar ákveðið að af byggingu hússins yrði og myndu framkvæmdir hefjast á næsta ári.

Þetta er ekki rétt. Hið rétta er að engar ákvarðanir hafa verið teknar um byggingu óperuhúss í Kópavogi. Síðustu mánuði hefur starfað undirbúningsnefnd sem hefur það hlutverk að kanna möguleika á fjármögnun og rekstri slíks húss í samkeppni við önnur sviðslistahús á landinu. Nefndin hefur látið vinna viðskiptaáætlun og forsögn hússins liggur fyrir. Yfirlýsingar bæjarstjórans eru ótímabærar. Bæjarstjórn Kópavogs á enn eftir að taka afstöðu í málinu. Bæjarfulltrúar allra flokka, líka Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, hafa óskað eftir að fá send öll þau göng sem þegar liggja fyrir hvað varðar bygginguna svo þeir geti mótað afstöðu sína. Aðkoma ríkisins að rekstri óperuhúss er ekki ljós og engin loforð hafa komið þaðan um aukinn stuðning við Íslensku óperuna í nýju húsi.

Líkt og aðrir bæjarfulltrúar í Kópavogi hafa fulltrúar Samfylkingarinnar ekki tekið afstöðu í málinu en eðlilega mun okkar afstaða miðast við hagsmuni Kópavogs. Við teljum afar mikilvægt að Kópavogsbær beri enga ábyrgð á hugsanlegum hallarekstri hússins. Hins vegar væri eðlilegt að áður en lengra er haldið myndi viljayfirlýsing bæjarstjórnar liggja fyrir og í framhaldi af því yrði flautað til leiks í hönnunarsamkeppni. Staðsetning hússins hefur enn ekki verið ákveðin, en svo virðist sem það sé prívatskoðun bæjarstjóra að húsið eigi að standa á Borgarholtinu. Sú staðsetning er umdeild, Borgarholtið er friðlýstur staður og mikilvægt að áfram lofti vel um Kópavogskirkju, okkar helsta kennileiti í Kópavogi. Staðir eins og Nónhæðin hafa verið nefndir sem ákjósanlegir staðir fyrir slíkt hús, þar er sjónlína góð til allra átta og gæti verið glæsilegur staður fyrir hús af þessu tagi.

Hugmyndin um fjölnota sviðslistahús í Kópavogi sem hýsti Íslensku óperuna er vissulega spennandi. Slíkt mál verður þó að reka áfram af raunsæi og það verður að vera í eðlilegum farvegi í bæjarkerfinu. Hér er um stórt verkefni að ræða sem bæjarstjórn verður að vinna að í sameiningu með hagsmuni bæjarins í fyrirrúmi. Bæjarstjóri er kominn langt fram úr sér í þessu máli. Hann getur ekki einn ákveðið byggingu hússins, hann getur ekki einn ákveðið staðsetningu, hann getur ekki einn hrint af stað hönnunarsamkeppninni. Hann er ekki einræðisherra í Kópavogi. Yfirlýsingar hans um óperuhúsið eru marklausar og bera vott um að hann hafi meiri áhuga á að reisa sér bautastein í Kópavogi en skapa sátt um byggingu óperuhúss.

*Höfundur er oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.*

# Reykjavíkurflugvöllur

**UMRÆÐAN**
Samgöngumál


JÓN GUNNARSSON

Í fyrirspurn frá formanni samgöngunefndar Alþingis til samgönguráðherra kom fram að stuðla þyrfti að flutningi á einkaflugi frá Reykjavík vegna aukningar á umferð slíkra véla. Rökin eru aukin mengun og hávaði sem fylgir þessu flugi. Flugvöllur verður aldrei rekinn nema honum fylgi flugumferð og þannig hefur það alltaf verið.

Það er erfitt að skilja að aukin umferð nokkurra einkaþotna breyti þar miklu um. Á móti kemur að áætlunarstöðum í innanlandsflugi hefur fækkað mikið á undanförnum árum með tilheyrandi minni umferð. Mengunarrökin eru einnig umdeilanleg. Ég geri ekki ráð fyrir að flugvélarnar mengi minna lendi þær í Keflavík, en við bætist síðan útblástur bifreiðanna við að flytja farþegana til og frá höfuðborgarsvæðinu. Í þeim efnum er nær að forgangsraða verkefnum og líta til hinna miklu umferðartafa með tilheyrandimengunáhöfuðborgarsvæðinu.

Í svari ráðherra kom fram að hækka þyrfti lendingargjöld til að sporna við aukinni umferð. Ég vona að ekki verði farið í þá ráðstöfun með þeim hætti að hækka þurfi fargjöld í innanlandsflugi. Nógu dýrt er nú drottins orðið á þeim vettvangi. Sjálfsagt er að hækka lendingargjöld á einkaflug ef það er of lágt verðlagt í dag, en ég hef ekki trú á að einhver hækkun á lendingargjöldum fyrir einkavélar geri útslagið á að þær flytji sig til Keflavíkur. Þær upphæðir skipta ekki máli fyrir þá sem á annað borð velja þennan ferðamáta. Margar þessara véla fljúga á milli Reykjavíkur og London þar sem þær lenda á flugvelli í miðbænum. Sá völlur státar af einhverjum hæstu lendingargjöldum í heimi.

Hér takast á sjónarmið um framtíð flugvallarins í Vatnsmýrinni. Það hefur ekkert komið fram í þeim málflutningi enn, sem fær mig til að breyta skoðun minni á því að þar á völlurinn að vera til framtíðar.

*Höfundur er þingmaður Sjálfstæðisflokksins.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.




# Heildarráðgjöf fyrir ungt fólk

**UMRÆÐAN**
Æskulýðsstarf


RÓSA BJÖRK SIGURÐARDÓTTIR

Tótalráðgjöf er hugsuð sem alhliða ráðgjöf fyrir ungt fólk sem á við einhvers konar vandamál að stríða. Lögð er áhersla á að hjálpa þessu unga fólki að greina vanda sinn og aðstoða það við úrlausn vandans á skjótan og heildrænan hátt. Markhópur Tótalráðgjafar er ungt fólk á aldrinum 16-25 ára en að sjálfsögðu er engum vísað frá. Ungt fólk getur lent í ýmiss konar vanda s.s áföllum í skóla (falla á prófum, erfiðleikar í samskiptum við aðra nemendur/kennara), erfiðleikum í einkalífi og vinnu, vímuefnamisnoktun, ástvinamissi og sorg, fjárhagsáföllum, kynlífsvandamálum, sifjaspellum, nauðgunum, einelti, ofbeldi og sjálfsvígum. Vandamálin geta því verið afar margvísleg og eðli þeirra misalvarleg. Tótalráðgjöfin býður þessu unga fólki upp á viðtalstíma og símaráðgjöf en aðallega er spurningum svarað á netinu. Ef ráðgjafarnir geta ekki brugðist við vandanum bendum við þeim á og aðstoðum þá við að komast í sérhæfðari úrræði.

Tótalráðgjafar leggja metnað sinn í að veita skjót viðbrögð og gefa helst svör innan þriggja daga. Tótalráðgjöf.is er: þjónusta og upplýsingar; spurt og svarað á Tótalvefnum; símaráðgjöf; viðtalsráðgjöf.

Ráðgjafar Tótalráðgjafar.is eru sálfræðingar, félagsráðgjafar, kynlífsráðgjafar, tómstundafræðingar, náms- og starfsráðgjafar, hjúkrunarfræðingur og almennir ráðgjafar.

Ráðgjafarferlið fer þannig fram að fyrirspurnum er svarað innan þriggja daga á Tótalvefnum eða svarið sent til viðkomandi í einkapósti. Viðkomandi er boðið að hafa samband, t.d. svara bréfinu, hringja eða koma í ráðgjafaviðtal. Ráðgjafar skrá niður upplýsingar, allt nafnlaust og fullur trúnaður er ávallt viðhafður. Tótalráðgjöfin hefur aðsetur í Hinu húsinu sem er upplýsinga- og menningarmiðstöð ungs fólks, Pósthússtræti 3-5. 101 Reykjavík, s. 411 5500 eða hitthusid.is.

Tótalráðgjöfin er samstarfsverkefni nokkurra stofnana og samtaka. Aðilar að samstarfinu eru: Hitt húsið/ÍTR, þjónustumiðstöðvarnar í Reykjavík, Ný Leið (þjónustufyrirtæki fyrir ungt fólk í vanda), Fræðslusamtök um kynlíf og barneignir og Heilsugæsla Reykjavíkur. Auk þess erum við í tengslum við marga aðra fagaðila og stofnanir sem veita stuðning og ráðgjöf í sérstökum aðstæðum.

Frá því að vefsíða Tótalráðgjafar opnaði hefur hún bæði eflst og stækkað, úr því að fá 600 heimsóknir og 5-10 fyrirspurnir á síðuna á mánuði upp í rúmlega 4000 heimsóknir á síðuna og 25 fyrirspurnir að meðaltali á mánuði.

Þessar góðu viðtökur sýna að brýn þörf er fyrir slíka þjónustu fyrir ungt fólk. Næsta verkefni okkar er að koma til móts við landsbyggðina og efla tengslanet okkar við sveitarfélögin og koma þannig betur til móts við ungt fólk úti á landi ásamt því að eflast enn frekar á höfuðborgarsvæðinu. Tótalráðgjöfin er því enn að vaxa og dafna og skorum við á ungt fólk sem á við einhvers konar vanda að stríða að hafa samband við okkur og vita hvort við getum ekki hjálpað því við úrlausn vandans.

*Höfundur er deildarstjóri hjá Hinu húsinu.*

# Ísland og þróunarmál

**UMRÆÐAN**
Þróunarmál


LYDÍA GEIRSDÓTTIR

Undanfarna daga hefur farið fram mikilvæg umræða um skilvirkni þróunaraðstoðar. Það er mjög jákvætt að endurskoða skipulag og vinnubrögð með reglulegu millibili. Hins vegar fer ekki á milli mála að gagnvirk þróunaraðstoð, hvort sem hún beinist að menntun, heilsu eða vatni kostar peninga. Flestir sem vinna að þessum málefnum vita að til þess að bæta lífskjör nær helmings íbúa jarðar, þurfa rík lönd að axla sína ábyrgð gagnvart þeim sem minna hafa. Sem dæmi um þá misskiptingu sem ríkir í heiminum þá eru eignir þriggja ríkustu manna heims meiri en verg þjóðarframleiðsla 48 fátækustu þjóða heims.

Í gegnum mína menntun og starfsferil hef ég fengið að kynnast þróunar- og neyðaraðstoð í framkvæmd á alþjóðlegum vettvangi. Eftir langtíma dvöl erlendis flutti ég heim til Íslands fyrir tveimur árum. Áhugi íslensks almennings á þróunarmálum kom mér skemmtilega á óvart. Hins vegar sætir Ísland sem þjóð gagnrýni erlendis fyrir hvað við leggjum lítið til þróunarmála. Það er réttmæt gagnrýni.

Sem Íslendingur og hjálparstarfsmaður fannst mér mjög erfitt að koma heim og sjá að við, ein af ríkustu þjóðum heims, erum að gefa tæplega 0,25 prósent af okkar vergu þjóðarframleiðslu til að aðstoða aðrar þjóðir í neyð. Til viðmiðunar má nefna að nágrannaþjóð okkar og mitt uppeldisland, Svíþjóð, gefur 1 prósent af vergri þjóðarframleiðslu til alþjóðlegra þróunarmála. Þó að við sem þjóð þurfum að breyta þessu til betri vegar hefur reynsla mín á þessum tveim árum sýnt mér að íslenskur almenningur lætur sig þessi málefni mjög varða og sýnir þann hug með stuðningi við mannúðarsamtök eins og Hjálparstarf kirkjunnar. Það er rúmt ár síðan tók ég til starfa hjá Hjálparstarfinu og hefur það grasrótarstarf sem hér fer fram, farið fram úr öllum mínum væntingum. Hjálparstarf kirkjunnar eru samtök sem byggja á framlögum einstaklinga, fyrirtækja og stjórnvalda. Í hnotskurn er hjálparstarfið dæmi um hve mikið Íslendingar láta sig málefni annarra varða. Þátttaka landans í starfi Hjálparstarfs kirkjunnar er svo fjölbreytt að ekki er hægt að telja það allt upp.

## Grasrót til grasrótar

Einstaklingar, fjölskyldur, fjölmiðlar og fyrirtæki styðja við safnanir á jólum og páskum; neyðarsafnanir kveikja í flestum þegar slíkar fara af stað. Ríkir sem fátækir eru virkir þátttakendur í okkar starfi með því að styðja einstök verkefni og fastir styrktaraðilar leggja sitt af mörkum hvern einasta mánuð. Hópur áhugamanna safnar og selur varning í Kolaportinu til styrktar fátækum börnum á Indlandi. Traustir fósturforeldrar styðja mörg hundruð indversk börn til náms í hverjum mánuði.

Stéttarfélagið Efling styður mannréttindastarf á Indlandi og E-kortshafar gefa af sinni endurgreiðslu til munaðarlausra barna í Úganda. SPRON styður brunnagerð í Malaví og starfsmenn bankans hafa safnað fé til að styrkja menntun og leik malavískra barna. Kaffihús halda úti baukum fyrir vatni og safna allan ársins hring og þúsundir Íslendinga kaupa sér friðarljós til þess aðlýsa upp skammdegið. Afmælisbörn og brúðhjón óska sér geitar eða að þrælabarn verði leyst úr skuldaánauð í staðinn fyrir brauðrist. Fjöldi íslenskra fyrirtækja og sjóða styður fátækt fólk á Íslandi allan ársins hring og ýmis fyrirtæki hafa tekið hugmyndinni um Sanngjörn viðskipti (Fair Trade) opnum örmum. Saumaklúbbar, sóknir, starfsmannafélög, ungmenni og börn standa að alls konar söfnunum og uppákomum til þess að styrkja starf Hjálparstarfs kirkjunnar og ekki má gleyma að sjálfboðaliðar á öllum aldri gefa af sínum tíma til að láta gott af sér leiða.

Saman erum við grasrótarhreyfing sem styður við grasrótarstarf í fjarlægum löndum.

Ekki skemmir fyrir að mörg mannúðarsamtök njóta stuðnings landans. Íslendingar hafa á undanförnum þremur árum gefið átta af stærstu mannúðarsamtökum landsins 2,3 milljarða króna af sínum sköttuðu tekjum til þróunar og neyðarstarfa erlendis.

## Þjóð til þjóða

Í ljósi þessa er ég ákaflega stolt af því að vera Íslendingur; okkar aðstoð skiptir máli fyrir lífskjör tugþúsunda manna út um allan heim. Það er mín von að mjög bráðlega getum við Íslendingar verið stoltir af því að standa við það loforð sem við gáfum 1970 á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna; að við sem þjóð ætluðum að leggja 0,7 prósent af vergri þjóðarframleiðslu til alþjóðlegra þróunarmála. Árið 1985 samþykkti Alþingi að það ætti ekki að taka meira en sjö ár til viðbótar að standa við loforðið þ.e.a.s. að árið 1992 ætti 0,7 prósenta markmiðinu að vera náð. Rúmlega 15 árum síðar eigum við ennþá langt í land.

Þar sem við augljóslega erum svo mörg sem látum okkur lífskjör annarra varða, þá trúi ég ekki öðru en að við ætlumst til þess að stjórnvöld endurspegli okkar hug í verki. Nýlega ákvað Evrópubandalagið að árið 2015 verði meðlimum bandalagsins skylt að standa við loforð um að 0,7 prósent af vergri þjóðarframleiðslu fari í þróunaraðstoð. Ætla Íslendingar, þriðja ríkasta þjóð heims, að láta sitt eftir liggja?

*Höfundur er verkefnastjóri hjá Hjálparstarfi kirkjunnar.*

LAGERSALA
ÚTIVISTARFATNAÐUR 50-70% GÖNGUSKÓR 50-70%
SKÍÐA OG BRETTAVÖRUR 30-70% VETRARFATNAÐUR 50%
VEIÐIVÖRUR 35-50% BAKPOKAR OG SVEFNPOKAR 35-50%
STENDUR AÐEINS Í NOKKRA DAGA
EVEREST
FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 · Sími 533 4450 · www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA, FAGLEG RÁÐGJÖF




**674** kr/kg. áður 899 kr/kg.
Kalkúnn 1. fl.kg




**198** kr/kg. áður 360 kr/kg.
Ísfugl hvítlauksvængir magnpoki




**1.814** kr/kg. áður 2.592 kr/kg.
Borgarnes nautahelgarsteik




**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísasnitsel pre pc




**587** kr/kg. áður 979 kr/kg.
Borgarnes dönsk grísabógarsteik




**299** kr/pk. áður 399 kr/pk.
Rúbín kaffi svartur 500 gr.




**284** kr/pk. áður 379 kr/pk.
Rúbín kaffi rauður 500 gr.




**995** kr/kg. áður 1.746 kr/kg.
Goða grísagúllas pre pc




**98** kr/pk. áður 175 kr/pk.
Myllu heimilisbrauð heilt

H:N markaðssamskipti / SA Hönnun: Víkurfréttir

## allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda: 8. nóvember til 11. nóvember eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahverfi Kópavogi - Höfn



†

*Okkar ástkæra og yndislega*

**Þórlaug Kristinsdóttir**

Grundargötu 7, Dalvík,

lést sunnudaginn 4. nóvember á Dvalarheimilinu Dalbæ, Dalvík. Jarðarförin fer fram frá Dalvíkurkirkju laugardaginn 10. nóvember kl 13.30.

**Arnfinnur Friðriksson**
**Jóna Kristín Friðriksdóttir**
**Gunnar Magni Friðriksson**
**Friðrik Reynir Friðriksson**
**Irma Ingimarsdóttir**
**Silja Pálsdóttir**
**og fjölskyldur.**
**Steinunn Pálsdóttir**
**Stefán A. Magnússon**
**Sigrún K. Júlíusdóttir**
**Marín Jónsdóttir**
**Bjarmi Fannar Irmuson**
**Freyr Antonsson**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og systir,*

**Rannveig Jónsdóttir**

Sólheimum 23 5E, Reykjavík,

lést fimmtudaginn 1. nóvember á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Jarðarförin fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á krabbameinsdeild Landspítalans og Leitarstöð Krabbameinsfélags Íslands.

**Alois Raschhofer**
**Birgit Raschhofer**
**Róbert Jón Raschhofer**
**Jóhann Pétur Guðvarðarson**
**Margarete Schrems**
**barnabörn, Ásmundur Jónsson og fjölskyldur.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Garðar Steinarsson**

flugstjóri, til heimilis að Flyðrugranda 4,

lést á heimili sínu þriðjudaginn 6. nóvember. Útförin verður gerð frá Neskirkju þriðjudaginn 13. nóvember kl. 15.

**Ásta Sveinbjarnardóttir**
**Hróðný Garðarsdóttir**
**Þórhildur Garðarsdóttir**
**Björgvin Þórðarson**
**Páll Garðarsson**
**Ásta, Garðar og Dúna**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Hulda Reynhlíð Jörundsdóttir**

frá Vestmannaeyjum,

sem lést fimmtudaginn 1. nóvember, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 15.

**Björg Sigurðardóttir**
**Inga Jóna Sigurðardóttir**
**Guðlaugur Sigurðsson**
**Hallgrímur Valdimarsson**
**Sævar G. Proppé**
**Kristrún O. Stephensen**
**barnabörn, systkini og fjölskyldur þeirra.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Sæunn Jóhannsdóttir**

ljósmóðir, Blesastöðum, Skeiðum,

sem lést á heimili sínu 28. október, verður jarðsungin frá Skálholtskirkju laugardaginn 10. nóvember kl. 14.

**Sigurður Hermannsson**
**Kristín Hermannsdóttir**
**Guðrún Hermannsdóttir**
**Sigríður N. Hermannsdóttir**
**Hildur Hermannsdóttir**
**Elín Árnadóttir**
**Vilmundur Jónsson**
**Hjalti Árnason**
**Jónas H. Jónasson**
**Kristján Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**COURTNEY THORNE-SMITH ER FERTUG Í DAG**

*„Ef ég gæti verið grennri en ég er, án þess að valda vanlíðan og spennu í lífi mínu, þá væri ég það. Í dag er raunveruleikinn hins vegar sá að líf mitt er mér mikilvægara en líkamsþyngdin. Guði sé lof fyrir það."*

***Ameríska leikkonan Courtney Thorne-Smith átti við átröskun að stríða um tíma en hefur nú losnað úr þeim fjötrum.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST: 8. NÓVEMBER 1793**

## *Louvre-safnið opnað*

Listasafnið Louvre í París var opnað á þessum degi árið 1793 en það er eitt hið stærsta í heimi og hefur að geyma sum af frægustu listaverkum miðalda. Elsti hluti safnsins er frá sextándu öld en um aldir hafa konungar og keisarar látið byggja við það. Nýjasta bygging safnsins er frá árinu 1989. Þá var hinn frægi og umdeildi glerpíramídi reistur fyrir framan Louvre og er í dag inngangurinn í safnið.

Í Louvre var aðsetur konunga allt þar til Lúðvík XIV flutti aðsetur konungsins til Versala en listaverkasafn konungs varð þá eftir í Louvre.



**LOUVRE**

Listaverk safnsins ná frá fornöld til ársins 1850 og fjöldi verkanna er slíkur að engin leið er að skoða þau öll í einni heimsókn í safnið. Meðal frægustu verka safnsins er Mona Lisa eftir Leonardo Da Vinci.

**TOSHIKI TOMA** MEÐ FYRSTU LJÓÐABÓK INNFLYTJANDA

# Fékk skáldagáfuna í jólagjöf

Sr. Toshiki Toma, prestur innflytjenda er 49 ára í dag og þó það teljist ekki til stórafmælis þá eru samt tímamót í lífi hans í þessari viku því fyrsta ljóðabókin hans er að koma út. Fimmta árstíðin. Það mun jafnframt vera fyrsta ljóðabók innflytjanda hér á landi. Toshiki er í Japan af persónulegum ástæðum en var tekinn á beinið áður en hann fór og spurður út í skáldskapinn og útgáfuna. Fyrsta spurning er hvenær hann hafi byrjað að yrkja á íslensku. „Ég byrjaði á jóladag 2001," svarar hann og það vottar fyrir feimni. „Mig hafði lengi langað að takast á við ljóðformið en hafði aldrei fundið tíma til að láta verða af því. Tækifærið kom á jóladag 2001. Ég var einn heima og hafði ekkert sérstakt að gera. Þá hugsaði ég: Í dag prófa ég að yrkja."

Toshiki segir það hafa tekið hann allan daginn að búa til fyrsta ljóðið en það hafi verið mjög skemmtileg upplifun. Hvert skyldi svo yrkisefnið hafa verið. „Þetta var prósaljóð og fjallar um þjáningu mannsins. Þó það væri ort á jólum er það ekki sérstaklega tengt jólunum. Maðurinn er elskulegur í eðli sínu og sýnir náunga sínum kærleika en svo stundum svíkur hann og þá mæta honum erfiðir tímar. Þetta er efni fyrsta ljóðsins."

Toshiki hefur haldið ótrauður áfram að yrkja eftir jóladaginn 2001 og kveðst búa til svona tíu til fimmtán ljóð á hverju ári. Um fjórutíu þeirra eru í nýju bókinni og flest tengjast þau á einhvern hátt náttúru Íslands nema fyrsta ljóðið hans er undantekning og hefur dálitla sérstöðu. „Þetta eru stutt ljóð sem eru kveðin um náttúru Íslands, björt og einföld. Mörg þeirra tengjast árstíðunum, vori, sumri, hausti og vetri. En sum þeirra fjalla um ást og óskir lífsins og snertir á tveimur menningarheimum, jarðlífinu og hinu guðlega. Ég flokkaði því ljóðin í fimm hópa, vor, sumar, haust vetur og líf. Þess vegna er titill bókarinnar Fimmta árstíðin."

Undirbúningur undir útgáfuna byrjaði í vor að sögn Toshiki. „Ég veit svo lítið um hvað þarf til að gefa út bók en góður vinur minn sem stýrir ljod.is hjálpaði mér heilmikið þannig að ég fékk góða aðstoð," segir hann brosandi.

Spurður í lokin hvort einhverjar aðstæður reynist honum betri en aðrar til að yrkja svarar Toshiki. „Skáldskapurinn er fyrst og fremst tómstundagaman hjá mér. Ég skrifa oft í blöðin um ýmis samfélagsmál eins og fordóma og innflytjendamál. Það er hluti af vinnunni minni. Mér finnst samt leiðinlegt að fólk haldi að ég hugsi bara um fordóma og óréttlæti í samfélaginu því ég er maður sem sé líka fegurð í náttúrunni og í mannlegum samskiptum. Mig langaði bara að segja frá því líka í ljóðunum mínum."

**gun@frettabladid.is**



**TOSHIKI TOMA PRESTUR OG LJÓÐSKÁLD** „Mér finnst leiðinlegt að fólk haldi að ég hugsi bara um fordóma og óréttlæti í samfélaginu því ég sé líka fegurð í náttúrunni og mannlegum samskiptum." FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



†

*Elsku systir mín og frænka,*

**Sigríður Þórðardóttir**

Hrafnistu, Hafnarfirði,
áður Stigahlíð 36, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju föstudaginn 9. nóvember kl. 14.00.

**Guðný Þórðardóttir**
**Gunnvör Valdimarsdóttir**
**Jóhann G. Sigfússon**
**Ragna, Alda Sif, Þorsteinn, Þórgunnur og fjölskyldur.**



†

*Elskulegur eiginmaður minn og besti vinur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Edvald Gunnlaugsson**

lést þann 5. nóvember.

Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. nóvember kl. 15.00.

**Málfríður Eyjólfsdóttir**
**Edda Eðvaldsdóttir**
**Þór Þorvaldsson**
**Eðvald Brynjar og Þórdís**
**Halldór Eyjólfsson.**


## 60 ára afmæli



**Birgir Karlsson**

fv. skólastjóri og fulltrúi hjá Valitor (Visa), Bakkastöðum 5, Reykjavík.

Í tilefni afmælisins tekur hann á móti gestum í Oddfellowhúsinu við Vonarstræti, Reykjavík, á morgun föstudaginn 9. nóvember frá kl. 17-20.

Gjafir afþakkaðar.



**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingarsendist á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**




Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | www.www.mazdabrimborg.is

*Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

# Kúbuveisla

5.des.

frá kr. 69.990

Havanaborg og/eða Varaderoströndin






Verð kr. 84.990 – Havana
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 13 nætur á Hotel Occidental Miramar **** með morgunverði, 5. des.

Verð kr. 79.990 – Havana & Varadero
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 6 nætur á Hotel Occidental Miramar **** í Havana og 7 nætur á Hotel Arenas Doradas *** á Varadero með morgunverði, 5. des.. Aukalega fyrir allt innifalið í 6 nætur á Varadero nætur kr. 12.400 (valkvætt).

Verð kr. 69.990 – Arenas Doradas ***
Netverð á mann, m.v. gistingu í tvíbýli í 13 nætur á Hotel Arenas Doradas *** með morgunverði, 5. des.. Aukalega fyrir allt innifalið í 13 nætur kr. 19.800 (valkvætt).

Heimsferðir bjóða frábært tilboð á allra síðustu sætunum í 13 nátta ferð til Kúbu 5. desember þar sem dvalið er á hinni vinsælu Varaderoströnd og/eða í hinni einstöku Havanaborg. Kúba er ævintýri sem lætur engan ósnortinn. Ekki aðeins kynnist þú stórkostlegri náttúrufegurð eyjunnar, heldur einnig einstakri þjóð. Gríptu tækifærið og njóttu lífsins á Varaderoströndinni á frábærum kjörum. Athugið mjög takmarkaður fjöldi flugsæta og gistingar í boði!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • www.heimsferdir.is







## STUÐ MILLI STRÍÐA Úti er ævintýri

**ROALD VIÐARI EYVINDSSYNI** FINNST FÁTT TIL TÍU LÍTILLA NEGRASTRÁKA KOMA



Líkt og fleiri hef ég fylgst með umræðunni um Tíu litla negrastráka og langar að leggja orð í belg. Þetta er nefnilega ein þeirra bóka sem kættu mig í æsku, þótt mér þyki hún nú fremur ófyndin og botni eiginlega ekki í þeim sem vilja verja hana með öllum tiltækum ráðum, á þeirri forsendu að þarna sé á ferðinni barn síns tíma.

Svo ég vísi í um margt svipaðar sögur, veit ég ekki um marga sem dytti í hug að lesa ævintýri Grimms-bræðra fyrir börn. Þá ekki Disney-útfærslurnar eða aðrar vægar útgáfur, heldur óstyttar útgáfur Grimms-bræðra. Margar sagnanna teldust varla boðlegar börnum nú til dags en þóttu í gamla daga ágætis veganesti fyrir lífið.

Sagan af Öskubusku er mjög blóðug í meðförum bræðranna, sem nægði ekki að láta sjúpsysturnar skera af sér tær og hæla til að passa í skó Öskubusku. Þeir sáu ástæðu til að bæta við lýsingum á því hvernig fuglar kroppa augun úr systrunum í lokin og gefa í skyn að þær hafi ekki átt betra skilið vegna framkomunnar við Öskubusku.

Þá er Öskubuska litlaus persóna, sem virðist rísa til metorða fyrir það eitt að vera góð og þæg. Henni hugnast aldrei að óhlýðnast stjúpunni heldur leysir erfið húsverk af natni (meðvirkni), eins og góðri húsmóður sæmir. Stjúpan er á móti áhugalaus um heimilisverk en ver því meiri tíma í upphugsa aðferðir til að pynda Öskubusku. Hún er eini hugsuðurinn í ævintýrinu, enda þenkjandi konur ávallt illar. Og hvar var svo pabbinn á meðan á öllu þessu stóð?

Langt er síðan menn sáu hve ofbeldisfull þessi börn síns tíma eru, uppfull af staðalímyndum og slæmum boðskap. Seinni tíma útgáfur sýna það, enda ólíkt vægari. Þær gömlu fást enn, meðal annars í fræðiritum, enda kannski frekar heima þar en í barnabókum.

Þjóðin virðist þó enn eiga langt í land með að sjá Tíu litla negrastráka í svipuðu ljósi. Sjálfsagt eru nokkur ár í útgáfu þar sem drengirnir tíu verða af ólíkum kynþáttum og eiga gjöfula ævi.

# myndasögur




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# MARGMIÐLUNAR SPILARAR

## TVIX 3100U MARGMIÐLUNARSPILARI

**BEINT Í SJÓNVARP**
Horfðu á kvikmyndir í sjónvarpi, ljósmyndir úr fríinu eða hlustaðu á tónlist allt saman án tölvu

**ÖRUGG VINNSLA**
DViCO TViX spilarinn er í hæsta gæðaflokki og virkar með öllum venjulegum 3.5″ IDE harðdiskum

**BEINT Í GRÆJUR**
Með fjarstýringunni getur þú spilað tónlist beint úr TViX spilaranum án tölvu eða sjónvarps

**EINNIG 3.5″ HÝSING**
Virkar einnig sem venjulegur harðdiskaflakkari og tengist þá beint í USB tengi tölvunnar

**AUÐVELD Í NOTKUN**
Spilar án vandræða alla mögulega staðla eins og AVI, DivX3-5, DAT, MPEG, VOB, MP3, WMA, OGG og JPEG

**FYLGIHLUTIR**
Allir helstu kaplar fylgja, einnig fullkomin fjarstýring sem er hlaðin af möguleikum

**VERÐ 17.900**

Öll verð og tilboð eru birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl.

## TVIX M-4000SA

TviX M-4000PA SATA margmiðlunarspilarinn hefur alla kosti eldri spilara en býður að auki upp á HD video allt að 1920x1080, tengist beint við netið, spilar bíómyndir og tónlist allt saman án tölvu, fjarstýring fylgir

**VERÐ 29.900**

## TVIX M-4100SH

Nýji M4100 spilarinn hefur alla kosti eldri spilara en býður að auki upp á HD video allt að 1920x1080. Styður H.264 og HDMI tækni. Fullkomið stýrikerfi sem gerir þér kleift að afrita skrár, skipuleggja innihaldið og spila bæði myndir og tónlist án tengingar við tölvu. Einfaldlega flottasti spilarinn.

**VERÐ 39.900**

## QNAP TS-100 NAS

QNAP TS-100 All in One NAS Fullkominn netþjónn, Torrent, FTP, HTTP, UPnP, WEB, iTunes ofl. þjónustur, allt án tölvu

**VERÐ 24.900**

## 120GB PASSPORT

120GB Western Digital 2.5″ Passport2 ferðahýsing með 5400rpm Scorpio harðdisk tilbúin til notkunar, USB2

**VERÐ 12.900**

## 500GB MY BOOK

500GB WD My Book Essential er flott 3.5″ hýsing frá WD, geymdu öll gögnin þín á einum stað, USB2

**VERÐ 19.900**

## 500GB WD NAS

500GB My Book World Edition 3.5″ NAS hýsing frá Western Digital. Tengdu hýsinguna þína við staðarnet, USB2 og GB LAN

**VERÐ 24.900**

## 2.5″ TVIX

Glæsileg 2.5″ lítil DViCO TViX sjónvarps ferðahýsing, fyrir gögnin þín, flott fjarstýring fylgir með

**VERÐ 14.900**

## TVIX TASKA

Passaðu upp á hýsinguna þína þegar þú ert á ferðinni. Flott taska fyrir TViX 3100U, 4000PA/SA og 4100SH

**VERÐ 2.990**

## ZYXEL NSA-220

ZyXEL NSA-220 Network Storage hýsing og afritunar þjónn. Styður allt að 2TB í Raid 0,1 og JBOD. Gigabit LAN

**VERÐ 29.900**

## TVIX M-4000PA

TviX HD PATA sjónvarpshýsingin tengist beint í græjur eða sjónvarp og spilar bíómyndir eða tónlist án tölvu

**VERÐ 24.900**

# TÖLVULISTINN

| | | | |
|---|---|---|---|
| Reykjavík. | Nóatúni 17 | ☎ | 414 1700 |
| Akureyri. | Strandgötu 9 | ☎ | 414 1730 |
| Keflavík. | Hafnargötu 90 | ☎ | 414 1740 |
| Egilsstaðir. | Miðvangi 2-4 | ☎ | 414 1735 |
| Kópavogur. | Hlíðasmári 10 | ☎ | 414 1760 |

# Valkyrjur Wagners berjast um stöðu

Stjórn hinnar árlegu Bayreuth-hátíðar hefur undanfarið beitt sér fyrir því að Wolfgang Wagner, 88 ára gamalt barnabarn tónskáldsins Richard Wagner, segi af sér sem stjórnandi hátíðarinnar.

Meðlimir stjórnarinnar telja Wolfgang illa haldinn af alzheimer-sjúkdómnum og því ófæran um að stjórna svo umfangsmiklu verkefni. Wolfgang neitar þó að segja af sér nema arftaki hans verði 29 ára gömul dóttir hans, Katharina Wagner. Að því getur stjórnin ekki gengið og því er komin upp sú staða að stjórnin og stjórnandinn eru ósátt.

Líklegt þykir þó að það sé í raun Gudrun Wagner, eiginkona Wolfgangs og móðir Katharinu, sem setur þessa skilmála og segja innanbúðarmenn hana vera einn helsta áhrifavaldinn í þessu máli þar sem Wolfgang sjálfur sé orðinn of hrumur til þess að upphugsa slíkar áætlanir.

Wolfgang tók við stjórn hátíðarinnar árið 1966, en frá upphafi hafa meðlimir Wagner-fjölskyldunnar setið við stjórnvöl hátíðarinnar.



**TÓNSKÁLDIÐ RICHARD WAGNER** Afkomendur hans bítast nú um stjórntaumana á Bayreuth-hátíðinni.

Að þessu sinni eru það þrjár konur úr Wagner-ættinni, allar barnabarnabörn tónskáldsins, sem þykja koma til greina sem væntanlegir stjórnendur.

Þrátt fyrir vilja foreldra sinna þykir Katharina Wagner síst líkleg til þess að hreppa hnossið sökum ungs aldurs og reynsluleysis. Annar keppinautur hennar er Eva Wagner-Pasquier, en hún er 62 ára og er dóttir Wolfgangs úr fyrra hjónabandi. Eva hefur umtalsverða reynslu af stjórnunarstörfum í óperuheiminum og hefur unnið við virt óperuhús í London, París og New York.

Enn er ónefnd hin 62 ára gamla Nike Wagner. Nike er stjórnandi hinnar vel heppnuðu Weimar-óperuhátíðar og hefur því reynslu sem ætti að geta nýst henni vel sem stjórnandi Bayreuth-hátíðarinnar.

En á meðan Wolfgang neitar að segja af sér og stjórnin neitar að samþykkja Katharinu sem arftaka hans lítur út fyrir að ósættið muni ríkja enn um sinn. **- vþ**

**! Kl.20**

*Sýningin „Þriðji úrgangur-faraldur. Mínus afsökun“ verður sett upp í Austurbæ, Snorrabraut 37, í kvöld á milli kl. 20 og 23. Um er að ræða myndlistarsýningu á vegum nemenda á lokaári í myndlistardeild Listaháskóla Íslands. Sýningin er fjölbreytt og inniheldur gjörninga, myndbandsverk, innsetningar og fleira. Athygli skal vakin á því að sýningin stendur aðeins yfir þetta eina kvöld.*

**menning**

menning@frettabladid.is

# Landslag í i8

**Ragna Róbertsdóttir myndlistarmaður opnar sýningu í gallerí i8 í dag. Á sýningunni eru verk af ýmsum toga, en stutt er síðan Ragna átti verk á samsýningu í SAFNI á Laugavegi. Þessi einkasýning ber yfirskriftina Landslag fyrir hina og þessa.**

Ragna Róbertsdóttir er fædd 1945 og er meðal helstu myndlistarmanna okkar og hefur starfað að list sinni hérlendis síðan snemma á 7. áratugnum. Verk hennar hafa verið sýnd afar víða, meðal annars í öllum helstu söfnum og sýningarsölum á Íslandi og víða erlendis. Í rými Gallerí i8 við Klapparstíg sýnir Ragna verk frá árinu 2007, sem öll eru gerð sérstaklega fyrir sýninguna. Tvö verka hennar á sýningunni eru tileinkun hennar til listamanna sem hafa haft áhrif á hana, Guðjón Samúelsson og Donald Judd. Hún hefur ekki sett upp einkasýningu áður í húsnæðinu á Klapparstígnum og það eru ellefu ár síðan hún var með heila sýningu hjá Eddu í I8. „Það er ótrúlegt,“ segir hún, „en ég hef oft átt hér verk á samsýningum og gerþekki rýmið.“

„Ragna Róbertsdóttir er landslagslistamaður“ segir Birta Guðjónsdóttir í texta gallerísins um Rögnu: „Verk hennar eru þó ekki myndir af landslagi heldur færir hún landslagið sjálft inn í sýningarými og einkaheimili.“ Þar er vísað til þess að Ragna hefur um langt skeið unnið verk beint á veggi: Hún vinnur verk sín úr náttúruefnum, sem hún safnar yfirleitt saman á gönguferðum sínum um Ísland. Hún velur efninu síðan ferhyrnda fleti. Að þessu sinni eru tvö verk fyrirferðarmikil á Klapparstígnum af þessu tagi: Landslag fyrir Guðjón Samúelsson, er stórt verk úr íslenskri hrafntinnu. Ragna fékk hrafntinnu sem nú er verið að skreyta Þjóðleikhúsið með á ný og hefur gert úr mulningnum stórt veggverk. Það tekur ekki að glitra á tinnuna fyrr en komið er að verkinu. Hús segist ekki eiga meira til svo þeir sem vilji fá slík verk frá henni verði að leggja tinnuna til sjálfir.

Hin tileinkun Rögnu er verkið Landslag fyrir Donald Judd en bandaríski listamaðurinn og Íslandsvinurinn hefur haft rík áhrif á hana. Tileinkun Rögnu vísar, að forminu til, til nokkurra verka Judds og notar Ragna plexígler og jarðefni, sem eru mismunandi að lit en öll í náttúrulegum litum. Þessi jarðefni eru fengin úr Bjarnarflagi nálægt Mývatni og eru plexíglerkassar sjö í röð á vegg í rýminu, hver með jarðefni, hver með sitt litbrigði.

Efnisnotkun Rögnu í þessu verki og fleirum, hvort sem hún notar kínverskan kristal eða hveraleir úr Krýsuvík sem hún málar með, tengist óbeint verkum bandarísku minimalistanna, sem notuðu efni og aðferðir úr iðnaði, en Judd var þar í fararbroddi.



**MYNDLIST** Ragna við eitt verka sinna á sýningunni í Gallerí i8 en þar hefur hún ekki haldið einkasýningu æi ellefu ár.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Á sýningunni eru einnig lágmyndir úr silfri og skorið hraun í gólfverkum.

Ragna segist tína efnið til sjálf í verk sín, hún fari á vissa staði og sigti þar efnið í réttar stærðir fyrir verk sín. Hún hefur víða unnið verk á veggi heimila og opinberra staða: „ég tek bara það sem ég þarf.“ Þar sem við stöndum og skoðum eina silfurplötu á vegg sem er tekið að falla á spyr ég um áhrif tímans á veggverkin sem eru unnin úr salla, vikri eða gleri. Hún segir fólk hrætt við gler en reynslan hafi ekki verið sú að fallið hafi úr þeim. Vikurinn vilji sallast og þá geri hún við verkin sjálf þannig að þéttleiki haldist í ákastinu. Áfallið silfur þekkja margir og gera sér fæstir grein fyrir að veðrun og efnabreyting í málmyfirborði hefur lengi verið virkur þáttur í sköpun málmverka. Hún hefur unnið í málm áður: „Áfall á silfur er mjög fallegt,“ segir hún. „Maður horfir á flötinn umbreytast hægt og hægt.“

Ragna sýnir verk sem hún málar með blönduðum lit úr Krýsuvík beint á vegg. Áður voru litir gerðir þannig. Hún segist ekki vita til þess að það hafi verið unnið þannig áður en litskrúð sé nóg í íslenskum jarðvegi. „Ég á verk í SAFNi sem er í geggjuðum rauðum lit úr Krýsuvík.“ Hraunferninga sína segist hún hafa unnið með í langan tíma, frá 1989. Sýningin er þannig að mestu sprottin úr landslagi og heitið landslagsmálari fær í hennar verkum nýja vídd. **pbb@frettabladid.is**

# Dans sem rís og brotnar

**Nýtt dansverk sem kallast Degenerator verður frumsýnt í Konunglega leikhúsinu í Stokkhólmi annað kvöld. Höfundur verksins er ungur íslenskur dansari, Gunnlaugur Egilsson.**



**NÚTÍMADANS** Úr verkinu Degenerator eftir Gunnlaug Egilsson.

Gunnlaugur flutti til Svíþjóðar fyrir ellefu árum til að nema danslistina og hefur verið búsettur erlendis síðan. Hann hefur mestmegnis dansað í útlöndum og starfar nú sem dansari við Konunglega ballettinn í Stokkhólmi. Hann hefur þó unnið lítillega á Íslandi og hefur meðal annars sett upp verk fyrir danssmiðju Íslenska dansflokksins.

„Ég samdi verk sem var sýnt á litla sviðinu hér í Konunglega leikhúsinu í fyrra og í kjölfarið á því réði stjórnandi Konunglega ballettsins mig til þess að semja þettaverk,“ segir Gunnlaugur spurður um tilurð verksins. Verk Gunnlaugs er eitt af fjórum sem verða á dagskrá í Konunglega leikhúsinu þetta kvöldið. „Í verkinu dansa sex konur á táskóm. Þær minna um margt á dæmigerðar ballerínur en dansinn sem þær stíga brýtur þó upp þá ímynd þar sem þær virðast á stundum hreinlega vinna á móti þyngdarlögmálinu. Þetta er nútímadansverk, en ég vildi notfæra mér það að hér hef ég aðgang að dönsurum sem hafa mikla þjálfun í klassískum ballett og eru afar færar í að dansa á táskóm. Þetta verk blandar því saman klassískri balletthefð og nútímadansi og mætti segja að það sé bæði fallegt og gróft í senn.“



**GUNNLAUGUR EGILSSON** Önnum kafinn íslenskur dansari.

Einvala lið listamanna kemur að verkinu með Gunnlaugi. Þar má nefna Behnaz Aram sem er þekktur fatahönnuður í Svíþjóð, en hún sér um að hanna búningana fyrir Degenerator. Konunglega sinfónían leikur undir dansinum tónverk eftir sænska tónskáldið Marcus Fjällström sem einnig kallast Degenerator. „Tónlistin er ekki samin fyrir dansverkið heldur er það fremur samið með tónlistina í huga. Tónverkið var samið í ágúst í fyrra og minnir einna helst á rómantískt sinfóníuverk sem er alveg við það að detta í sundur, en tekst þó alltaf að halda sér gangandi. Dansverkið Degenerator dregur dám af þessarri tónlist og rís og brotnar í líkingu við hringrás náttúrunnar,“ segir Gunnlaugur.

Þegar vinnunni í kringum Degenerator er lokið taka við áframhaldandi verkefni í dansheiminum hjá Gunnlaugi, en hann vinnur næst að því að semja dans fyrir stuttmynd sem sýnd verður á danshátíð í Gautaborg haustið 2008.

**vigdis@frettabladid.is**

# Menning Karíbahafsins

Stofnun Vigdísar Finnbogadóttur, spænskudeild Háskóla Íslands og Cervantes-setur standa í dag fyrir áhugaverðu málþingi um bókmenntir og menningu Karíbahafsins og þá sérlega landanna Panama og Kúbu.

Málþingið er haldið í tilefni af heimsóknum dr. Rogelio Coronel, prófessors í bókmenntum við Havana-háskóla, og dr. Margarita Vásquez, dósents í bókmenntum við Panamaháskóla.

Á málþinginu kennir ýmissa grasa. Það hefst á erindi dr. Vásquez, en hún mun fjalla um hvernig samskipti Panama við Bandaríkin hafa haft áhrif á panamskar bókmenntir. Dr. Coronel flytur svo erindi um tengsl bókmennta og byltingarinnar í Kúbu. Ingibjörg Haraldsdóttir rithöfundur fjallar um bók sína Veruleiki draumanna, en í henni segir hún frá búsetu sinni í Havana og kynnum sínum af leikhúslífi þar í borg. Tómas R. Einarsson tónlistarmaður flytur erindi um reynslu sína af samvinnu við kúbverska tónlistarmenn. Að lokum kynnir dr. Kristín Guðrún Jónsdóttir, aðjúnkt í spænsku, smásögur frá Dóminíska lýðveldinu, Kúbu og Púertó Ríkó sem hún er að þýða yfir á íslensku ásamt Erlu Erlendsdóttur, dósent í spænsku.

Fundarstjóri er Rafael Estevan Sola, forstöðumaður Cervantes-seturs á Íslandi.

Athygli skal vakin á því að erindi dr. Vásquez fer fram á ensku og erindi dr. Coronel á spænsku, en enskum texta verður varpað á tjald jafnóðum. Önnur erindi verða flutt á íslensku.



**INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR** Ingibjörg flytur erindi á málþinginu í Odda í dag.

Málþingið fer fram í stofu 101 í Odda við Sturlugötu og hefst kl. 16. **- vþ**

# MINNISBÓK,

nýjasta verk Sigurðar Pálssonar, segir frá dvöl hans í Frakklandi á árunum 1967–1982. Ótalmargar þekktar og óþekktar persónur skjóta upp kollinum, allar dregnar skýrum dráttum. Þetta er fyndin og töfrandi lýsing á tíðaranda, aldarspegill mikilla umbrota í vestrænni sögu.




www.forlagid.is

JPV ÚTGÁFA






SAGA UM FORBOÐNA ÁST
MEÐ TÓNLIST EFTIR
LAY LOW

Afbragðs dómar!

„Þetta er falleg sýning... ákaflega sterk... með því að taka Ökutíma til sýningar hefur íslenskt leikhús stigið feti framar... LA – þar sem allt blómstrar og grær... rigna yfir sýninguna stjörnum.“
MK, Mbl

„Þetta er stórgóð sýning í einkar vel heppnaðri umgjörð“
EB, Fréttablaðið

„LA nýtur nú vinsælda og virðingar í samfélaginu sem önnur leikhús mega öfunda það af... mjög vel unnin“
JVJ, DV

„Ég er djúpt snortin... Stórkostlegur leiksigur... mjög áhrifamikil sýning“
SLG, RÚV

„stórkostlegan samleik...beint í hjartastað...“
IS, Kistan

„djúpt og áhrifamikið... rússíbanaferð... enn einn sigurinn!“
VAJ, landpostur.is

„magnaða sýningu... opnar augu og snertir, leikhús sem skiptir máli“
JJ, Dagur.net



Næstu sýningar:
7., 9., 10., 14., 16., 17., 22., 23., 24., 29., 30. nóv og 2., 6., 7., 14 des.

Allt að seljast upp!

ALLIR Í LEIKHÚS Á AKUREYRI!

Miðasala: 4 600 200 | netsala: leikfelag.is

Í samstarfi við TM

LEIKFÉLAG AKUREYRAR


# Ljóðakvöld á Næsta bar

Bókaforlagið Bjartur og Forlagið standa fyrir upplestrarkvöldi á Næsta bar í kvöld.

Þar munu ljóðskáld forlaganna tveggja, ásamt leikurunum Hjalta Rögnvaldssyni og Tinnu Hrafnsdóttur, lesa upp úr nýjum ljóðabókum. Höfundarnir sex eru Gerður Kristný, Kristín Svava Tómasdóttir, Sigurbjörg Þrastardóttir, Sjón, Steinunn Sigurðardóttir og Þórarinn Eldjárn.

Kynnir kvöldsins verður hinn geðþekki útvarpsmaður Haukur Ingvarsson, einn umsjónarmanna menningarþáttarins Víðsjár. Dagskráin hefst klukkan hálfníu, stundvíslega, og stendur til tíu. Leikin verður létt tónlist og andrúmsloftið verður allt hið unaðslegasta. - vþ



**LJÓÐSKÁLD** Kristín Svava Tómasdóttir.

# Hundrað áhrifamenn

Breska listatímritið Art Review birtir í nóvemberheftinu lista yfir hundrað áhrifamestu menn í myndlistarheiminum eins og það hefur gert undanfarin ár. Listinn er unninn af valnefnd með aðstoð blaðamanna víða um heim og er staða hvers manns sem listann skipar rökstudd í stuttu máli. Í forsendum er meðal annars litið til framkvæmdasemi einstaklinga og fyrri sögu. Í hópnum eru bæði safnstjórar, safnarar, sýningarstjórar og myndlistarmenn. Athygli vekur að á listanum eru gagnrýnendur víðs fjarri: Roberta Smith gagnrýnandi New York Times er í 60. sætinu.

Í efsta sætinu situr Francois Pinault, iðnjöfur og eigandi Gucci-veldisins. Hann á einnig uppboðshúsið Christie´s. Pinault keypti höllina Palazzo Grassi í Feneyjum og opnaði þar einkasafn sitt á síðasta tvíæring á liðnu vori. Hann hafði betur í slag við Guggenheim-safnið um gamlar tollbúðir í Feneyjum, Punta della Dogana, og er að breyta þeim í safn. Hann er talinn eiga eitt stærsta listasafn í heimi.

Bandaríski galleríistinn Larry Gagosian er í öðru sæti listans. Hann rekur gallerí í Los Angeles, New York, London og er að opna í Róm. Hann er einn virkasti kaupandi á uppboðum: bauð 61,5 miljónir dala í málverk Andys Warhol, Green Car Crash frá 1963 sem seldist ögn hærra fyrir 71, 7 milljónir dala. Hann stóð á sínum tíma að baki Basquiat og er umboðsmaður helstu myndlistarmanna í heiminum, meðal þeirra er Richard Serra sem reisti Áfanga sína í Viðey.

Nicholas Serota, safnstjóri Tate, er í þriðja sæti en hann stýrir fjórum söfnum Tate á Bretlandi. Hann stóð á bak við sýningu Ólafs Elíassonar í Turbine Hall en á sýningarröð Unilever þar hafa komið 17 milljónir gesta. Hann hefur náð fram stækkun á Tate í London og sett af stað Tate í Liverpool, sú seinni verður þungamiðja í listalífi þar nyrðra þegar Liverpool verður menningarborg 2008 og viðbygging Tate í Southwark-hverfinu í London á að vera tilbúin fyrir Ólympíuleikana þar 2012.

Glenn Lowry forstöðumaður Moma í New York vermir þriðja sætið, og safnarinn Eli Broad í Los Angeles hið fjórða. Raunar er það einkenni á lista Art Review að London sækir á í keppni við New York sem háborg myndlistar í heiminum. Listamaðurinn Damien Hirst er í sjötta sæti og safnarinn Charles Saatchi er í því sjöunda: Saatchi hefur valdið miklum titringi með fyrirhuguðu galleríi á Kings Road þar sem aðgangur verður ókeypis. Vefsíða hans fyrir listamenn kallar á 50 milljón heimsóknir á dag og kínversk útgáfa hennar er vaxandi með fjórar milljónir heimsókna daglega.



**MYNDLIST** Liz eftir Andy Warhol úr eigu Hugh Grants er til sölu á uppboði Christies hinn 14. nóvember og metin á 25-35 milljónir. Christies er í eigu áhrifamesta manns í myndlistarheiminum, Francois Pinault. Makt manna á lista Art Review sýnist mest ráðast af peningum.

Safnarar og áhrifamiklir galleristar takst á um neðri sæti listans: Julia Peyton-Jones sem setti saman sýningu Hreins Friðfinnssonar er í 48. sæti ásamt Hans Ulrich Obrist sem setur saman stóra sýningu Listasafns Reykjavíkur í vor með Ólafi Elíassyni. Francesca von Habsburg safnari, sem hingað kom nokkrum sinnum fyrir fáum árum og nokkuð var látið með á Listahátíð 2005, er í 71. sæti. Listamönnum fjölgar er neðar dregur: Paul McCarty sem Kling og Bang fengu hingað til sýningahalds, John Baldessari sem unnið hefur á Eiðum. Asíumenn koma þá líka til sögunnar: Zhang Xiaogang sem hér sýnir í vor á Akureyri, hinn virti indverski myndlistarmaður Subodh Gupta, Takashi Murakami, hinn japanski Warhol. Karlar eru ráðandi í listaheiminum samkvæmt listanum og Bandaríkjamenn eru rúmur helmingur áhrifamestu manna heimsins í myndlist. Enginn norrænn maður kemst á listann. - pbb


Salurinn

FIMMTUDAGUR 8. NÓV. KL. 20
FAÐMUR HEILAHEILL - STYRKTARTÓNLEIKAR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
Miðaverð 2000/1000 kr.

SUNNUDAGUR 11. NÓV. KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR
KEITH REED OG GERRIT SCHUIL
Miðaverð 2000/1600 kr.

ÞRIÐJUDAGUR 13. NÓV. KL. 20
SÖNGTÓNLEIKAR
JÓN S. JÓSEPSSON OG GUÐRÚN DALÍA
Miðaverð 2000/1600 kr.

FIMMTUDAGUR 15. NÓV. KL. 20
SMÁ-TÓNLEIKAR MEÐ MANNAKORNUM
Miðaverð 3000 kr.

AÐALSTYRKTARAÐILI SALARINS SPK SPARISJÓÐURINN
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS



Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is


# Stjórnmál og list

Baldvin Ringsted opnar í dag fyrstu sýningu nýs gallerís á Akureyri sem hlotið hefur nafnið Gallerí Ráðhús. Á sýningunni verða myndverk úr stáli sem unnin eru upp úr þremur íslenskum þjóðlögum.

Baldvin útskrifaðist frá Myndlistaskólanum á Akureyri árið 2004 og frá Glasgow Shool of Art árið 2007 með meistaragráðu í myndlist. Hann býr nú og starfar í Glasgow í Skotlandi.

Í verkum sínum vinnur Baldvin meðal annars út frá reynslu sinni sem tónlistarmaður. Hann kannar tengslin milli tilrauna í tónlist, menningarsögu og iðnaðarþróunar. Í verkunum verður oft fínleg breyting frá mynd yfir í hljóð og öfugt. Breytingin endurómar í vegvísum sem hann skapar og í þeim endurspeglast hugmyndin bak við hvert verk fyrir sig. Innsetningar eftir Baldvin eru til sýnis um þessar mundir í Listasafninu á Akureyri og í Center of Contemporary arts í Glasgow.

Líkt og nafnið gefur til kynna þá er Gallerí Ráðhús staðsett í Ráðhúsinu á Akureyri og er dags daglega fundarsalur bæjarstjórnar Akureyrar. Þetta er ekki því venjulegt gallerí, heldur vinnustaður sem fær með þessu sérstakt viðbótarhlutverk. Af þessum sökum verður heldur ekki um að ræða reglulegan opnunartíma eins og í hefðbundnum galleríum.



**EITT AF VERKUM BALDVINS Á SÝNINGUNNI Í GALLERÍ RÁÐHÚS**

Hugmyndin er að hver sýning standi í sex mánuði í senn, en þarna fara saman list og stjórnmál í orðsins fyllstu merkingu.

Opnunin hefst kl. 12.15 og eru allir velkomnir. Sýningarstjóri er Jóna Hlíf Halldórsdóttir. - vþ





EMPORIO ARMANI
DIAMONDS
stenst þú hann?
EMPORIO ARMANI KYNNING
Í HAGKAUPUM SMÁRALIND
DAGANA 8. – 14. NÓVEMBER
Kynnum nýjan dömuilm, DIAMONDS.
Líttu við og prófaðu ilm sem erfitt er að standast.
Beyoncé fyrir Emporio Armani
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla



## > AFTUR JACK GITTES?

**Jack Nicholson** hefur ekki útilokað að hann snúi aftur sem einkaspæjarinn Jack Gittes úr Chinatown. Fyrsta framhaldið The Two Jakes þótti ekki vel heppnað en Nicholson gæti vel hugsað sér að blása lífi í þennan óforskammaða spæjara.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Verkfallsdeila handritshöfunda í hnút

Ef handritshöfundar og fulltrúar kvikmynda-og sjónvarpsiðnaðarins semja ekki innan næstu tveggja sólarhringa gæti verkfall þeirra fyrrnefndu orðið æði langt. Þetta kemur fram í kvikmyndatímaritinu Variety. Samkvæmt úttekt blaðsins á kjarabaráttu handritshöfunda hafa deiluaðilar verið svo uppteknir af því að benda hvor á annan sem sökudólg að þeim hefur ekki einu sinni tekist að útskýra fyrir fjölmiðlum hver hin raunverulega ástæða fyrir verkfallinu er. Og vilji þeir komast hjá dýru og löngu verkfalli verða þeir að setjast niður á allra næstu misserum.

Verkfallið er þegar farið að hafa áhrif á sjónvarpsiðnaðinn og strax á mánudaginn var endursýningum af David Letterman og Jay Leno skellt inn í dagskrána. Afleiðingarnar af löngu verkfalli gætu þó farið að sjást á næstunni því þættir gætu þurft að stytta sýningarferli sitt eða fara í tímabundið hlé ef þetta dregst á langinn. Afleiðingar fyrir kvikmyndaiðnaðinn koma líklega ekki í ljós fyrr en eftir þó nokkurn tíma enda hafa kvikmyndaverin verið dugleg við að safna að sér bitastæðum handritum.

Deilan snýst um að handritshöfundar vilja fá sinn hlut af kökunni í dvd-útgáfunni en þar hafa þeir setið eftir. Shawn Ryan, samningamaður handritshöfunda, er ekki bjartsýnn á framhaldið og segir fulltrúa kvikmynda- og sjónvarpsiðnaðarins ekki líklega til að ganga að þeirra kröfum. „Þeir hafa komið fram við okkur af mikilli óvirðingu og yfirlýsingar þeirra um að við hefðum slitið samningaviðræðunum eru algjörlega út í hött,“ sagði Ryan við Variety. - fgg




**ENDURSÝNDIR SPJALLÞÁTTAKÓNGAR** Um leið og handritshöfundar lögðu frá sér pennann neyddust sjónvarpsstöðvar til að endursýna spjallþætti Lettermans og Lenos.

# Martröð skóladrengs

John Farley vaknar upp við vondan draum einn daginn þegar hann uppgötvar að móðir hans hyggst ganga í það heilaga. Ekki er það þó það að John vilji ekki að móðir hans finni hamingjuna á nýjan leik heldur er brúðguminn af verri gerðinni, fyrrverandi leikfimiskennarinn frá barnaskólaárunum sem var og er alræmdur fyrir illsku sína og þekktur fyrir að gera líf nemenda sinna að martröð.

Varla er það algengt að gamanmynd af þessu tagi skuli skarta jafn virtum nöfnum og Mr. Woodcock en með aðalhlutverkin fara þau Billy Bob Thorton og Susan Sarandon. Sean William Scott er kannski kunnuglegra nafn en þau Bob og Susan en hann lék í American Pie-myndaunum sem slógu eftirminnilega í gegn. Eitthvað virðist þó ferill Billys Bobs vera á niðurleið því hlutverkin sem hann hefur fengið að undanförnu hafa öll verið í þessa áttina; Bad Santa, Bad News Bears og School for Scoundrels. Af honum verður það hins vegar ekki tekið að leikarinn gerir það manna best að leika hreinræktuð skítseyði. Susan Sarandon hefur látið lítið fyrir sér fara að undanförnu.



**ILLMENNI** Billy Bob Thornton kann þá list manna best að leika skítseyði og illmenni eins og Mr. Woodcock.








**Í SKJÓLI STÓRSTJARNA** Tom Cruise ásamt Robert Redford og Meryl Streep. Varla tilviljun að hann skyldi hafa valið að leika við hlið þessara mikils metnu leikara nú þegar hann ætlar að koma ferli sínum aftur af stað.

# Brjálaði smávaxni risinn Tom Cruise

**Fyrir einu ári var ferill Tom Cruise kominn í öngstræti, kvikmyndaverin forðuðust að vera bendluð við hann og stórstjarnan virtist ekki trekkja neitt að. Og stóra spurningin er sú, tókst Cruise á hálfu ári að leggja glæsilegan feril í rúst?**

Eflaust er hægt að segja margt um Tom Cruise en enginn skyldi vanmeta völd hans í Hollywood. Frá árinu 1999 hefur Cruise leikið í að minnsta kosti einni mynd á ári. En það er varla tilviljun að Cruise skuli hafa valið að leika með þeim Robert Redford og Meryl Streep í kvikmyndinni Lion for Lambs sem frumsýnd verður um helgina. Ímynd hans hefur beðið hnekki á þeim tæpu tveimur árum sem liðin eru síðan hann kom út úr skápnum með ástarsamband sitt og Holmes.

### Upphaf brjálæðis

Heimsbyggðin stóð á öndinni þegar Cruise kynnti fjölmiðla fyrir Katie í apríl 2005. Ekki varð þverfótað fyrir samsæriskenningum um að sambandið væri tilbúningurinn einn, hann þyrfti á umfjöllun að halda vegna War of the Worlds og kveða í kútinn kjaftasögurnar um meinta samkynhneigð sína.

Á einni nóttu varð til undarlegt æði, hjá fjölmiðlum og almenningi sem þyrsti í sífelldar fréttir af parinu. Í maí mætti Cruise til Opruh Winfrey og ræddi um sjálfan sig og nýju kærustuna. Áhorfendur göptu af undrun þegar Tom hoppaði hæð sína í sófanum og sagðist vera „brjálaður í hana“.



**UMDEILT** Samband Katie Holmes og Toms Cruise verður alltaf á milli tannanna á fólki, ekki síst vegna þeirra furðulegu uppákoma sem átt hafa sér stað.

Flestir sammæltust um að Cruise væri bara brjálaður og það þyrfti enga Katie í þá jöfnu. Á þjóðhátíðardegi Íslendinga stal Cruise athyglinni frá hoppkastölunum og pylsunum í Hljómskálagarðinum og tilkynnti að hann hefði beðið unnustu sinnar í Eiffel-turninum í París. Og þrátt fyrir að Cruise svifi um á bleiku skýi í einkalífinu var ferillinn að hruni kominn. Kvikmyndaverið Paramount boðaði hann á sinn fund og tilkynnti honum að margra ára sambandi þeirra væri lokið, umfjöllunin síðustu misserin hefði skaðað ímynd fyrirtækisins en Cruise hafði þá verið tekinn af lífi í fjölmiðlum og almenningur hló að honum en ekki með.

### Óvild í garð Cruise

Furðusögurnar um Cruise og Holmes héldu áfram. Hlutverkaval hennar var allt í einu komið í hendur Cruise og svo mikil varð afskiptasemi leikarans að framleiðendur Batman þökkuðu Katie kærlega vel fyrir leikinn í Batman Begins en afþökkuðu nærveru hennar og Toms við frumsýningar. Og þegar kom að því að velja í hlutverkin fyrir næstu mynd var Katie víðsfjarri og Maggie Gyllenhaal mun aðstoða riddara næturinnar í baráttunni gegn Jókernum sem lögfræðingurinn réttláti Rachel Dawes.

Vísindakirkjan og stöðug predikun hans um ágæti þeirrar stofnunar og yfirlýsingar hans um fæðingarþunglyndi ólu á hreinræktuðu hatri í garð Cruise og ef til vill náði þetta allt hámarki þegar þýska ríkisstjórnin meinaði honum að taka upp í herstöð í landinu nýverið vegna trúar sinnar. Eftir nokkrar samningaviðræður náðist þó að leysa hnútinn.

En enginn skyldi afskrifa Cruise, þrátt fyrir hrakfarir síðustu tveggja ára. Þó að viðtökurnar á Lions for Lambs hafi ekki verið í samræmi við væntingar bíða menn nú spenntir eftir Valkyrjunni, sögunni um manninn sem reyndi að drepa Adolf Hitler. Hver veit, kannski lumar Tom á einhverju leynivopni sem fær almennning til að gleyma hinum klikkaða Cruise.

# Portman leikstýrir

Natalie Portman er flest til lista lagt en hún er með háskólagráðu í hebresku og þykir hin þokkalegasta leikkona. Og nú hyggst hún bæta enn meira við sig því Portman ætlar að leikstýra. Og hafi menn haldið að Portman myndi ráðast í eitthvert léttmeti þá skjátlast þeim hinum sömu hrapallega því myndin fjallar um upphafsár Ísraelsríkis, sögð í gegnum augu Amos Oz sem fæddist á árunum þegar Ísrael var í mótun.

Portman er annars önnum kafin og leikur í kvikmynd Sigurjóns Sighvatssonar, Brothers, sem fer í tökur á næstu misserum. Þá er hún einnig í stóru hlutverki í kvikmyndinni The Other Boleyn Girl á móti Eric Bana og Scarlett Johansson.



**FJÖLHÆF** Natalie Portman hyggst leikstýra kvikmynd um hin stormasömu upphafsár Ísraelsríkis.

# High Noon endurgerð

Velgengni 3:10 to Yuma virðist hafa endurvakið áhugann á vestrum í Hollywood og kvikmyndatímaritið Empire greinir frá því á vefsíðu sinni að jafnvel standi til að endurgera hinn sígilda vestra High Noon í draumaborginni. High Noon er af mörgum talin vera einn besti vestri sem gerður hefur verið en þrátt fyrir að meira en hálf öld sé liðin síðan Gary Cooper umbreyttist í fógetann Will Kane hefur enginn kvikmyndagerðarmaður af viti lagst út í að endurgera myndina (og er nú töluverð hefð fyrir slíku í Bandaríkjunum).

Empire greinir aftur á móti frá því að nýstofnað kvikmyndafyrirtæki, High Noon Productions, hafi keypt réttinn að myndinni en þar fer fremstur í flokki Christopher Mitchum, sonur bandaríska stórleikarans Robert Mitchum. Enn hefur ekkert verið gefið út um hver leikstýrir myndinni og hvenær hafist verði handa en ljóst þykir að handritið bíði á borðinu hjá framleiðslufyrirtækinu handa áhugasömum. Og það ætti ekki að vera hörgull á þeim í Hollywood.



**Í NÝJAN BÚNING** Spennandi verður að sjá hver fara með hlutverk Gary Cooper og Grace Kelly í endurgerð High Noon sem er á teikniborðinu í Hollywood.

## ÚR VERINU

**Michelle Pfeiffer** hefur óvænt lýst því yfir að hún vilji gjarnan taka þátt í gerð þriðju myndarinnar um Grease. Þetta þykir nokkuð merkilegt enda lék Pfeiffer í framhaldsmynd Koppafeiti sem þykir ein versta mynd sögunnar.Pfeiffer hyggst þó ekki dansa um á rauðum skóm heldur vill leika skólastýruna og finnst sú persóna hafa nokkrar bitastæðar setningar sem leikkonan væri til í að segja fyrir framan tökuvélarnar.



Og meira af þriðju koppafeitismyndinni því söngkonan barmmikla **Jessica Simpson** hefur verið orðuð við hlutverk Sandy í kvikmyndinni. Það hefur síður en svo fælt Pfeiffer frá verkinu því hún lét hafa eftir sér að Simpson væri tilvalin í hlutverkið. Væntanlega hefur þá Michelle ekki séð Employee of the Month eða The Dukes of Hazzard þar sem Jessica þótti ekki fara á kostum.



**Denzel Washington** gæti farið langt með að uppfylla draum sérhvers Hollywood-leikara. Menn eru þegar farnir að spá honum Óskarstilnefningar fyrir túlkun hans á Frank Lucas í American Gangster og á vefnum má nú sjá myndbrot úr næstu kvikmynd leikarans, The Great Debaters. Þar má sjá Washington í miklum óskarsham í hlutverk háskólaprófessors á sjötta áratug síðustu aldar sem örvar nemendur sínar til að berjast gegn kynþáttahyggju í Bandaríkjunum. Forest Whitaker leikur einnig í myndinni, sem er leikstýrt af Washington sjálfum en framleiðandi hennar er engin önnur en Oprah Winfrey.



Í ljósi umræðunnar um Fáfnismenn er síðan vert að geta þess að **Mel Gibson** hyggst snúa aftur á hvíta tjaldið sem Billy Quinn, lögreglumaður sem fór í dulargervi í þeim erindagjörðum að koma upp um mótorhjólagengið Mongol Motorcycle Club. Gibson hefur látið lítið fyrir sér fara eftir að hann lét niðrandi orð falla um gyðinga en hyggst nú gleyma því tímabili og fara að leika aftur samkvæmt fréttum movies.com.




THE BODY SHOP™

KAUPAUKI, GJÖRIÐ SVO VEL!




Allir sem versla um þessar mundir fyrir samtals 4990 kr. eða meira í verslunum The Body Shop fá í verðlaun þennan skemmtilega kaupauka sem myndin sýnir. Um er að ræða vandaða tösku (sem er til í tveimur litbrigðum, þ.e. þú velur þann lit sem þér líkar betur), E-vítamín-dagkrem (15ml), svartan "Super volume"-augnháralit (2,5ml), Satsuma-"body butter"-húðnæringu (50ml) og White musk®-ilmvatn (10ml).

**Tilboð þetta gildir meðan birgðir endast.**

KRINGLUNNI, SMÁRALIND, AKUREYRI

THE BODY SHOP®



**Mundu eftir...**

*...trönuberjum. Þó að berin sjálf höfði ekki til allra er trönuberjasafi bæði góður og talinn meinhollur. Honum má líka blanda út í sódavatn og aðra drykki sem fá á sig fagurbleikan blæ.*

# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

**MATGÆÐINGURINN** SÓLEY KRISTJÁNSDÓTTIR VÖRUMERKJASTJÓRI

## *Lagði ekki í grillaða kakkalakka*



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Grænmetis! Það býður upp á svo marga möguleika og fer svo vel með öllu.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Ostrurnar í Sydney eru æðislegar, framreiddar með sítrónu og tabasco-sósu.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég er alæta, en oft hafa ferðalög kennt mér að meta vissan mat. Ég lærði til dæmis að drekka rauðvín og borða ólívur á Ítalíu, drekka kaffi í Brasilíu og borða sushi í Tókýó. Í Kambódíu sleppti ég þó að bragða grillaða kakkalakka.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég nota heimagerðar kryddolíur mikið, en þá blanda ég hvers kyns kryddjurtum við extra virgin ólívuolíu.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Grænmeti og ávexti. Ég borða sjaldan ruslfæði, það veldur vanlíðan.
**Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?**
Það sem sjaldan er notað og klárast aldrei, svo sem ólívur og pestó.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Helling af fræjum til að rækta úr.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Við köfun á Grikklandi fann ég risasnigil á stærð við naggrís. Mig langaði að eiga kuðunginn og tók snigilinn. Daginn eftir var snigillinn enn á lífi svo ég tók hann með mér til London. Þar steikti vinur minn hann upp úr smjöri og hvítlauk, var mjög góður.

# Kartafla í matinn

Bakaðar kartöflur eru algengt meðlæti með grillmatnum sem við gæðum okkur á yfir sumarmánuðina. Það er hins vegar auðveldlega hægt að breyta þeim í heila máltíð sem hentar sérstaklega vel þegar vetur gengur í garð og við förum að líta á það sem algjört aðalatriði að maturinn hiti okkur að innan.

Víða eru bakaðar kartöflur bornar á borð með ýmiss konar fyllingum sem geta verið úr hverju sem er öðru en smjöri og béarnaise-sósu.

Hvers kyns hrærur fara afar vel í bakaðar kartöflur. Með majónesi, léttu eða ekki, sýrðum rjóma eða kotasælu sem uppistöðu má útfæra þær eins og hugurinn girnist. Einföld hræra með skinku, aspas og rifnum osti virkar vel, eins og hræra með steiktum kjúklingabitum og karrýi.

Þegar kartaflan hefur verið bökuð að vild má einnig taka hana úr ofninum, skera gat í hana og fjarlægja mjúkt innihaldið. Það er svo stappað, eða því blandað, saman við annað góðgæti, svo sem steikta sveppi og hvítlauk, brie-bita og rifinn ost eða túnfisk og lauk. Því næst er kartaflan fyllt að nýju, osti stráð yfir hana ef svo ber undir, og hún elduð áfram þar til innihaldið er orðið heitt í gegn.

Kartöfluna má svo með góðu móti bera fram með salati, til að fullkomna máltíðina.



**BÖKUÐ MÁLTÍÐ** Bökuð kartafla með fyllingu er fínasta vetrarmáltíð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Tónlist frá Vox

Veitingastaðurinn Vox, sem er á Hilton Reykjavík Nordica, hefur gefið út geisladiskinn Musical Memories. Plötusnúðarnir og tónlistarmennirnir Margeir og Kasper Björke hafa tekið saman tónlistina, en á disknum er meðal annars að finna lög eftir GusGus, Sigga Ármann, Trentemöller, Lulu Rouge og fleiri. Diskurinn er sagður „uppfullur af dásamlegri rólyndistónlist, sem tilvalið er að hlusta á fyrir matinn, með matnum, eftir matinn og í bílnum á leiðinni heim“.

Musical Memories er ætlað að bæta enn við upplifunina sem hlýst af því að snæða á Vox. Samkvæmt fréttatilkynningu verður hægt að kaupa diskinn á Vox, Hilton Reykjavík Nordica og í öllum betri hljómplötuverslunum.



**TÓNLISTARMINNINGAR** Veitingastaðurinn Vox á Hilton Reykjavík Nordica, hefur sent frá sér geisladiskinn Musical Memories. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Persneskur helgarmatur

**Róbert Badí Baldursson er alinn upp við persneskan mat. Hann starfar sem forritari en leggst í persneska matargerð um helgar.**

„Móðir mín er frá Íran og hún eldaði, og eldar enn, mikið af persneskum mat,“ útskýrir Róbert, sem fyrir vikið er vel kunnugur þeirri matargerð. „Vinir mínir úr æsku muna ennþá eftir matnum hennar mömmu, og sakna hans margir núna,“ segir Róbert, enda getur aðgengi að persneskri matargerð varla talist mikið hér á landi.

Róbert festi kaup á uppskriftabók með persneskum uppskriftum fyrir skömmu, og hefur í kjölfarið farið að prófa sig áfram í eldhúsinu. Persnesk matargerð fellur tæplega undir hatt skyndibita, eins og sést á uppskriftinni sem Róbert lætur Fréttablaðinu í té.

„Það er svolítið stúss í kringum þetta, en maður getur í staðinn eldað mikið og átt afganga fyrir vikuna,“ segir Róbert, sem eldar þess vegna helst um helgar. „Konan mín er í kvöldnámi, svo það er oft lítill tími í eldamennsku á kvöldin. Þá er gott að eiga afgangana, það einfaldar lífið,“ bendir hann á.

Persneskur matur er almennt ekki mikið kryddaður eða bragðsterkur, að sögn Róberts. Hann segir saffran þó skipa veigamikinn sess í matargerðinni. „Það er einhver saga á þá leið að Persar séu svona glaðir út af saffrani, það veiti manni gott skap,“ segir Róbert. Aðspurður hvort hann hafi sannreynt þá kenninguna hlær hann við. „Eigum við ekki bara að segja það?,“ segir hann.

Á bloggsíðu Róberts, badi.blog.is, er að finna uppskrift að hrísgrjónum með kartöflutatík fyrir þá sem vilja annað meðlæti en venjuleg hrísgrjón.



FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

**ENGINN SKYNDIBITI** Róbert Badí Baldursson segir persneska matargerð taka sinn tíma, en mælir með því að fólk eldi stóran skammt í einu og eigi þá afganga næstu daga.

**Sveskju- og gulrótakhoresh**
2 meðalstórir laukar þunnt saxaðir
1 hvítlauksgeiri, afhýddur og kraminn
1200 g af kjúklingi, t.d. úrbeinuð læri eða leggir
eða 600 g af öðru skornu kjöti
600 g gulrætur, hreinsaðar og sneiddar
5 msk. matarolía
1 tsk. salt
1/4 tsk. nýmalaður pipar
1 tsk. kanill, malaður
1/4 tsk. saffran uppleyst í 1 msk. af heitu vatni
1/4 tsk. malaðar kardimommur
1/2 bolli súraldinsafi (lime)
2 bollar steinlausar sveskjur
2 msk. sykur

Brúnið lauk, hvítlauk og kjöt í 3 msk. af olíu. Bætið salti, pipar, kanil og saffranvatni og kardimommum út í. Bætið í 2½ bolla af vatni. Ef notaður er kjúklingur skal aðeins bæta við 1½ bolla. Setjið lok á pottinn, látið malla á lágum hita í 1 klst og 15 mín. nema ef kjúklingakjöt er notað, þá er látið malla í 40 mín. Hrærið í af og til.

Snöggsteikið gulrætur í 2 msk. af olíu og bætið út í pottréttinn, ásamt súraldinsafa, sveskjum og sykri. Setjið lokið á og látið sjóða í 50 mínútur í viðbót á lágum hita.

Athugið hvort sveskjur eru orðnar meyrar. Smakkið til og bætið í kryddi, súraldinsafa eða sykri ef þarf. Berið fram með basmatigrjónum. Skolið grjónin áður en þau eru soðin, þá festast þau síður saman. sunna@frettabladid.is




# *Hollar súpur á svipstundu*

Súpur verða sífellt meira lokkandi eftir því sem skammdegið færist yfir. Margir hafa komist á bragðið með að nota blandara eða töfrasprota til að gera heimalagaðar súpur kremaðri, en Erna Kaaber, á Icelandic Fish and Chips, segist búa yfir leynivopni. Hún notar vél að nafni Vita Mix við súpu- og sósugerð.

„Þetta tæki gerir eiginlega rjóma úr öllu sem fer í það. Vélin þeytir grænmetið svo mikið að það verður rjómakennt og silkikennt, og það skiptir engu hvort það er soðið eða hrátt,“ útskýrir Erna.

Við súpugerð byrjar Erna á að léttsteikja það grænmeti sem hún vill nota í góðri olíu. Eftir að hafa bætt í vatni og krafti lætur hún súpuna malla í fimmtán til tuttugu mínútur. „Svo þeyti ég hana saman í vélinni og færi hana aftur í pottinn. Þá er gott að bæta í dálitlu vatni til viðbótar, og svo getur verið gott að bæta í hana ediki eða hvítvíni, það fer allt eftir súpunni,“ segir Erna. Þegar súpan er komin á diskinn mælir Erna svo með því að dreypa góðri olíu yfir hana, svo sem avókadó-, trufflu- eða hnetuolíu.

Tækið, sem fæst hjá Kælitækni, er til í nokkrum útgáfum, bæði til notkunar á veitingastöðum og á heimilum. Þeir sem vilja matreiða hollar og heilnæmar súpur á skömmum tíma geta því íhugað kosti Vita Mix, og bragðað afraksturinn á veitingastað Ernu, Icelandic Fish and Chips. - sun



**LEYNIVOPN Í SÚPUGERÐ** Erna Kaaber notar Vita Mix-vél til þess að þeyta saman grænmeti við súpugerðina sem gefur súpunni silkikennda áferð. FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR




# Við rúllum upp samkeppninni

## Fréttablaðið er með 59% meiri lestur en 24 stundir

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup. Fréttablaðið hefur mikið forskot á samkeppnisaðila sína miðað við meðallestur á tölublað hjá aldurshópnum 18–49 á öllu landinu. Við erum bæði þakklát og stolt og bendum auglýsendum á að notfæra sér þessa vitneskju þegar þeir ákveða hvar auglýsingu þeirra er best borgið.

**Allt sem þú þarft...**




**...alla daga**



Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.

Fíton/SÍA Meðallestur á tölublað. Könnun Capacent í ágúst–október 2007.



> FÉGRÁÐUG CATTRALL

Leikkonan Kim Cattrall segist hafa fallist á að leika Samönthu í Sex and the City-kvikmyndinni vegna þess að hana vantaði peninga. „Ég samþykkti þetta bara út af peningunum. Samantha er mér kær en þetta snerist bara um peninga,“ segir hún.

# Fólk

folk@frettabladid.is

# Lohan-fjölskyldan á skjáinn

Myndband af Michael Lohan, föður Lindsay, þar sem hann reynir að selja sjónvarpsstöðvum hugmynd að veruleikaþætti um sjálfan sig hefur gengið manna á milli á netinu síðustu daga. Hann hefur áður haft slíkar hugmyndir, til dæmis þegar hann vildi taka upp þátt með sér og dóttur sinni, Paris Hilton og föður hennar og Jessicu og Joe Simpsson. Michael hefur hins vegar þverneitað þessum orðrómi. „Ég er svo sannarlega ekki að leita að veruleikaþætti. Dina sér um það og ég sé um mitt,“ segir hann.

Dina Lohan reitti dóttur sína til reiði á dögunum þegar hún samþykkti að Lindsay kæmi fram í veruleikaþætti um líf Dinu á sjónvarpsstöðinni E. Svo virðist sem Michael vilji ekki fara sömu leið, en samband hans og dótturinnar var lélegt með eindæmum þangað til Lindsay fór í meðferð í ár. Michael segir myndbandið á netinu vera hrekk á sinn kostnað, þar sem einhverjir hafi klippt saman upptökur. Hann hefur hingað til verið afar opinskár um hag og líf dóttur sinnar.

Nú er útlit fyrir að foreldrar Lindsay Lohan verði hvort um sig með veruleikaþætti um líf sitt í sjónvarpi á sama tíma og hún reynir að koma fótunum aftur undir sig.



**NEITAR SÖGUSÖGNUM** Michael Lohan segir myndbandið sem gengur manna á milli vera samsett.





**ÓSÁTT VIÐ MÖMMU** Lindsay Lohan varð fokreið út í Dinu, móður sína, á dögunum þegar hún skrifaði undir samning um veruleikaþátt við sjónvarpsstöðina E.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Sean „Diddy“ Combs** mun ekki verða ákærður fyrir líkamsárás sem hann ku hafa framið í New York nýverið og hefur lögfræðingur hans sent frá sér yfirlýsingu þess efnis. Steven Acevedo, sá sem Combs var gefið að sök að hafa ráðist á, varð tvísaga og því var ákveðið að falla frá ákæru. Sagan segir að Combs og Acevedo hafi lent í hávaðarifrildi með þeim afleiðingum að rapparinn kýldi Acevedo tvisvar.



Sömu sögu er ekki að segja af **Nick Hogan**, syni vöðvafjallsins og glímukappans Hulk Hogan, en hann mun þurfa að mæta fyrir rétt vegna bílslyss sem hann varð valdur að í ágústmánuði. Nick er aðeins 17 ára gamall en réttað verður yfir honum sem fullorðnum manni. Áreksturinn átti sér stað í Flórída þar sem Nick klessti á pálmatré. Hann hlaut minniháttar meiðsli en vinur hans sem var með í bílnum er enn á sjúkrahúsi.

Leikkonan **Jane Seymour**, sem Íslendingar þekkja úr þáttunum Dr. Quinn, var sú sjöunda í röðinni til þess að vera rekin úr Dancing with the Stars en þættirnir eru gríðarlega vinsælir vestanhafs. Seymour er elsta konan sem tekið hefur þátt og hún táraðist þegar úrslitin voru tilkynnt enda hefur þátttaka hennar ekki verið áfallalaus. Fyrst lést móðir hennar, svo var heimili hennar ógnað af skógareldum í Kaliforníu og hún fékk matareitrun.

**Rosie O´Donnell** gaf sögusögnum um endurkomu í sjónvarp byr undir báða vængi í uppistandi í New York á dögunum. „Við erum að taka upp fyrir ónefnda sjónvarpsstöð sem mér var sagt að ég mætti ekki minnast á,“ sagði Rosie en hún hefur undanfarið verið í viðræðum við MSNBC um að stjórna spjallþætti á stöðinni.






Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
STRANDGATA 19 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS


# Skemmtileg hönnun í 105

**Nemendur á þriðja ári í vöruhönnun í Listaháskóla Íslands sýndu afrakstur vinnu sinnar síðastliðinn mánudag. Eftir að hafa kynnt sér starfsemi fyrirtækja í póstnúmerinu 105 fundu nemendur sér samstarfsaðila úr þeirra hópi. Hér má sjá brot af útfærslum nemendanna átta, sem eru hver annarri skemmtilegri.**



**SKARTGRIPASKRÍN** Sóley Þórisdóttir vann bæði með Múlalundi og Gull- og silfursmiðjunni Ernu. Skartgripaskrínið er prýtt eins gyllingum og Guðbrandsbiblía forðum daga.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR



**VINNUJAKKAFÖT** Dagur Ó. Dagsman vann með saumastofu Öryrkjabandalagsins, sem venjulega framleiðir svuntur og annan vinnufatnað, og saumaði jakkaföt úr efnum saumastofunnar.



**NAPBOOK** Hafsteinn Júlíusson, í samstarfi við Henson, bjó til tösku sem einnig er koddi. Hún kallast Napbook og vísar í þann kost að tölvunotendur geta fengið sér lúr ofan á töskunni.



**RISSBINDI** Ragnheiður Margeirsdóttir vann með Múlalundi, sem framleiðir Eglu bréfabindi. Afrakstur samstarfsins var skissubækur merktar Eglu.



**PAPPABORÐ Í PARTÍIÐ** Samstarf Hlínar Helgu Guðlaugsdóttur og Kassagerðarinnar gat af sér pappaborð sem veislugestir geta notað eins og pappadiska og pappaglös.

# Baby Kompagniet á netinu

Fatahönnuðurinn Marín Manda Magnúsdóttir rekur barnafataverslun í Kaupmannahöfn og hefur nú bætt vefverslun við þjónustuna. „Það gengur rosalega vel með hana. Það eru aðallega Danir og Norðmenn sem hafa keypt af okkur, þeir virðast vera duglegri við þetta en Íslendingarnir,“ segir Marín Manda, sem segir verslunin henti Íslendingum þó ekki síður. „Ég held að það sé oft ódýrara að versla í gegnum netið en á Íslandi, þó að sendingarkostnaðurinn bætist ofan á. Upphæðin er ekki það há, og þar að auki kemur þetta enn betur út ef fólk kaupir fleiri en eina flík,“ bendir hún á.

Verslunin Baby Kompagniet var opnuð í mars en vefverslunin fékk að sitja á hakanum. „Upphaflega hugmyndin var að stofna bara vefverslun. Hún kviknaði eiginlega þegar ég var sjálf í fæðingarorlofi að versla á netinu á dóttur mína. Mér fannst vanta samansafn af þeim merkjum sem ég var áhugasöm um. Þegar við förum í að opna sjálfa búðina gafst enginn tími fyrir þetta, en nú er þetta allt að smella saman,“ segir Marín Manda.

Vefverslunina er að finna á baby-kompagniet.dk. Meðal þess sem þar er hægt að nálgast eru barnaföt frá merkinu Nümph, en kvenföt frá því merki hafa átt vinsældum að fagna hér á landi. Sendingarkostnaður til Íslands nemur 155 dönskum krónum.

- sun



**DANIR DUGLEGRI** Marín Manda segir Dani duglegri að versla á netinu en Íslendinga, en segir vefverslunina samt sem áður geta hentað Íslendingum.



**BRAIN POLICE** Hljómsveitin Brain Police verður á meðal þeirra sem spila við opnun nýs húsnæðis Hljóðfærahússins.

# Tónleikar og nýtt húsnæði

**Mugison, Brain Police, Raggi Bjarna og Dr. Spock koma fram á opnunarhátíð Hljóðfærahússins næstkomandi laugardag. Fagnað verður nýju og stærra húsnæði verslunarinnar að Síðumúla 20 og stendur hátíðin yfir frá kl. 13 til 17.**

**Á meðal fleiri flytjenda á hátíðinni verða Land og synir, Hunang, Jazzkvartett Guðmundar Steingrímssonar, Bardukha, píanóleikarinn Þuríður Helga og fiðluleikararnir Páll Palomares og Geirþrúður Ása.**

Ný snilldarleg glæpasaga eftir metsöluhöfund Íslands

# „Besta skáldsaga Arnaldar Indriðasonar frá því að Grafarþögn kom út.“

*Morgunblaðið*



„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda.“
*The Times*

„Unni mér hvorki svefns né matar frá því ég opnaði hana uns yfir lauk.“
*Silja Aðalsteinsdóttir, tmm.is*

„Stíllinn er fumlaus og öruggur … Kunnugleg tök í ágætu plotti.“
*Páll Baldvin Baldvinsson, Fréttablaðið*

„*Harðskafi* er skáldsaga í miklu jafnvægi, bæði hið ytra og innra.“
*Hávar Sigurjónsson, Morgunblaðið*




METSÖLULISTI
EYMUNDSSON
skáldverk / 7. nóv.

VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

# Sammála Maxim

Bandaríska leikkonan Sarah Jessica Parker segir sér vera alveg sama um kosningu karlatímaritsins Maxim sem nýverið titlaði hana kynþokkaminnstu konu veraldar.

„Ég læt orð annarra aldrei særa mig svo það truflar mig ekki neitt að fólki þyki ég ekki kynþokkafull, mér þykir það reyndar ekki heldur. Þótt ég verði feit einn daginn verð ég áfram jafn hamingjusöm og núna," segir Parker sem skaust upp á stjörnuhimininn sem hinn kynþokkafulli kynlífsdálkahöfundur Carrie Bradshaw í sjónvarpsþáttunum Sex and the City.



**SARAH JESSICA PARKER** Sex and the city-stjörnunni þykir hún ekki kynþokkafull.

# Britney í öðru sæti

Mörgum brá í brún þegar þau tíðindi bárust að ný plata söngkonunnar Britney Spears, Blackout, hefði ekki náð toppsætinu á hinum fræga Billboard-lista í Bandaríkjunum. Sigurvegarar þessarar viku reyndust vera gömlu brýnin í The Eagles með plötu sína Long Road to Eden. Sú plata seldist í ríflega 700 þúsund eintökum en Spears varð að bíta í það súra epli að hafa „aðeins" náð að selja tæp 300 þúsund eintök þrátt fyrir að salan hefði farið geysilega vel af stað og að platan hefði almennt fallið gagnrýnendum vel í geð.

Plata The Eagles er fáanleg í stórverslununum Wal-Mart og Sam´s Club og hingað til hafa sölutölur þaðan ekki verið notaðar. Nú hefur orðið breyting á með þessum afleiðingum, Britney tapar en The Eagles sitja á toppnum. „Við hefðum viljað taka þessa ákvörðun fyrr," sagði Geoff Mayfield hjá Billboard. „En það var bara að koma í ljós að Wal-Mart-verslanirnar væru tilbúnar til þess að gefa okkur sölutölur um þennan disk."



**TAPAR FYRIR EAGLES** Flestir áttu von á því að Britney Spears myndi lenda á toppi Billboard-listans þessa vikuna en svo varð ekki.

# Trylltist vegna kossamynda

Heather Mills hellti sér yfir fyrrverandi eiginmann sinn Paul McCartney eftir að hún sá myndir af honum í blöðunum kyssandi milljónamæringinn Nancy Shevell.

Dóttir þeirra, Beatrice, sá myndirnar og þekkti föður sinn. Við það beið Mills ekki boðanna og hringdi í fyrrverandi eiginmann sinn, jós hann skömmum og kallaði hann hræsnara. Stutt er síðan Mills lét allt flakka í nokkrum sjónvarpsviðtölum um þá meðferð sem hún hefur fengið í fjölmiðlum. Sagðist hún vera í lífshættu og líkti sér við Díönu prinsessu þegar hún var hundelt af ljósmyndurum. „Hann var undrandi á þessum sjónvarpsviðtölum og sagði Mills að hann væri ósáttur við þau," sagði kunningi McCartneys. „Hann er rólegur yfir þessu öllu saman núna. Hann hafði vit á því að þegja á meðan hún blaðraði við alla sem vildu hlusta. Hann sagði henni að halda áfram með líf sitt því hann væri einmitt að gera það. Hún var ekki sátt."

Nancy Shevell er eiginkona lögfræðingsins Bruce Blakemann og eiga þau táningssoninn Arlen. Voru þau vinir Pauls og fyrri eiginkonu hans Lindu, sem lést úr krabbameini.



**HEATHER MILLS** Mills hellti sér yfir Paul McCartney eftir að hún sá myndir af honum að kyssa Nancy Shevell.

# Fleiri borguðu ekki

Rúmlega helmingur aðdáenda hljómsveitarinnar Radiohead borgaði ekkert fyrir nýjustu plötu hennar, In Rainbows. Fólk fékk að ráða því hvort það borgaði fyrir plötuna og þá hversu mikið.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar fyrirtækisins comScorse Inc sáu 62 prósent þeirra sem hlóðu plötunni niður á netinu á fjögurra vikna tímabili í síðasta mánuði ekki ástæðu til að borga fyrir hana. Hinir sem borguðu fyrir hana greiddu að meðaltali um 350 krónur fyrir hana.

Frá 1. til 29. október heimsóttu 1,2 milljónir manna heimasíðu Radiohead en í könnuninni kemur ekki fram hversu margir tryggðu sér eintak.



**THOM YORKE** Rúmlega helmingur almennings borgaði fyrir nýjustu plötu Thom Yorke og félaga í Radiohead.

# Samdi lög með Tarantino-kvikmyndir í huga

**Katie Melua ætti að vera Íslendingum vel kunn en í fyrra söng hún fyrir fullri Laugardalshöll. Söngkonan unga stoppaði stutt á Íslandi fyrir helgi til að kynna nýjustu plötu sína, Pictures.**

„Við stoppuðum hér til að kynna plötuna því Ísland er einn af mínum uppáhaldsstöðum. Náttúran er stórkostleg og mig langar að sjá miklu meira af henni. Sjáðu til dæmis hvað þetta er ótrúlegur foss!" segir söngkonan Katie Melua upprifin og bendir á mynd af Seljalandsfossi í myndabók Sigurgeirs Sigurjónssonar, Lost in Iceland. Melua var stödd hér á landi fyrir helgi til að kynna þriðju plötu sína, sem kom út fyrir skömmu.

Katie Melua vonast til að halda hér aftur tónleika á næsta ári en dagskrá tónleikaferðalagsins hefur ekki verið ákveðin að öðru leyti en því að söngkonan ætlar sér að spila í fæðingarlandi sínu, Georgíu, sem áður tilheyrði Sovétríkjunum. Þaðan flutti Katie sem barn vegna stríðsátaka og hefur búið í London frá fjórtán ára aldri.

Pictures er þriðja plata söngkonunnar en þær fyrri gerðu hana að einni söluhæstu tónlistarkonu áratugarins í Bretlandi. Hún segir nýju plötuna ólíka hinum að því leyti að upphaflega átti að gera tónlist með Tarantino-kvikmyndir í huga. „En svo fór að mörg af bestu lögunum sem við sömdum pössuðu illa inn í þá hugmynd. Við gáfum hana því upp á bátinn, en hún mótar þó anda plötunnar."

Hún segir Pictures einnig kraftmeiri plötu en hinar tvær. „Loks tókst mér að semja glaðlegt og fjörugt lag, Spellbound," segir Katie og er afar sátt við árangurinn. Frekari breytinga er að vænta á næstu plötum Katie því hún hefur slitið listrænu samstarfi við umboðsmann sinn, Mike Batt. „Fólk gerir sér ekki grein fyrir því hversu náið við höfum unnið saman að þessari tónlistarsköpun. Plöturnar þrjár innihalda efni tveggja listamanna en ekki aðeins mitt eigið," segir Katie. „Mér finnst tími til kominn að ég uppgötvi óstudd sjálfsmynd mína sem listamaður og hætti að treysta á hans frábæru lagasmíði."

Gagnrýnendur vilja sumir meina að undarlegir textar Batts dragi plötuna niður, en Katie mótmælir: „Ég elska textana hans og þoli ekki hvernig gagnrýnendur ráðast að honum. Þeir virðast bara ekki ná húmornum, textarnir eru svo sniðugir og óvenjulegir." Katie lætur hina miklu velgengni ekki stíga sér til höfuðs. „Ég bjóst aldrei við svona mikilli sölu og finnst þetta frábært. Þessi bransi hefur þó kennt mér að söluhár listamaður er ekki endilega góður listamaður," segir Katie. „Góð sala á plötunum veitir mér sjálfstraust en skiptir alls ekki öllu máli."



**KATIE MELUA** Söngkonan Katie Melua stoppaði á Íslandi til að kynna nýjustu plötu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

eygloa@frettabladid.is






GUERLAIN kynning í Lyf & heilsu, Kringlunni
dagana 8-13. nóvember 2007.




## SUCCESS FUTURE

**GUERLAIN** kynnir nýja kremlínu: dagkrem, næturkrem og serum sem hægir á öldrun húðarinnar (firming and wrinkle minimizer).

Sérfræðingur frá **GUERLAIN** verður á staðnum með kynningu á nýjungum og ráðleggingar um val á vörum.

**Glæsilegur kaupauki í boði***
á meðan birgðir endast.

Lyf & heilsa
*Við hlustum!*

Nýtt í bíó
LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus



LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| ROGUE ASSASSIN | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 16 |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA | kl. 6 - 600 kr | L |
| EASTERN PROMISES | kl. 5.50, 8 og 10.10 | 16 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 8 og 10.10 | 12 |

www.laugarasbio.is - Miðasala á midi.is

NÝTT Í BÍÓ!



| SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000 | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| BALLS OF FURY LÚXUS | kl. 3.45 - 5.50 - 8 - 10.10 | |
| ÆVINTÝRAEYJA IBBA 600 KR. | kl. 4 - 6 | |
| DARK IS RISING | kl. 3.45 - 5.50 - 8 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| RESIDENT EVIL 3 | kl. 10.10 | 16 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 - 10.10 | 14 |
| HÁKARLABEITA 600 KR. | kl. 3.50 | |

| REGNBOGINN SÍMI 551 9000 | | |
|---|---|---|
| THIS IS ENGLAND | kl. 6 - 8 - 10 | |
| ROUGE ASSASSIN | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| SUPERBAD | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

| HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919 | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 6 - 8 - 10 | 7 |
| ELIZABETH: THE GOLDEN AGE | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| EASTERN PROMISES | kl. 8 - 10.20 | 16 |
| SYNDIR FEÐRANNA | kl. 6 - 10.20 | 12 |
| VEÐRAMÓT | kl. 5.40 - 8 | 14 |

| BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500 | | |
|---|---|---|
| BALLS OF FURY | kl. 8 - 10 | 7 |
| EASTERN PROMISES | kl. 10 | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 - 8 | 7 |
| THE HEARTBREAK KID | kl. 6 | 12 |

SAMbíóin www.SAMbio.is 575 8900 midi.is



| SAMbíóin ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| MICHAEL CLAYTON | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 7 |
| THE GOLDEN AGE | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 8 - 10:30 | 16 |
| THE INVASION | kl. 5:30 8 - 10:30 | VIP |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| HEARTBRAKE KID | kl. 8 | 12 |
| THE BRAVE ONE | kl. 10:30 | 16 |
| STARDUST | kl. 5:30 - 8 - 10:30 | 10 |
| ASTRÓPÍÁ | kl. 6 | L |

| SAMbíóin KRINGLUNNI | | |
|---|---|---|
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 - 10:30 | 7 |
| THE INVASION DIGITAL | kl. 10:10 | 16 |
| DARK IS RISING | kl. 6 | 7 |
| ÍÞRÓTAHETJAN M/- ÍSL TAL | kl. 6 | L |
| IN THE LAND OF WOMEN | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE KINGDOM | kl. 8 - 10:10 | 10 |

| SAMbíóin AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| ÍÞRÓTTAHETJAN m/ísl tali | kl. 6 | L |
| MICHAEL CLAYTON | kl. 8 | 7 |
| STARDUST | kl. 5:50 | 10 |
| THE INVASION | kl. 8 | 16 |

| SAMbíóin KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| VEÐRAMÓT | kl. 8 | 14 |
| THE KINGDOM | kl. 8 | 16 |
| 3:10 TO YUMA | kl. 10:10 | 16 |
| HALLOWEEN | kl. 10:10 | 16 |

| SAMbíóin SELFOSSI | | |
|---|---|---|
| HEARTBRAKE KID | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| GOOD LUCK CHUCK | kl. 8 | L |
| THE KINGDOM | kl. 10:10 | 10 |

DIGITAL HLJÓÐ OG MYND SAMBÍÓUNUM ÁLFABAKKA OG KRINGLUNNI


# Halda áfram með forhlustun

Stefán Hjörleifsson, framkvæmdastjóri Tónlist.is, óttast ekki að tónlist sé stolið þaðan og henni síðan dreift á netinu. Væntanlegri plötu Páls Óskars, Allt fyrir ástina, var stolið eftir að hún var sett í forhlustun á Tónlist.is fyrir síðustu helgi. Eftir það var platan sett á heimasíðuna Torrent. is og kvartaði Páll Óskar sáran undan því.

Stefán segir að gæðin á slíkum upptökum geti ekki verið góð. „Gæðin á forhlustuninni eru það slöpp. Hún er bara notuð til að fólk getið hlustað aðeins á og kynnt sér efni. Þetta er ekki eitthvað sem fólk vill eiga á iPodnum sínum,“ segir Stefán. „Við munum halda áfram með forhlustuninna, hún hefur gengið það vel.“



**STEFÁN HJÖRLEIFSSON** Framkvæmdastjóri Tónlist.is hefur ekki áhyggjur af þjófnaði af síðunni.

Að sögn Stefán hefur salan á Tónlist.is tvöfaldast eftir að fyrirtækið hætti að nota höfundavörn á tónlistina sem kom þar út. Núna er hægt að hlusta á tónlist frá fyrirtækinu á iPod og öðrum stafrænum spilurum sem áður var ekki hægt. „Það er greinilegt að fólki er treystandi eins og við héldum. Auðvitað er alltaf einhverju stolið, það breytist ekki og hefur verið í gangi alveg frá tímum kassettunnar. En það ánægjulegasta er hvað salan rauk upp við þessa aðgerð.“

Framundan hjá Tónlist.is er sala á erlendri tónlist án þessara höfundavarna, sem hefur hingað til ekki tíðkast erlendis. Vonast Stefán til að fyrirtækið nái þeim áfanga snemma á næsta ári. **- fb**

# Las rómantísk ljóð í æsku

**Vandræðagemlingurinn Pete Doherty hefur verið tíður gestur í fjölmiðlum vegna eiturlyfjavanda síns og samband sitt við ofurfyrirsætuna Kate Moss. Þegar nánar er að gáð kemur þó í ljós að Doherty er ljóðelskur faðir, alinn upp af ástríkum foreldrum.**



**PETE DOHERTY** Tónlistarmaðurinn Pete Doherty hefur verið duglegur við að koma sér í sviðsljósið undanfarin ár. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Pete Doherty fæddist 12. mars 1979 í bænum Hexham á Englandi. Móðir hans er hjúkrunarkona og er Doherty miðbarnið í fjölskyldunni. Á hann tvær systur, þær Amy-Jo og Emily. Faðir hans, sem er af írskum uppruna, var yfirmaður í breska hernum og því þurfti fjölskyldan oft að standa í flutningum þegar Doherty var ungur að árum.

### Vann ljóðasamkeppni

Fljótt kom í ljós að Doherty var miklum gáfum gæddur og gekk honum vel í skóla. Var hann mikill bókaormur og hafði mestan áhuga á rómantískum ljóðum og stríðsljóðum. Sextán ára gamall vann hann ljóðasamkeppni og ferðaðist í kjölfarið um Rússland á vegum breskra yfirvalda.

Seinna meir skráði Doherty sig í Queen Mary-háskólann í Lundúnum og lagði þar stund á enskar bókmenntir en hætti eftir eitt ár.

### Kynntist Carl Barât

Eftir háskólanámið leigði Doherty íbúð í London með tónlistarmanninum Carl Barât, sem hafði verið bekkjarfélagi systur hans í Brunel-háskólanum. Saman byrjuðu þeir að semja lög og stofnuðu á endanum hljómsveitina The Libertines ásamt bassaleikaranum John Hassall og trommaranum Gary Powell.

### Hallar undan fæti

Árið 2001 gerði sveitin samning við útgáfufyrirtækið Rough Trade og árið eftir kom út fyrsta platan, Up the Bracket. Vakti hún gríðarlega athygli og voru Doherty og félagar sagðir ein af næstu stjörnunar í bresku tónlistarlífi.

Síðan hefur smám saman hallað undan fæti hjá Doherty. Eftir útgáfu annarrar plötu The Libertines hætti hann í sveitinni vegna eiturlyfjavanda og stofnaði hljómsveitina Babyshambles sem er ennþá starfandi.

### Hittir ekki soninn

Vegna vandamála sinna hefur Doherty verið meinað að hitta son sinn Astile sem hann á með söngkonunni Lisu Moorish.

„Lisu finnst mjög erfitt að halda Pete inni í lífi Astile,“ sagði kunningi Moorish. „Pete er ennþá að berjast við heróínpúkann og þess vegna er erfitt að reiða sig á hann. Stundum hittir hann Astile á hverjum degi í heila viku en síðan hverfur hann í margar vikur og hefur ekkert samband.

Hann stendur ekki við það sem hann segir og hann svarar nánast aldrei í símann og það hefur farið illa í Lisu.“

### Móðir skrifar bók

Til að bæta gráu ofan á svart hefur móðir Dohertys skrifað bók um samband sitt og sonar síns. Bókin heitir Pete Doherty: Undrabarnið mitt. Doherty og faðir hans hafa deilt hart í gegnum árin. Um hríð afneitaði faðirinn syni sínum vegna eiturlyfjavanda hans en samkvæmt síðustu fréttum hafa þeir náð sáttum.

### Baðst afsökunar á sprautu

Doherty á engu að síður enn í vandræðum með fíknina og nýlega baðst hann afsökunar á að hafa freistast til að sprauta sig á nýjan leik eftir að hafa verið laus úr viðjum heróíns í nokkuð langan tíma.

Spurningin er hvort Dohertys verði á endanum minnst sem hæfileikaríks tónlistarmanns eða sem fyrrverandi kærasta Kate Moss og dópista sem kastaði frá sér tækifærum á eftirminnilegan hátt.

# Bænastund allra trúarbragða

Listamaðurinn Snorri Ásmundson stendur fyrir bænastund í Laugardalshöll 24. nóvember næstkomandi. Hún er með óhefðbundnu sniði, því henni er ætlað að ná út fyrir öll mörk trúarbragða. Markmið Snorra er „að fá sem flesta einstaklinga og hópa sem aðhyllast mismunandi trúarbrögð til að taka þátt í þessri sameiginlegu bænastund“.

Snorri segir bænastundina hafa blundað lengi í sér og hefur rætt við fulltrúa margra trúarbragða og trúfélaga á landinu. Hann segir viðbrögðin mjög jákvæð. „Það eru allir mjög þakklátir og vilja taka þátt í þessu,“ segir Snorri, en trúarbrögð hafa verið honum hugleikin lengi. „Fólk á að eiga sínar stundir með sínum æðri mætti, ekki í gegnum neinn annan, eða einhvern miðstjórnarhóp, eins og kirkjur. Trúarbrögð voru notuð svo mikið sem stýrirtæki sem mér finnst miður,“ segir hann.



Bænastundin fer fram í nafni umburðarlyndis og kærleika, sem Snorri segir ekki veita af nú til dags. „Fólk kemur bara saman þarna og biður með sínu sniði. Það er engin sem leiðir fólk, þannig séð. Ég ýti þessu kannski úr vör, en bænarefnið er hið sama,“ útskýrir Snorri.

Bænastundin hefst klukkan 15 laugardaginn 24. nóvember og stendur í klukkutíma. **- sun**

**BIÐUR FYRIR UMBURÐARLYNDI** Snorri Ásmundsson stendur fyrir bænastund fyrir öll trúarbrögð í Laugardalshöll í nóvember.


LUXOR
Aðeins á Tónlist.is!
Forhlustun á fyrstu plötu
LUXOR er hafin á Tónlist.is!
Útgáfudagur er 12. nóvember
Tónlist.is
Á hvað ert þú hlusta?

## > Stelpurnar fara til Portúgals

Íslenska kvennalandsliðið mun annað árið í röð taka þátt í Algarve Cup, sem að þessu sinni fer fram 3. til 13. mars á næsta ári. Ísland verður í C-riðli með Póllandi, Portúgal og Írlandi en auk leikja við þessar þjóðir verður leikið um sæti á mótinu. Vinni íslensku stelpurnar sinn riðil spila þær um sjöunda sætið á mótinu. Þetta er annað árið í röð sem Ísland tekur þátt á Algarve Cup en íslensku stelpurnar tryggðu sér 9. sætið með 4-1 stórsigri á Kína í fyrra. Liðið hafði einnig tvisvar áður verið með, endaði í 6. sæti á mótinu 1996 og í 7. sæti árið eftir.



# sport

sport@frettabladid.is

**JÓN INGI ÞORVALDSSON:** KEPPTI Í HAUSTMÓTARÖÐ PALMER AUDI-FORMÚLUNNAR UM SÍÐUSTU HELGI

# *Hef alltaf viljað taka delluna skrefinu lengra*

Hinn 36 ára Jón Ingi Þorvaldsson tók þátt í seinni hluta haustmótaraðar Palmer Audi-formúlunnar sem fram fór á Snetterton-brautinni í Norfolk á Englandi um síðustu helgi og lét þar með draum sinn til nokkurra ára rætast.

„Eina reynslan sem ég hafði fram að þessari keppni um síðustu helgi var að keppa í kappakstursíþróttum heima á Íslandi, en ég byrjaði ekki í mótorsporti að fullu fyrr en fyrir nokkrum árum," sagði Jón Ingi en kvaðst þá alltaf hafa viljað taka delluna skrefinu lengra.

„Ég ákvað því að setja mig í samband við yfirmann Palmer Audi-mótaraðarinnar í formúlu og eftir að ég náði lágmarkstímum, sem voru inntökuskilyrði fyrir því að fá að taka þátt í haustmótaröðinni, þá var næsta skref í raun bara að skrifa undir samning við Palmer Sport, sem eru aðstandendur keppninnar. Þeir sáu um að leggja til keppnisbíl sem var algjörlega hannaður eftir hæð minni og þyngd þannig að maður nánast klæðir sig í bílinn. Þeir skaffa líka aðstoðarlið á meðan á keppni stendur, en það var svo undir mér komið að finna styrktaraðila og undirbúa mig líkamlega fyrir keppnina," sagði Jón Ingi, sem var styrktur af Glitni um síðustu helgi og vonast til þess að geta tekið þátt af fullum krafti í Palmer Audi-formúlunni á næsta keppnistímabili.

„Haustmótaröðin er hugsuð sem æfingarmót fyrir keppendur sem hafa hug á því að taka þátt í aðalkeppni Palmer Audi-formúlunnar sem er háð yfir átta helgar á tímabilinu frá apríl og fram í september. Framhaldið er ekki alveg komið á hreint ennþá en ætti að skýrast á næstu vikum. Ég var stöðugt að bæta mig í keppninni um síðustu helgi og vonast til að fá tækifæri til að reyna mig á ný í apríl á næsta ári. Ég verð bara að sjá til þess að ég sé í réttu líkamlegu formi þegar kemur að þessu. Ég get ekki neitað því að ég get ekki beðið eftir að fá að setjast undir stýrið á ný," sagði Jón Ingi spenntur.




## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

**Barcelona-Rangers 2-0**
1-0 Thierry Henry (6.), 2-0 Lionel Messi (43.),

**Lyon-Stuttgart 4-2**
1-0 Hatem Ben Arfa (6.), 2-0 Kim Kallström (15.), 2-1 Mario Gomez (16.), 3-1 Hatem Ben Arfa (37.), 3-2 Mario Gomez (56.), 4-2 Juninho (90.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barcelona** | 4 | 3 | 1 | 0 | 7-0 | 10 |
| Rangers | 4 | 2 | 1 | 1 | 5-3 | 7 |
| **Lyon** | 4 | 2 | 0 | 2 | 6-8 | 6 |
| Stuttgart | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-9 | 0 |

**F-RIÐILL:**

**Man. Utd-Dynamo Kiev 4-0**
1-0 Gerard Pique (31.), 2-0 Carlos Tévez (37.), 3-0 Wayne Rooney (76.), 4-0 Cristiano Ronaldo (88.).

**Sporting Lisbon-AS Roma 2-2**
0-1 Marco Cassetti (4.), 1-1 Liedson (22.), 2-1 Liedson (64.), 2-2 Pizarro (89.)

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Man. Utd** | 4 | 4 | 0 | 0 | 10-2 | 12 |
| AS Roma | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-4 | 7 |
| **Sporting Lisbon** | 4 | 1 | 1 | 2 | 5-6 | 4 |
| Dynamo Kiev | 4 | 0 | 0 | 4 | 3-12 | 0 |

**G-RIÐILL:**

**Fenerbahce-PSV Eindhoven 2-0**
1-0 Marcellis, sjm (28.), 2-0 Semih Senturk (30.).

**Inter-CSKA Moskva 4-2**
0-1 Jó (23.), 0-2 Vagner Love (31.), 1-2 Zlatan Ibrahimovic (32.), 2-2 Esteban Cambiasso (34.), 3-2 Esteban Cambiasso (67.), 4-2 Zlatan Ibrahimovic (75.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Inter** | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-4 | 9 |
| Fenerbahce | 4 | 2 | 2 | 0 | 5-2 | 8 |
| **PSV Eindhoven** | 4 | 1 | 1 | 2 | 2-5 | 4 |
| CSKA Moskva | 4 | 0 | 1 | 3 | 6-10 | 1 |

**H-RIÐILL:**

**Slavia Prag-Arsenal 0-0**

**Steaua Búkarest-Sevilla 0-2**
0-1 Dirnei Renato (25.), 0-2 Dirnei Renato (65.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Arsenal** | 4 | 3 | 1 | 0 | 11-0 | 10 |
| Sevilla | 4 | 3 | 0 | 1 | 8-6 | 9 |
| **Slavia Prag** | 4 | 1 | 1 | 2 | 4-12 | 4 |
| Steaua Búkarest | 4 | 0 | 0 | 4 | 2-7 | 0 |

### *Iceland Express-deild kvk:*

**Grindavík-Haukar 88-90 (81-81)**
**Stig Grindavíkur:** Joanna Skiba 32 (5 stoðs.), Tiffany Roberson 31 (19 frák., 7 stolnir, 5 stoðs.), Ólöf Helga Pálsdóttir 9, Petrúnella Skúladóttir 7, Berglind Anna Magnúsdóttir 4, Íris Sverrisdóttir 3, Jovana Lilja Stefánsdóttir 2.
**Stig Hauka:** Kiera Hardy 40 (9 frák., 6 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 19 (12 fráköst, 4 stoðs.), Unnur Tara Jónsdóttir 16 (19 mín., 5 villur), Telma Björk Fjalarsdóttir 5, Kristín Fjóla Reynisdóttir 4, Hanna Hálfdanardóttir 3 (14 fráköst, 4 varin), Bára Fanney Hálfdanardóttir 3.

**Keflavík-KR 69-66**

N1 N1 DEILDIN
Handboltadagur í Mýrinni
fimmtudaginn 8. nóvember
N1 Deild kvenna
Mýrin kl. 18.00
Stjarnan - Valur
N1 deild karla
Mýrin kl. 20.00
Stjarnan - HK

# Rangers sá aldrei til sólar

**Það var einstefna að marki Glasgow Rangers þegar Skotarnir sóttu Barcelona heim. Man. Utd er komið áfram í keppninni líkt og Barcelona eftir öruggan sigur á Dynamo Kiev. Inter átti ótrúlega endurkomu gegn CSKA Moskva.**

**FÓTBOLTI** Barcelona, Manchester United og Arsenal tryggðu sér öll sæti í sextán liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu þegar fjórða umferð riðlakeppninnar kláraðist í gærkvöld.

Barcelona lék sér að Glasgow Rangers, sem var í eltingarleik frá upphafi. Henry kom Barca yfir á 6. mínútu með umdeildu marki en boltinn fór af hendi hans og í markið. Lionel Messi bætti öðru marki við fyrir Barcelona skömmu fyrir hlé. Hann tók þá frábæran þríhyrning við Ronaldinho sem lauk með skoti Brasilíumannsins. Það skot var varið en Messi náði frákastinu og skoraði örugglega.

Barcelona slakaði aðeins á klónni í síðari hálfleik og fékk ekki mörg opin færi þó svo að liðið væri með boltann lengstum. Eiður Smári Guðjohnsen spilaði síðustu 20 mínútur leiksins en náði ekki að setja mark sitt á leikinn.

Manchester United tryggði sér farseðilinn í sextán liða úrslitin með enn einni markaveislunni en liðið lagði Dynamo Kiev, 4-0. Gerard Pique kom United yfir og Tévez kom heimamönnum í 2-0 fyrir hlé. Rooney komst á blað 14 mínútum fyrir leikslok og Cristiano Ronaldo rak síðasta naglann í kistu Úkraínumannanna rétt fyrir hlé.

Leikur Inter og CSKA Moskvu á San Siro var lyginni líkastur. Rússneska liðið kom gríðarlega á óvart með því að skora tvö fyrstu mörkin á fyrsta hálftímanum.

Mörkin tvö dugðu til að vekja ítalska liðið og Svíinn Zlatan Ibrahimovic minnkaði muninn um leið. Argentínumaðurinn Cambiasso jafnaði svo tveim mínútum síðar. Inter var svo mun sterkara liðið í síðari hálfleik. Cambiasso skoraði aftur um miðjan hálfleikinn og Zlatan gulltryggði sigurinn með stórkostlegu marki korteri fyrir leikslok.

Arsenal náði ekki sama flugi í Tékklandi gegn Slavia Prag eins og í Lundúnum. Markalaust jafntefli niðurstaðan og Arsenal komið í næstu umferð. **henry@frettabladid.is**




**GÓÐIR** Lionel Messi og Ronaldinho tættu í sig vörn Rangers þegar Messi skoraði. Þeir fagna hér markinu saman. NORDIC PHOTOS/AFP



**MARKAHRÓKAR** Carlos Tévez og Wayne Rooney skoruðu báðir fyrir Man. Utd í gær. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



**FÖGNUÐUR** Haukastúlkur unnu dramatískan sigur í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Iceland Express-deild kvenna:

## Haukasigur í framlengingu

**KÖRFUBOLTI** Haukar unnu tveggja stiga sigur á Grindavík, 88-90, í æsispennandi framlengdum leik í Grindavík í gær. Joanna Skiba fékk tækifæri til þess að tryggja Grindavík sigur á vítalínunni fimm sekúndum fyrir leikslok en klikkaði á báðum vítum sínum og það varð að framlengja. Haukastúlkur komust sex stigum yfir í framlengingunni og lönduðu síðan tveggja stiga sigri. Kiera Hardy hjá Haukum braut 40 stiga múrinn þriðja leikinn í röð. **- óój**

Stórtap Besiktas á Anfield:

## Forsetinn vill reka leikmenn

**FÓTBOLTI Átta marka stórtap Besiktas fyrir Liverpool á Anfield á þriðjudagskvöldið fór fyrir brjóstið á forráðamönnum tyrkneska liðsins og var meðal annars haft eftir forseta félagsins, Yildirim Demiroren, að félagið myndi segja upp samningi við nokkra af leikmönnum sínum.**

**„Hagsmunir Besiktas koma á undan öllu öðru og við verðum að losa okkur við nokkra leikmenn," sagði forsetinn en ekki hafa komið fréttir af örlögum þjálfarateymisins. - óój**

Emil Hallfreðsson hefur spilað vel með Reggina í ár og er þegar búinn að fá hrós frá nýjum stjóra liðsins:

# Emil spilaði vel í nýrri stöðu á vellinum

**FÓTBOLTI** Ítalska liðið Reggina, sem Emil Hallfreðsson spilar með, stóð í stórræðum fyrir ekki margt löngu þegar knattspyrnustjórinn Massimo Ficcadenti var rekinn eftir að liðinu mistókst að vinna einn einasta leik af fyrstu tíu leikjunum í Serie A. Við starfinu tók reynsluboltinn Renzo Ulivieri, en hann hefur áður þjálfað víða í efstu deild á Ítalíu á löngum ferli sínum sem knattspyrnustjóri.

Ulivieri stýrði Reggina í fyrsta skipti um síðustu helgi þegar liðið sótti sjóðandi heitt lið Napoli heim og var nálægt því að innbyrða fyrsta sigur sinn á tímabilinu. Luca Vigiani, miðjumaður Reggina, kom liðinu yfir í byrjun síðari hálfleiks en heimamenn í Napoli jöfnuðu leikinn á 90. mínútu.

Ulivieri sá ástæðu til þess að hrósa Emil Hallfreðssyni sérstaklega fyrir frammistöðu sína í leiknum eins og kom fram í viðtali hans við opinbera heimasíðu Reggina í leikslok.

„Emil spilaði vel í nýrri stöðu sem hann hefur ekki verið vanur að spila í og ég hafði smávegis áhyggjur af í upphafi leiks, en hann vann vel þá vinnu sem ég setti honum fyrir," sagði Ulivieri ánægður.

Emil bar nýjum knattspyrnustjóra sínum líka vel söguna þegar Fréttablaðið átti spjall við hann í gær.

„Þetta er gríðarlega reyndur stjóri hér á Ítalíu og það er greinilegt að hann nýtur strax mikillar virðingar innan liðsins því hann er á stuttum tíma búinn að koma inn nýjum hugmyndum sem menn eru tilbúnir að hlusta á," sagði Emil og kvaðst einnig kunna vel við sig í nýrri stöðu á vellinum.

„Mér hafði persónulega gengið vel á vinstri kantinum, en ég fann mig bara mjög vel fyrir aftan framherjana og komst mjög vel frá leiknum. Ég átti að passa sérstaklega upp á György Garics, varnarmiðjumann Napoli, sem byggir upp og stjórnar spilinu mikið til hjá liðinu og það gekk frábærlega hjá mér. Þetta endaði bara á því að hann var að elta mig. Nú verð ég bara að halda áfram á sömu braut og ég trúi ekki öðru en að fyrsti sigurinn fari að detta í hús hjá okkur," sagði Emil. **- óþ**



**STATTU UPP KALLINN** Emil tekur hér hressilega á gulldrengnum Francesco Totti í leik Reggina og Roma í 3. umferð Serie A. NORDICPHOTOS/AFP


10
HVER VINNUR
AUKAVINNING!
Games for Windows
PC CD
PES 2008
PRO EVOLUTION SOCCER
FOOTBALL MANAGER 2008
SEGA
FIFA 08
EA SPORTS
SMS LEIKUR
FERÐ ÞÚ Á VÖLLINN?
3 LEIKIR Á 3 DÖGUM
VINNUR ÞÚ DRAUMAFERÐINA?
SENDU SMS SKEYTIÐ BTC FOV Á NÚMERIÐ 1900, SVARAÐU EINNI SPURNINGU OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!
1. DESEMBER BLACKBURN - NEWCASTLE
2. DESEMBER LIVERPOOL - BOLTON
3. DESEMBER MAN UTD - FULHAM
AUKAVINNINGAR ERU: PES 2008, FIFA'08, FOOTBALL MANAGER,
FULLT AF AUKAHLUTUM FYRIR PS2 OG PS3, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!
northern rock
Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.



**TEITUR ÞÓRÐARSON** Skoðar framtíðarmöguleika sína þessa dagana og útilokar ekki að gerast umboðsmaður þó svo að hann hafi fallið á umboðsmannaprófi á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Teitur Þórðarson reynir fyrir sér á nýjum vettvangi:

# Útsendari hjá norskum umboðsmanni

**FÓTBOLTI** Það hefur lítið spurst til Teits Þórðarsonar frá því hann var rekinn frá KR síðasta sumar. Teitur hefur aðallega alið manninn í Noregi síðan í sumar. Hann hefur þó verið á ferð og flugi víða um Evrópu enda verið að vinna sem útsendari hjá norskum umboðsmanni.

„Þetta er nokkuð skemmtilegt. Ég er búinn að fara víða og skoða mikið af leikmönnum. Ég er með fínt tengslanet víða um Evrópu sem nýtist mér vel í þessu starfi,“ sagði Teitur en hann hefur einnig verið að gæla við að gerast umboðsmaður. Hann þreytti umboðsmannapróf á dögunum en féll.

„Þetta kom snöggt upp á og ég ákvað bara að skella mér þó að ég væri illa undirbúinn. Það gekk ekki sem skyldi en ég mæti betur undirbúinn næst ef ég ákveð að reyna aftur. Menn ná þessu ekkert með vinstri hendinni. Ég ákvað samt að athuga hvernig þetta væri og sé ekkert eftir því,“ sagði Teitur brattur en hann var orðaður við norska úrvalsdeildarfélagið Álasund í gær.

„Ég hef aðeins heyrt í þeim en það er ekkert á alvarlegu stigi enda félagið að kíkja í kringum sig. Ég er bara að skoða mín mál og hvað ég hyggst taka mér fyrir hendur. Það er þó líklegra að ég starfi hér í Noregi en að ég komi aftur heim til Íslands,“ sagði Teitur Þórðarson. - hbg

# Stjórnaði 181 leik í röð

**Pétur Ingvarsson er hættur sem þjálfari Hamars eftir áratugsstarf í Hveragerði en enginn þjálfari hefur setið lengur í sögu úrvalsdeildar karla. Ágúst Björgvinsson tekur við liðinu, sem hefur tapað fjórum af fyrstu fimm leikjunum.**

**KÖRFUBOLTI** Pétur Ingvarsson er hættur með lið Hamars í Iceland Express deild karla eftir að hafa farið með liðið upp í úrvalsdeild í fyrsta skipti og stjórnað liðinu í 181 leik í röð í efstu deild.

Pétur bætti met Jóns Kr. Gíslasonar í fyrra yfir lengstu setu þjálfara í úrvalsdeild en Keflavík lék 168 leiki í röð undir stjórn Jóns á árunum 1990 til 1996. Pétur hélt Hamri í efstu deild átta tímabil í röð þrátt fyrir endalausar hrakspár og undir hans stjórn komst liðið fimm sinnum í úrslitakeppnina.

Árangurs Hamars í Hvergerði undir stjórn Péturs er glæsilegur en liðið vann 43 af 75 leikjum sínum í „Frystikistunni“. Þetta gerir 57 prósenta sigurhlutfall en liðið vann á sama tíma „aðeins“ 6 af 16 leikjum sínum (37,5 prósent) í Iðu á Selfossi þegar Hamar var í samstarfi við Selfoss og þá töpuðust 64 af 90 útileikjum undir stjórn Péturs.

Hamar vann í öllum íþróttahúsum nema fjórum í tíð Péturs því undir hans stjórn náði liðið aldrei að vinna deildarleik í Keflavík (8 töp), í Seljaskóla (7 töp), í Þorlákshöfn (2 töp) eða á Egilsstöðum (1 tap). Best gekk Hamri hins vegar á útivelli gegn Haukum í Hafnarfirði, uppeldisfélagi Péturs, þar sem hann spilaði 212 leiki á árunum 1989 til 1998. Hamar vann nefnilega 5 af 8 leikjum sínum í Hafnarfirðinum.

Hamarsliðið hefur mikið saknað Svavars Páls Pálssonar, sem hefur ekki getað leikið með liðinu vegna meiðsla, en hann er einmitt sá leikmaður sem lék flesta úrvalsdeildarleiki í tíð Péturs. Svavar lék alls 171 af þessum 181 leik og er einnig sá sem skoraði flest stig (1.340), tók flest fráköst (961), varði flest skot (121) og fékk flestar villur (544) í tíð Péturs. Lárus Jónsson, fyrirliði Hamars í dag, er hins vegar sá leikmaður sem gaf flestar stoðsendingar (538) og stal flestum boltum (222) í þessum 181 leik sem Pétur stjórnaði frá 1999 til 2007.

Ágúst Björgvinsson tekur við Hamarsliðinu og stjórnar því í fyrsta sinn gegn Þór í Síðuskóla á morgun. Þetta er í þriðja sinn sem Ágúst tekur við karlaliði á miðju tímabili en hann tók við liði Vals eftir 10 leiki 2002-2003 og við liði Hauka eftir 11 leiki 2005-2006. Í bæði skiptin náði hann að bæta mikið sigurhlutfall liðanna; Valsliðið vann 4 af 13 leikjum eftir að hann tók við og hækkaði sigurhlutfall sitt um 19,7 prósentustig og Haukaliðið vann 4 af 11 leikjum undir hans stjórn og hækkaði sigurhlutfall sitt um 27,3 prósentustig. Ágúst hefur verið aðstoðarþjálfari KR í vetur en lætur nú af því starfi.

ooj@frettabladid.is



**HÆTTUR** Pétur Ingvarsson er hættur með Hamar eftir tíu ára starf. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



**TEKUR VIÐ** Ágúst Björgvinsson hefur verið astoðarþjálfari KR það sem af er í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Handboltaveisla í Mýrinni Garðabæ

N1 deildin

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fimmtudagur 8. nóv** | Mfl. Kvenna | kl 18.00 | Stjarnan | – | Valur |
| | Mfl. Karla | Kl. 20 | Stjarnan | – | HK |
| **Sunnudagur 11.nóv** | | | | | |
| Evrópukeppni félagsliða kvenn. | | Kl. 16.00 | Stjarnan | – | Mios Biganos frá Frakklandi |

Garðbæingar fjölmennum í Mýrina og styðjum okkar lið til sigurs

# BT

# HARRY POTTER LENDIR FYRST Í BT




Skeifan • Kringlan • Smáralind • Grafarvogur • Hafnarfjörður • Selfoss • Ísafjörður • Akranes • Egilsstaðir • Akureyri • Reykjanesbær

> **Rob Lowe**

„Þegar ég var ungur og vitlaus var ég ungur og vitlaus. Það getur verið nógu erfitt að vera bara á þessum aldri. Bætum síðan við frægð, frama, peningum og öllu fólkinu sem segir þér að þú sért frábærasta persóna í heimi og þá ertu kominn með uppskrift að hörmung. Sumir lifa þetta bókstaflega ekki af," sagði hinn þrautreyndi Rob Lowe eitt sinn. Lowe leikur eitt aðalhlutverkið í Brothers and Sisters sem Sjónvarpið sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON FANN TIL MEÐ LEIKMÖNNUM BESIKTAS

# *Algjör niðurlæging á Anfield*

Þær voru ekki amalegar kræsingarnar sem liðsmenn Liverpool buðu áhorfendum upp á í Meistaradeildinni í fyrrakvöld. 8-0 sigur á Besiktas frá Tyrklandi fer í sögubækurnar sem stærsti sigurinn í deildinni fyrr og síðar og mega „Púllarar" vera stoltir af árangrinum enda spiluðu þeirra menn frábærlega í leiknum.
Ekki má þó gleyma hinni hliðinni á peningnum því liðsmenn Besiktas fara jafnframt í sögubækurnar með stærsta tapið í deildinni á bakinu og þurfa að lifa með þeirri skömm það sem eftir er.

Ekki var hægt annað en að vorkenna Besiktasmönnum í leiknum. Þeir virtust gjörsamlega heillum horfnir og eftir að þeir lentu tveimur til þremur mörkum undir gáfust þeir hreinlega upp og kölluðu þar með yfir sig enn stærra tap. Í stöðunni 7-0 vonaði maður samt einhvern veginn að Liverpool myndi láta þar við sitja, ekki vegna þess að ég vildi ekki að þeir bættu markametið, heldur af vorkunn við Tyrkina. Var ég ekki einn um það því dómari leiksins kenndi svo í brjósti um þá að hann bætti nánast engu við leiktímann þrátt fyrir að margar tímafrekar innáskiptingar hefðu verið gerðar. Flautaði hann leikinn af strax á 91. mínútu og nokkrum sekúndum síðar voru skömmustulegir leikmenn Besiktas horfnir af vellinum.



**SKÖMM** Markvörður Besiktas skömmustulegur á svip eftir að hafa fengið enn eitt markið á sig. NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

Samkvæmt nýjustu fréttum íhuga forráðamenn liðsins að leysa nokkra leikmenn sína undan samningi fyrir frammistöðu sína. Kannski er það ein leiðin fyrir þá til að halda því sem eftir er af andlitinu. Best væri þó ef leikmönnunum tækist að nýta þessa reynslu til góðs og þeir myndu heita því að láta sér þessi ósköp sér að kenningu verða í komandi viðureignum sínum bæði í Meistaradeildinni og heima fyrir. Vissulega eru þeir komnir í sögubækurnar og verða ekki teknir þaðan en þeir hafa nú tækifæri til að sanna fyrir umheiminum að tapið gegn Liverpool var einungis slys sem kemur ekki fyrir aftur. Það vona ég að minnsta kosti fyrir þeirra hönd.

## EKKI MISSA AF



▶ **18.55** **Bayern München-Bolton** SÝN



▶ **20.25** **Arrested Development** SIRKUS



▶ **20.45** **Two and a Half Men** STÖÐ 2



▶ **21.30** **Klovn** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** **C.S.I. Miami** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.50 Kiljan**
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Fjársjóðsleitin** (4:6)
**18.00 Stundin okkar**
**18.25 Skemmtiþáttur Catherine Tate**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Bræður og systur** (14:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðaríkt líf þeirra og fjörug samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**21.00 07/08 bíó leikhús**
▶**21.30 Trúður** (2:10) (Klovn) Dönsk gamanþáttaröð um uppistandarann Frank Hvam og líf hans. Höfundar og aðalleikarar þáttanna eru þeir Frank Hvam og Casper Christensen sem hafa verið meðal vinsælustu grínara Dana undanfarin ár.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Soprano-fjölskyldan** (16:21) Lokasyrpa myndaflokksins um mafíósann Tony Soprano og fjölskyldu hans.
**23.25 Mótorsport** Þáttur um íslenskar akstursíþróttir. Umsjónarmaður er Birgir Þór Bragason.
**23.45 Aðþrengdar eiginkonur** (65:70) (Desperate Housewives III)
**00.30 Kastljós**
**01.00 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Everbody's Doing It**
**08.00 Agent Cody Banks**
**10.00 Stolen Summer**
**12.00 Love Don't Cost a Thing**
**14.00 Agent Cody Banks**
**16.00 Stolen Summer**
**18.00 Love Don't Cost a Thing**
**20.00 Everbody's Doing It**
**22.00 The Terminator** Aðalhlutverk: Arnold Schwarzenegger, Michael Biehn, Linda Hamilton. Leikstjóri: James Cameron. 1984. Stranglega bönnuð börnum.
**00.00 U.S. Seals II**
**02.00 Dog Soldiers**
**04.00 The Terminator**

## STÖÐ 2

**08.10 Beauty and the Geek** (5:9)
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 The Bold and the Beautiful**
**09.30 Wings of Love**
**10.15 Numbers** (10:24)
**11.10 Veggfóður**
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Forboðin fegurð**
**13.55 Forboðin fegurð**
**14.45 Pirate Master** (3:14)
**15.30 Osbournes 3** (4:10)
**15.55 Barnatími Stöðvar 2**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**19.25 The Simpsons** (16:22) Abe gamli ákveður að lifa lífinu óttalaus og gerist nautabani.
**19.50 Friends 4** (2:24)
**20.15 Ítalíuævintýri Jóa Fel** (3:10)
▶**20.45 Two and a Half Men** Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan. (12:24) Alan lendir í vandræðum þegar Berta kemst að því að hann er búin að vera hitta dóttur hennar í leyni. Berta er sannarlega ekki spennt fyrir því að eiga Alan sem tengdason. Leyfð öllum aldurshópum.
**21.10 Til Death** (12:22) Eddie er harður á því að öll hjón ljúgi að hvort öðru og það leiði óhjákvæmilega til þess að þau þroskist í sundur. Joy er hinsvegar ekki á sama máli.
**21.35 Numbers** (4:24)
**22.20 Silent Witness** (1:10) Dr. Sam Ryan er snúin aftur í tíunda sinn en hún hefur engu gleymt þegar kemur að rannsókn flókinnan sakamála.
**23.15 Tekinn 2** (8:14)
**23.45 Næturvaktin** (8:13)
**00.15 Damages** (5:13)
**01.00 Call Me: The Rise and Fall of Heidi Fleiss**
**02.25 Cold Case** (10:23)
**03.10 Silent Witness** (1:10)
**04.05 Numbers** (4:24)
**04.50 Two and a Half Men** (12:24)
**05.15 The Simpsons** (16:22)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**
**06.35 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SÝN besta sætið

**07.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**07.40 Meistaradeildin - meistaramörk**
**08.20 Meistaradeildin - meistaramörk**
**09.00 Meistaradeildin - meistaramörk**
**16.10 Það helsta í PGA mótaröðinni**
**16.35 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**18.15 Meistaradeildin - meistaramörk**
▶**18.55 Bayern München - Bolton** Bein útsending frá leik Bayern München og Bolton í Evrópukeppni félagsliða.
**21.00 Sumarmótin 2007** Þáttur um hið árlega Símamót í knattspyrnu þar sem stúlkur alls staðar af landinu koma saman í Kópavogi og reyna með sér. Keppt er í 4., 5., 6. og 7. flokki þannig að mótið spannar langt aldursbil.
**21.40 NFL Gameday** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í bandaríska fótboltanum.
**22.10 PGA Tour 2007 - Highlights** (Walt Disney World Resort Classic)
**23.05 Bayern Munchen - Bolton** Útsending frá leik Bayern München og Bolton í Evrópukeppni félagsliða sem fram fór fyrr í kvöld

## SÝN 2

**15.40 Coca-Cola Championship** Upptaka af leik Norwich og Ipswich frá því um síðustu helgi.
**17.20 Wigan - Chelsea**
**19.00 Ensku mörkin** Ný og hraðari útgáfa af þessum vinsæla þætti þar sem öll mörkin og helstu atvik umferðarinnar eru sýnd frá öllum mögulegum sjónarhornum. Viðbrögð þjálfara, stuðningsmanna og sérfræðinga.
**20.00 Premier League World** (Heimur úrvalsdeildarinnar) Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Leikurinn Arsenal - Chelsea frá tímabilinu 96/97
**21.00 PL Classic Matches** Leikurinn Liverpool - Chelsea frá tímabilinu 96/97.
**21.30 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**22.30 4 4 2**
**23.55 Coca Cola mörkin**
**00.25 West Ham - Bolton**

## SKJÁREINN

**07.00 Innlit / útlit** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.25 Vörutorg**
**17.25 7th Heaven** (e)
**18.15 Dr. Phil**
**19.00 Dýravinir** (e)
**19.30 Game tíví** (6:12) Að þessu sinni verður kíkt í heimsókn hjá „frægum" Íslendingi og leikjaaðstaða hans könnuð. PSP myndavélin er skoðuð, Football Manager gagnrýndur og margt fleira.
**20.00 Rules of Engagement** (2:7) Bráðfyndin gamanþáttaröð um skrautlegan vinahóp með ólíkar skoðanir á ástinni og samböndum. Audrey heldur dýra afmælisveilsu fyrir Jeff sem er ekki sáttur við slíkt bruðl. Hann vill þó ekki reita hana til reiði svo hann fái örugglega leynilegu „afmælisgjöfina" sem hann fær á hverju ári.
**20.30 30 Rock** (8:21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Liz er búin að fá nóg af kærastanum og fer að leita á ný mið. Ástin er einnig að vefjast fyrir Jack sem kemst að því að það eru ýmsir gallar við það að deita háttsetta konu í ríkisstjórn Bush.
**21.00 House** (10:24) House þarf að taka sína stærstu ákvörðun eftir að Wilson gerir samkomulag við lögreglumanninn Tritter. Á meðan berst dvergvaxin stúlka með risavaxið vandamál fyrir lífi sínu.
▶**22.00 C.S.I. Miami** (2:24) Lögreglumaður er myrtur en mikilvæg sönnunargögn glatast þegar Calleigh er þvinguð út af veginum og ofan í vatn. Nú þarf rannsóknardeildin að finna ný sönnunargögn til að koma morðingja bak við lás og slá.
**23.00 Fyrstu skrefin**
**23.25 Silvía Nótt**
**23.50 America's Next Top Model** (e)
**00.50 Backpackers** (e)
**01.20 C.S.I.**
**02.10 Vörutorg**
**03.10 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.15

### Ítalíuævintýri Jóa Fel



Í Ítalíuævintýri Jóa Fel í kvöld fer Jói til Grosetto þar sem hann skoðaði ólífuakra, tíndi ólífur með eigandanum og fór með þær í pressun. Í Brescia heimsótti hann Medecimi-fjölskylduna sem rekur stærstu parmesan-ostagerð á Ítalíu og fylgdist með öllu ferlinu á ostinum; þegar mjólkin er soðin, osturinn mótaður og svo þegar osturinn fer í geymsluferlið sem tekur allt að tvö ár. Í geymslunni voru 200 þúsund parmesan-dekk. Í lokin heimsótti hann veitingastaðinn Kaffe Ítalía við Gardavatn.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### 07/08 bíó leikhús

### Sjónvarpið kl. 21.00



Í þættinum í kvöld ræðir Þorsteinn J. við Hilmar Oddsson og Ólaf Rögnvaldsson um nýja heimildarmynd um listamanninn Dieter Roth. Elsa María fjallar um nýtt leikrit, rætt verður við Þórhall Sigurðsson leikstjóra sem stýrir barnastarfinu í Kúlunni í Þjóðleikhúsinu, skoðuð 30 tonn af filmum frá Ráðstjórnarríkjunum sem Kvikmyndasafni Íslands voru gefin og Andrea Róbertsdóttir fer á vettvang þar sem verið er að taka upp áramótaskaup Sjónvarpsins.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Hversdagshöllin
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Með á nótunum
**22.10** Veðurfregnir
**22.15** Útvarpsleikhúsið
**23.24** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**17.30 Skífulistinn**
**18.20 Fréttir**
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Bestu Strákarnir**

▶ **20.25 Arrested Development 3** Óborganlegir gamanþættir með mörgum af helstu gamanleikurum heims. Þættirnir fjalla um rugluðustu fjölskyldu Bandaríkjanna og þó víðar væri leitað. Þú veist aldrei á hverju þú átt von frá þessum hóp. 2005.

**20.50 Talk Show With Spike Feresten** Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti. Gestirnir munu taka þátt í alls kyns grínatriðum sem fær áhorfandann til að veltast um af hlátri.

**21.15 Tru Calling** (1:6) Dularfullir og spennandi þættir um unga konu sem hefur einstaka hæfileika. Hún getur átt samskipti við fórnarlömb morða og slysa og komið í veg fyrir að örlög þeirra nái fram að ganga. Ungstjarnan Eliza Dushku er hér í hlutverki Tru en hún sló í gegn í þáttaröðinni Buffy the Vampire Slayer. 2005.

**22.00 Grey´s Anatomy** (2:22)
**22.45 Big Love** (11:12)
**23.30 Ghost Whisperer**
**00.15 Windfall** (8:13) (e)
**01.00 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Ingvi Hrafn Jónsson skoðar málefni landans frá Florida og ræðir við gesti í myndveri ÍNN.

**20.30 Óhreinu börnin hennar Evu** Kolfinna Baldvinsdóttir sviptir hulunni af „þessu fólki", fólkinu sem við viljum helst ekkert vita af.

**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen fær til sín gesti, sem hafa reynt sitt lítið af hverju og sumir hreinlega breytt um líferni.

## DR 1

**11.35** Aftenshowet **12.25** Mød partierne **12.30** Aftenshowet 2. del **12.50** Hvad er det værd **13.20** Lær - på livet løs **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Liga **15.00** Boogie Update **15.30** Den usynlige mus **15.35** Frikvarter **16.00** Brødrene Løvehjerte **16.30** Solens børn i Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** VQ - Videnskabsquiz **19.30** OCD eksperimentet **20.00** TV Avisen **20.25** Task Force **21.15** SportNyt **21.20** Mød partierne **21.25** En særlig sag **23.00** Liga **23.45** Boogie Update **0.15** Musikprogrammet

## NRK 1

**8.55** Frokost-tv **11.00** NRK nyheter **11.15** Migrapolis **11.45** Spekter **12.40** 'Allo, 'Allo! **13.05** Vinbaronen **13.50** Creature Comforts: hvordan har vi det? **14.00** Fabrikken **14.30** Guttegærne jenter **14.50** Grusomme grøss **15.00** Erstatterne **15.25** Kid Paddle **15.35** Ninjaskolen **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Jan i naturen **16.35** Mánáid-TV - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Pipalina **17.05** Uhu **17.35** Magga og Lille-Bobs **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 90-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen **21.30** Hjemme hos Bye & Rønning **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Urix **22.50** Columbo **0.20** Kulturnytt **0.30** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.35** Vilda västern på finska **14.30** Mitt i naturen **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** Karamelli **16.30** Pi **16.45** Sagoträdet **17.00** BoliBompa **17.25** Pingu **17.30** Expedition vildmark **18.00** Bobster **18.15** Bobster **18.30** Rapport **19.00** Tre Kronor live: Karjala Cup **19.30** Niklas mat **20.00** Tre Kronor live: Karjala Cup **21.00** Argument **22.00** Rapport **22.10** Kulturnyheterna **22.20** Uppdrag Granskning **23.20** Skild! **23.50** Out of Practice


50%
AFSLÁTTUR
Á DREIFIMIÐUM &
SMÁBÆKLINGUM
Í NÓVEMBER

Verðdæmi:
1/3 A4 dreifimiðar 1000stk
verð aðeins 12.730kr án vsk.

VERÐ ÁN VSK

Brotnir smábæklingar 2 fletir 1000stk
verð aðeins 20.140kr án vsk.




Hefur þú skoðað
nýja vörulistann okkar
og www.prentun.com?

SMELLTU Á
WWW.PRENTUN.COM
KÍKTU VIÐ HJÁ OKKUR Í
ÁRMÚLA 34

EÐA HRINGDU Í SÍMA
527 6500

prentun.com
EINFALT OG ÁRANGURSRÍKT

## MORGUNMATURINN



*„Þegar ég er ekki á Herbalife finnst mér langbest að fá mér ristað brauð með osti, og annað hvort kaffi eða te með.“*

Ragnheiður Gröndal söngkona

# Nylon rekur umboðsmanninn sinn

Stúlknasveitin Nylon hefur rekið umboðsmann sinn, Martin O‘Shea, en hann hefur séð um öll mál sveitarinnar í Bretlandi. Þetta staðfestir Alma Guðmundsdóttir. Ástæðan mun vera óánægja með störf O‘Shea upp á síðkastið og var myndbandið við Sweet Dreams dropinn sem fyllti mælinn. „Það er kannski ekkert leyndarmál að við vorum mjög sárar út í hann fyrir það. Myndbandið var allt á hans snærum og í okkar augum leit það meira út fyrir að vera heimagert en unnið af fagmönnum,“ útskýrir Alma. „Hann gerði vissulega ýmislegt vel en svo var annað sem var ekki alveg í samræmi við okkar kröfur,“ bætir hún við.

En Alma viðurkennir líka að aðrar dyr hafi opnast sem hugsanlega hafi flýtt fyrir þessari ákvörðun. Einar Bárðarson, skapari Nylon og útgefandi sveitarinnar í Bretlandi, er nú kominn með sína eigin umboðsskrifstofu í Bretlandi og viðræður um að hann taki Nylon-stúlkur að sér þar úti eru þegar hafnar.

Þegar Fréttablaðið náði tali af Ölmu var hún stödd á miðri æfingu með þeim Klöru Ósk og Steinunni Camillu en Nylon kemur fram á eldhúspartíi útvarpsstöðvarinnar FM 957 í kvöld. Þá sem tríó en eins og alþjóð veit sagði Emilía Klara skilið við sveitina í sumar. „Okkur líkar þetta bara vel, við höfum verið að útfæra hlutina á annan hátt og þetta hefur tekið sinn tíma,“ segir Alma. **- fgg**



**ÁN UMBOÐSMANNS** Nylon-stúlkurnar urðu sárar eftir Sweet Dreams-myndbandið og ráku umboðsmann sinn.



**LÁRÉTT**
**2.** gól **6.** klafi **8.** spíra **9.** gogg **11.** hvort **12.** sannfæringar **14.** líkamshluti **16.** samtök **17.** fæða **18.** niður **20.** tveir eins **21.** sóða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** grobb **3.** í röð **4.** einangrunarefni **5.** útdeildi **7.** baðkar **10.** rotnun **13.** angra **15.** svall **16.** flana **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gagg, **6.** ok, **8.** ála, **9.** nef, **11.** ef, **12.** trúar, **14.** limur, **16.** aa, **17.** ala, **18.** suð, **20.** ll, **21.** agða.

**LÓÐRÉTT: 1.** mont, **3.** aá, **4.** glerull, **5.** gaf, **7.** kerlaug, **10.** fúi, **13.** ama, **15.** rall, **16.** asa, **19.** ðð.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Heba Þórisdóttir.
2. Istorrent.
3. Liverpool.

Gefðu vatn
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

NÆTURVAKTIN: ÁKVEÐIÐ AÐ RÁÐAST Í GERÐ FRAMHALDSÞÁTTARAÐAR

# Dagvaktin sýnd næsta haust

Næturvaktin á Stöð 2 hefur sannarlega slegið í gegn að undanförnu og fékk á dögunum þrjár tilnefningar til Edduverðlauna, fleiri en nokkur annar sjónvarpsþáttur. Tilnefningarnar eru fyrir handrit ársins, besta leikna sjónvarpsefnið og Pétur Jóhann Sigfússon fær tilnefningu fyrir leik í aðalhlutverki. Það ætti því að vera gleðiefni fyrir marga að nú hefur verið ákveðið að ráðast í gerð framhaldsþáttaraðar sem fengið hefur nafnið Dagvaktin og verður tekin upp úti á landi. Pétur Jóhann, Jón Gnarr og Jörundur Ragnarsson leika aðalhlutverkin sem fyrr og Ragnar Bragason leikstýrir.

„Við erum himinlifandi yfir því að vera búnir að ná þessu saman,“ segir Pálmi Guðmundsson, sjónvarpsstjóri Stöðvar 2. „Nú hefst undirbúningur af fullum krafti, tökur hefjast í ársbyrjun og við munum leggja enn meiri metnað í þessa nýju seríu.“ Jón Gnarr segir blendnar tilfinningar fylgja því að leika hinn mislynda Georg Bjarnfreðarson að nýju og segist hafa hugsað sig vel um áður en hann samþykkti að vera með í Dagvaktinni. „Ég get ekki sagt að ég hlakki til að leika hann aftur en það verður gaman þegar það er búið. Ég var lagður inn á spítala eftir að tökum á Næturvaktinni lauk – varð bókstaflega veikur af að leika hann. Þetta var mjög mikið álag,“ segir Jón og bætir því við að það sé líka „útlitslegt álag“ að vera Georg. „Ég þarf að raka á mig skalla og safna skeggi. Það er skömminni skárra að þættirnir verði teknir upp úti á landi. Þá getur maður slakað á.“ Pétur Jóhann segist afslappaðri gagnvart þeirri tilhugsun að leika Ólaf Ragnar að nýju. „Ólafur er léttlyndari karakter en Georg og þar af leiðandi er auðveldara að leika hann.“ Hann segir auk þess óvíst hvort hann þurfi að ganga um með svartar hárlengingar eins og í Næturvaktinni. „Ólafur fylgir tískustraumum og getur breytt um útlit að vild. Hann er Ásgeir Kolbeinsson Næturvaktarinnar og Ásgeir er aldrei tvisvar með sömu greiðsluna.“

Pétur Jóhann segist ekki reikna með því að fá Edduverðlaunin á sunnudag.

„Ég held ekki, ekki ég. En þátturinn fær örugglega verðlaun.“ Þættirnir um dagvaktina verða sýndir á Stöð 2 næsta haust.

**sigrunosk@frettabladid.is**



**NÆTURVAKTIN FER Á DAGVAKT** Leikarar verða þeir sömu og í Næturvaktinni og Ragnar Bragason leikstýrir sem fyrr. Tökur hefjast eftir áramót.



**KVÍÐINN** Jón Gnarr segist ekki hlakka til að leika Georg Bjarnfreðarson að nýju.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Átta fánum sem hljómsveitin Ný dönsk lét sérhanna fyrir sig var stolið á tónleikum hennar á Nasa um síðustu helgi. Fánarnir voru staðsettir víða um salinn og á einhvern dularfullan hátt var þeim stolið áður en ballið var á enda runnið. Stemmningin á ballinu var gríðarlega mikil og voru ófá danssporin stigin á gólfinu. Líklega hefur hinn óprúttni eða hinir óprúttnu aðilar nýtt sér þá staðreynd til hins ýtrasta og laumað inn á sig fánunum á meðan leikar stóðu sem hæst hjá **Birni Jörundi Friðbjörnssyni** og félögum.



Bókatíðindi eiga að berast inn á heimili landsmanna á næstu dögum, eins og margir vita. Færri vita að það er **Anna Rakel Róbertsdóttir**, fyrirsæta, plötusnúður og listnemi, sem hannar kápu þess ágæta rits. Hún er nú á fyrsta ári í Listaháskóla Íslands, þar sem hún stundar nám í grafík. Efnt var til samkeppni í skólanum um hönnun á bókakápu fyrir bæklinginn víðlesna og fór Anna Rakel með sigur af hólmi.



**Páll Magnússon** útvarpsstjóri boðaði starfsfólk í Efstaleiti á fund á Markúsartorgi í gærdag. Tilefni fundarins var að fara yfir stöðu mála í rekstri Ríkisútvarpsins en starfsfólki gafst einnig kostur á að spyrja útvarpsstjóra spjörunum úr. Páll hafði sjálfur frumkvæði að því að ræða um laun sín, en athygli hefur vakið að þau tvöfölduðust við ohf-un Ríkisútvarpsins. Hann sagðist ekki skammast sín fyrir að þiggja um 1,5 milljónir í grunnlaun og sagði að fréttaflutningur af kjaramálum sínum sýndi einungis að fjölmiðlar 365 væru að þóknast eigendum sínum. Starfsmenn spurðu í kjölfarið hvort þeir mættu eiga von á víðlíka kjarabótum í komandi kjarasamningum en engin skýr svör fengust um það frá útvarpsstjóra.



**-fb/sun/hdm**

FISKBÚÐIN HAFBERG
Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.
Opið 10-18:15 laugardaga 11-14.
NÝR TÚNFISKUR ófrosinn • RISARÆKJUR
LÚÐA • SKÖTUSELUR • HÖRPUSKEL
og fiskréttir í sparifötum



# Rúnar Júl til Jamaíka

„Ég er að uppfæra mig í tónlistinni,“ segir tónlistarmaðurinn Rúnar Júlíusson glaður í bragði en hann er á leið til Jamaíka í febrúar ásamt eiginkonu sinni og vinafólki í leit að innblæstri eins og hann orðar það sjálfur. „Ég fór þangað í brúðkaupsferð í fyrra og er því að fara í mína aðra ferð á þessar slóðir. Þarna ætla ég bæði að semja nýtt efni og taka upp,“ segir hann og bætir því við að honum séu flestir vegir færir í þeim efnum með tölvuna meðferðis.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Rúnar leitar að innblæstri út fyrir landsteinana. „Við Bubbi fórum alltaf til Amsterdam þegar við vorum að vinna að efni fyrir GCD hérna einu sinni.“ Hann segir Jamaíka vera tilvalið land að heimsækja í þessum erindagjörðum. „Þarna er jafnvægi í tilverunni, gott loftslag, góð músík, matur, fílingur og brosmilt fólk,“ segir hann og útilokar ekki samstarf við heimamenn. „Maður veit aldrei, það kemur þá bara í ljós. Ég er ekki búinn að plana neitt slíkt en ég hef náttúrlega verið dálítið í reggítónlist undanfarin ár og jafnvel áratugi.“

Rúnar segist rétt vera byrjaður að undirbúa ferðina enda er hann „nýlentur“ eftir stórtónleika sína í Laugardalshöllinni. „Nú tekur jólavertíðin við,“ segir Rúnar en plötuútgáfa hans Geimsteinn gefur út átta plötur í ár og á morgun kemur út hans fyrsta jólaplata í þrjátíu ár, þar sem hann syngur með kammerkórnum Schola Cantorum. **- sók**



**REGGÍMAÐUR** Rúnar Júlíusson segist hafa verið í reggítónlist í marga áratugi. Hann ætlar til Jamaíka í febrúar að semja tónlist.



Ég skemmti mér um jólin
Frábær plata sem kemur þér í rétta jólaskapið
11 vinsæl jólalög - Ólafur Gaukur útsetti
1. Eins og jólasveinn
2. Með hátíðarljóma
3. Jólin koma
4. Malt og appelsín
5. Silfurtón
6. Syngjum öll
7. Skemmtilegt um jólin
8. Litla jólabarn
9. Hvít jól
10. Jólakvöld
11. Jólin alls staðar
Guðrún Gunnars & Friðrik Ómar
Sprengjuhöllin
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR
SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



BAKÞANKAR
Dr. Gunna

# Vakning neytenda

Neytendamál hafa mikið verið í fréttum síðustu vikur. Jafnvel má vona að einhvers konar vakning sé að eiga sér stað hjá landsmönnum. Þeir eru búnir að fá nóg og láta ekki tudda svona á sér lengur. Alltof lengi höfum við látið traðka á okkur með okri og tuddaskap og getum engu öðru kennt um en eigin sinnuleysi.

**NÚ** er mál að þessu ömurlega tímabili ljúki og verðlag á Íslandi verði samanburðarhæft við nágrannalönd – eða að minnsta kosti að hér kosti hlutirnir „bara“ 20-30 prósent meira en annars staðar (hægt er að kenna því um hvað við erum afskekkt), en ekki 100 prósent meira og yfir eins og það er alltof oft. Við erum ekki einangruð og heimsk. Við höfum internetið og getum séð hvað hlutirnir kosta annars staðar. Mér líst líka vel á viðskiptaráðherrann þótt reyndar eigi eftir að koma í ljóst hvort hugur fylgi máli hjá honum.

**TVENNT** gæti þó stöðvað vakningu neytenda. Jólin eru á næsta leiti, geðsýktasti kaupæðistími ársins. Auglýsingaflóðið er handan við hornið og fyrr en varir láta landsmenn hneppa sig í vef eyðslunnar sem snýr svo hratt og kirfilega upp á sig að í febrúar verðum við – ef við höldum ekki vöku okkar – enn einu sinni með svíðandi bakreikninga og uppgufaðar vonir um okurlaust samfélag.

**HITT** babbið í bátnum er hræðsla fólks við að vera leiðinlegt. Stærsta synd nútímans, fyrir utan það að vera of feitur, er að vera leiðinlegur. Það er stranglega bannað að vera leiðinlegur. Það er til dæmis alltaf auglýst eftir hressu fólki í atvinnuauglýsingum, aldrei eftir leiðinlegu fólki. Og það að standa fast á sínu þykir eins konar afbrigði af því að vera leiðinlegur.

**EINS** og dæmin sanna eru matvöruverslanir fullar af lygum og okurgildrum. Til að láta ekki taka sig í bakaríið þar þurfa neytendur að vera gríðarlega „leiðinlegir“. Fylgjast með uppgefnu verði og gera úr því mál við kassann ef misræmi er í kassaverði og hilluverði. Þetta skapar gríðarleg „leiðindi“ en verður vonandi til þess á endanum að verslanir fari að haga sér almennilega. Verum því fyrir alla muni sem „leiðinlegust“, þótt það kosti andvörp annarra við kassann, þangað til okrarar hætta að vera leiðinlegir við okkur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 8. nóvember, 312. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 9.32 | 13.11 | 16.50 |
| Akureyri | 9.29 | 12.56 | 16.23 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

